

FÉKK HLÁTURSKAST ÞEGAR VIÐ UNNUM

Óskar Páll Sveinsson er eini Íslendingurinn sem hefur unnið Eurovision.



36

ÆGIR SKER EKKI Á TRYGGÐABÖNDIN

Ulf M. Berthelsen hættir sem skipstjóri á Vædderen



38

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. febrúar 2008 – 53. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



AÐ BJARGA EINU BARNI

Njörður P. Njarðvík og eiginkona hans Bera Þórisdóttir hafa unnið mikið mannúðarstarf í Tógó þar sem þau settu á fót samtökin SPES.

HELGAREFNI 28&30

Styrkir úr Tónlistarsjóði

Íslenskt tónlistarlíf nýtur góðs af innspýtingu fjármagns til útrásar og annarra verkefna.

MENNING 46

HÚS&HEIMILI



VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULOFT Í dag verður austan og síðar norðaustan átt, yfirleitt 8-15 m/s, hvassast syðra. Rigning eða slydda allra syðst en snjócoma til landsins. Úrkomullitið norðan til í fyrstu en snjócoma eða él síðdegis.

VEÐUR 4

Ættingjar fá bætur látinna vistmanna

Breiðavíkursamtökin vilja að ættingjar þeirra 33 Breiðavíkurdrengja sem látnir eru fá sömu bætur og verða dæmdar þeim sem eru á lífi.

BREIÐAVÍK „Við viljum að allir sem voru vistaðir í Breiðavík fái greiddar skaðabætur. Það er klárt að séu menn látnir á upphæðin að renna til afkomenda þeirra,“ segir Georg Viðar Björnsson, formaður Breiðavíkursamtakanna, en af þeim 158 drengjum sem vistaðir voru á heimilinu eru 33 látnir.

„Breiðavíkurstyrkarnir ætla að standa vörð um réttindi þeirra sem látnir eru og barna þeirra,“ segir Óli Svend Styff, sem einnig dvaldi í Breiðavík á barnsaldri.

Páll Rúnar Elísson, einn Breiðavíkurdrengjanna, segir skýrsluna hafa gríðarlega mikla þýðingu fyrir sig þar sem í henni felist viðurkenning á þeim brotum sem hann varð fyrir sem barn. Hann segir þá niðurstöðu nefndarinnar að Breiðavíkurdrengir eigi rétt á bótum einnig mikla viðurkenningu. „Ég sakna þess hins vegar að sjá ekki sérstaklega fjallað um þann missi sem við urðum fyrir í tengslum við menntun á heimilinu,“ segir Páll. Hann segir flesta drengjanna aðeins hafa átt kost á

láglaunastörfum vegna þess hve takmarkaða menntun þeir höfðu eftir veruna á Breiðavík.

Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður, sem mikið hefur starfað á sviði skaðabótaréttar, segir ólíklegt að erfingjar þeirra sem voru á Breiðavík en eru nú látnir geti fengið bætur sé miðað við almenn skaðabótalög. „Þetta er samt mjög sérstakt mál og um það verður sett sérstök löggjöf. Mér þykir þó mjög langsótt að erfingi geti gert tilkall til bóttanna.“

- kdk/ sjá síðu 6



Í **BOLTABÆÐI** Krakkarnir í Öskjuhlíðarskóla kunna vel að meta nýja skynörvunaraðstöðu skólans. Um er að ræða sérstakt boltabæði sem komið var upp fyrir gjafafé sem skólanum barst frá Spítalásjóði Hringings.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óljóst hvort Danir eru á bak við stóra eignarhluti í FL Group, Exista og Spron:

Danske bank stór hluthafi

VIÐSKIPTI „Danske bank er meira en velkominn í hóp okkar hluthafa,“ segir Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group.

Danske bank er skráður fyrir 1,1 prósent hlut í félaginu. Einnig er riflega tveggja prósent hlutur í Exista í nafni bankans. Það gerir Danske bank að tíunda stærsta hluthafanum í Exista. Þá er Danske bank einnig tíundi stærsti hluthafinn í SPRON, með tveggja prósent hlut.

Viðskiptin fóru fram í vikunni en upplýsingar um þau komu fram í gær.

Júlíus Þorfinnsson segir að ekki liggi fyrir hvort

Danske bank eigi hlutinn í FL Group sjálfur, eða hvort hann sé keyptur fyrir viðskiptavini bankans. „Þetta er ekki það stór hlutur að við sjáum ástæðu til að rannsaka það sérstaklega.“

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvort bankinn sjálfur standi á bak við eignina í hinum félögunum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru eignarhlutir í nafni Danske bank þó ekki komnir til vegna tilfærslna; það er að raunverulegir eigendur bréfanna hafi einfaldlega skipt um banka.

Greiningardeild Danske bank hefur oft lýst efasemdum um íslenskt fjármálalíf og -fyrirtæki.

- ikh



FRAMTÍÐIN Teikningar af innviðum World Trade Center sem rísa mun í Reykjavík.

Uppbygging á hafnarbakka: World Trade Center á Íslandi

SKIPULAGSMÁL World Trade Center rís á hafnarbakkanum í Reykjavík. Reyndar ekki tveir risastórir turnar eins og þeir sem hrundu í New York, heldur World Trade Center Reykjavík, 16.000 fermetra viðskiptamiðstöð. Byggingar World Trade Center er að finna í þrjú hundruð borgum í nálægt eitt hundruð löndum. Húsið verður kennt við World Trade Center en stærstur hluti þess verður leigður út til ýmissa aðila.

Viðskiptamiðstöðin er hönnuð af sömu aðilum og hönnuðu Nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið og hótelið. World Trade Center Reykjavík verður tekið í notkun árið 2010 eða 2011.

-glh/ sjá síðu 58

Dýrt að reka jeppa: Verðryrnun mest fyrsta árið

BÍLAR Rekstrarkostnaður jeppa sem keyptur er nýr getur farið yfir tvær milljónir króna árlega samkvæmt nýjum útreikningi Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Eldsneytiseyðsla, viðhald, skattar, tryggingar, verðmætatap og vextir eru grunnur þessara kostnaðar-reikninga en við útreikninga er stuðst við bíl sem kostar 5.800.000 krónur.

Þyngst vegur kostnaður vegna notkunar og verðryrnunar en bifreiðar falla hlutfallslega meira í verði fyrsta árið en næstu tvö til þrjú árin þar á eftir, verðfall á milli ára eykst oft aftur þegar bifreið er orðin meira en fjögur ára.

sja Allt í miðju blaðsins

Nýjar 1 lítra umbúðir



Kempudagur í smáauglýsingunum

18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.

Er ekki kominn tími á vörhreiðingunni? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í síma 512 5000 og seldu gamla dótíu með litilli fyrirhöfn.



Allt sem þú þarft – alla daga

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notaðum bílum

Kletthálsi 11 | www.bilathing.is

SPURNING DAGSINS



Ólöf, lumid þið á einhverjum skyndilausnum?

„Nei, það eru engar snöggsóðnar lausnir við þessu.“

Erlendir ferðamenn eru óánægðir með íslenska skyndibitastaði. Ólöf Yrre Atladóttir er ferðamálastjóri.

Baugsmálið í Hæstarétti:

Aðalmeðferð um miðjan maí

BAUGSMÁL Allt bendir til þess að aðalmeðferð í Baugsmálinu hefjist í Hæstarétti miðvikudaginn 14. maí, og að dómur falli fyrir miðjan júní.



Tveir dómur féllu í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í maí og júní á síðasta ári og mun Hæstiréttur fjalla um þá saman.

Dagsetningin hefur ekki verið formlega ákveðin. Verjendur hafa enn um tvær vikur til að skila greinargerðum í málinu, segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Þegar þeim hefur verið skilað verður dagsetningin formlega ákveðin.

Sakborningarnir þrjú fengu þriggja og tólf mánaða skilorðsbundna dóma í héraðsdómi. - bj

Ólvaður á bíl frá fyrirtækinu:

Bíltúrnum lauk í trjágróðri

LÖGREGLUMÁL Bifreið sem ekið var eftir göngustíg í Árbæ aðfaranótt föstudags endaði í trjágróðri.

Ökumaðurinn, karlmaður á þrítugsaldri, flúði af vettvangi en var handtekinn skömmu síðar. Kom þá í ljós að hann var á bíl frá fyrirtæki sem hann vinnur hjá. Er hann grunaður um ölvunar-akstur. Var maðurinn fluttur á lögrelustöð þar sem hann fékk að sofa úr sér vímunu og var hann yfirheyrður í framhaldinu. Engin slys urðu á fólki. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ök á ljósastaur í Hamraborg

Ökumaður fólksbifreiðar var fluttur á slysadeild eftir að hann ök bíl sínum á ljósastaur í Hamraborg í Kópavogi laust fyrir hálf átta á fimmtudagskvöldið. Billinn er mikið skemmdur.

Gestir á tónleikum gegn kynþáttafordómum fengu óvænta sendingu í lokin:

Sektaðir á Bubbatónleikum

LÖGREGLA Gestir á tónleikum sem Bubbi Morthens stóð fyrir í Austurbæ á miðvikudagskvöld fengu sumir óþægileg skilaboð í lokin. Á að minnsta kosti níu bílum voru innheimtumíðar frá Bílastæðasjóði vegna stöðubrota.

„Við erum alls ekki að reyna að eltast við fólk eða viðburði en það er okkar hlutverk að framfylgja lögum, fólk á að vita þetta,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.

Flestir bílarnir sem fengu stöðubrotsgjald voru að sögn Kolbrúnar á Njálsgötu og Snorrabraut. „Þessir bílar voru uppi á gangstéttum, undir bannmerkjum eða í stæði fyrir fatlaða. Fólk heldur kannski ekki að þeir fari ekki út á kvöldin,“ segir Kolbrún, sem kveðst undrandi yfir því hversu margir lögðu ólöglega.

„Það er ekki gjaldskylda á kvöldin og það er tölvuvert af stæðum við Austurbæ sem dugðu á meðan það var búið í húsinu.“ Gjaldið sem þarf að greiða fyrir að



BUBBI OG GEIR HAARDE Hjá nokkrum gestanna á tónleikumum lauk skemmtuninni með stöðubrotsgjaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

leggja ólöglega er 2.500 krónur en menn sleppa þó með 1.950 krónur ef greitt er innan þriggja daga. Kolbrún segir hugsanlega að fleiri bætist við áður nefnda níu bíla því lögreglan hafi líka verið á vettvangi og eigi eftir að skila af sér til bílastæðasjóðs. - gar

Umboðsmaður krefur Vilhjálmsvara um REI

Hugsanlegt er að útspil Gísla Marteins Baldurssonar verði til þess að Vilhjálmur P. Vilhjálmsson ákveði að taka við borgarstjórnastólnum. Umboðsmaður Alþingis sendir Vilhjálmi nýjar spurningar um REI-málið eftir helgi.

STJÓRN MÁL Umboðsmaður Alþingis mun eftir helgi senda borgarstjórn Reykjavíkur bréf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, meðal annars krafinn svara við nýjum spurningum í tengslum við REI-málið.

Miklar vangaveltur hafa verið um framtíð og stöðu Vilhjálms inni í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í gærkvöldi að hann hygðist taka við borgarstjórastarfinu að ári. Heimildir Fréttablaðsins herma að ekkert sé öruggt í þessum efnum. Vilhjálmur hafi um síðustu helgi verið búinn að ákveða að taka ekki borgarstjórnastólinn og á fundi á heimili sínu á miðvikudaginn hafi hann enn verið sama sinnis.

Staðan í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðismanna er flókin. Hún varð enn flóknari eftir að Gísli Marteinn Baldursson tilkynnti að hann hefði hug á oddvita-stöðunni færi Vilhjálmur frá. Fram að því var Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem varð í öðru sæti í prófkjöri flokksins og nýtur dyggs staðfestingar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur varaformanns flokksins, almennt talin sú sem myndi taka við. Ef ekki hefði komið til útspils Gísla Marteins hefði verið erfitt fyrir Vilhjálmi að standa gegn því að Hanna Birna tæki við af honum.

Staðan er hins vegar önnur núna. Samkvæmt heimildum telur Vilhjálmur borgarstjórnarflokkinn ekki í stöðu til þess að standa í kosningabaráttu um framtíðarleiðtoga á þessari stundu, það geti leitt til enn meiri sundrunar og því sé jafnvel heillavænlegast að hann sjálfur haldi sínu striki og verði borgarstjóri eftir ár. Stuðningsmenn Vilhjálms og fjölskylda hans hafa mjög þrýst á að þetta verði niðurstaðan. Samkvæmt heimildum blaðsins munu einnig ákveðnir borgarfulltrúar sætta sig við óbreytt ástand. Það eru borgarfulltrúar sem vilja ekki að Hanna Birna fái tækifæri til að festa sig í sessi sem oddviti því þeir hyggjast sjálfir sækjast eftir oddvitatöðunni fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Heimildir blaðsins herma að borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna mun funda um þetta mál um helgina. Líklegt er að Geir H. Haarde, formaður flokksins, muni á einhvern hátt koma að málinu.



VILHJÁLmur P. VILHJÁLMSson Svo gæti verið að útspil Gísla Marteins Baldurssonar gæti orðið til þess að Vilhjálmur P. Vilhjálmsson ákveði að taka við borgarstjórnastólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Egill Helgason hefur boðið Vilhjálmi P. Vilhjálmsyni að koma í Silfur Egils í Sjóvarpinu á sunnudaginn.

EKKI náðist í Vilhjálmi í gær, Gísli Marteinn Baldursson eða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.

trausti@frettabladid.is

Sleppt úr gæsluvarðhaldi:

Framlengingu varðhalds hafnað

LÖGREGLUMÁL Bræður sem grunaðir eru um að hafa flutt yfir fimm kíló af fíkniefnum til landsins hefur verið sleppt úr gæsluvarðhaldi. Þeir hafa setið í varðhaldi síðan í janúar en tveir aðrir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins. Lögreglan á Suðurnesjum fór fram á framlengingu á gæsluvarðhaldi vegna almannahagsmuna sem dómari hafnaði. Hefur lögregla kært þann úrskurð.

Efnin komu með hraðsendingu frá Þýskalandi í nóvember í fyrra. Einn þeirra sem sitja áfram í varðhaldi er starfsmaður hraðsendingarþjónustunnar. - shá



OBAMA OG CLINTON Obama þótti standa sig betur í sjónvarpseinvíginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einvígi frambjóðendanna:

Sneri baulinu upp í fögnuð

BANDARÍKIN, AP Barack Obama þótti standa sig betur í sjónvarpseinvígi þeirra Hillary Clinton á fimmtudagskvöld.

Hún sakaði hann um pólitískan ritstuld og sagði hann froðusnakk, en uppskar fyrir viknið sjálf ekkert annað en baul frá áhorfendum í sjónvarpssal.

Obama sneri síðan baulinu upp í fagnaðarlæti þegar hann sagði: „Við ættum ekki að eyða tímanum í að rífa hvort annað niður. Við ættum að verja tímanum í að efla landið okkar.“

Einvígi á fimmtudag var það síðasta milli þeirra fyrir forkosningarnar í Ohio og Texas þriðjudaginn 4. mars, þegar Clinton fær síðasta tækifæri sitt til að ná upp forskoti Obamas í prófkjörsbaráttu Demókrataflokksins. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ök undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi handtók ungan ökumann um klukkan hálf fjögur aðfaranótt föstudagsins grunaðan um akstur undir áhrifum fíkniefna. Var maðurinn stöðvaður rétt norðan við Borgarnes á leið til Reykjavíkur. Málið er í rannsókn.

Serbar halda ótrauðir áfram mótmælum sínum vegna sjálfstæðis Kosovo:

Átök við lögreglu í Mitrovica

KOSOVO, AP Þúsundir Serba réðust á lögreglu Sameinuðu þjóðanna á brú sem skilur á milli hverfa Serba og Albana í bænum Mitrovica í Kosovo. Serbar hafa daglega efnt til mótmæla í Kosovo og Serbíu síðan Kosovo lýsti yfir sjálfstæði í byrjun vikunnar.

Kvöldið áður höfðu þúsundir manna mótmælt í Belgrad, höfuðborg Serbíu, og var kveikt í sendiráði Bandaríkjanna þar í borg. Evrópusambandið fordæmdi atburðinn og sagði stjórnvöld í hverju landi hafa þá skyldu að vernda sendiráð erlendra ríkja.

Boris Tadic, forseti Serbíu, segir að óeirðir á borð við þessar megi aldrei verða aftur. Hann vill kalla saman neyðarfund í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna málsins.

„Það er ekkert sem réttlætir ofbeldið. Enginn getur réttlætt það sem gerðist í gær,“ sagði hann.

Hashim Thaci, forsætisráðherra hins nýja ríkis Kosovo, fordæmdi einnig árásirnar á sendiráðið og óeirðirnar síðustu daga, sagði þær minna á tímum þegar Slobodan Milosevic var við völd í Serbíu og þar áður Júgóslavíu.

Hann sagðist þó sannfærður um að friðargæslulið NATO og víðtæk viðurkenning á sjálfstæði Kosovo gæti tryggt öryggi í landinu. - gb

SENDIRÁÐIÐ BRENNUR Forsætisráðherra Serbíu sagði ekkert réttlæta ofbeldið. NORDICPHOTOS/APP



Spennandi helgarsteik



2.798 kr.

Nóatún mælir með

Lambakóróna að hætti Grikkja

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ

Konu-
dagurinn...
...er á morgun

2 fyrir 1 fyrir 1

2 fyrir 1
í bíó

...FYLGIR ÖLLUM
BLÓMUM UM HELGINA

Segðu það

með blómum

2 fyrir 1 bíomiði á hina frábæru
rómantísku mynd *P.S I love you*
fylgir öllum blómum um helgina
í Keflavík, Akureyri og Reykjavík

Meðan birgðir endast

Veldu Konudagsvöndinn
á blomaval.is

15stk
túlípanar
999

...OG BELGÍSKT GÆÐA-
SÚKKULADI FYLGIR
MEÐ.


blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	66,76 67,08
Sterlingspund	131,22 131,86
Evra	98,99 99,55
Dönsk króna	13,277 13,355
Norsk króna	12,544 12,618
Sænsk króna	10,636 10,698
Japanskt jen	0,6232 0,6268

SDR 106,05 106,69

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

130,2087

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Steve Wright í ævilangt fangelsi fyrir morðin í Ipswich fyrir rúmu ári:

Myrti fimm vændiskonur

BRETLAND, AP Steve Wright var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir morð á fimm vændiskonum í borginni Ipswich á Englandi.

Lík kvennanna fimm fundust nakin á afskekktum stöðum í nágrenni Ipswich dagana 2. til 12. desember árið 2006. Hin fyrsta kvennanna hafði horfið í lok október en sú síðasta 7. desember.

Morðin vöktu mikinn óhug meðal borgarbúa. Meira en 500 lögreglumenn leituðu morðingjans vikum saman. Wright, sem er 49 ára, var handtekinn 19. desember.

Wright viðurkenndi við réttarhöldin að hafa haft kynmök við fjórar vændiskonvænna en neitaði að hafa myrt þær. Við rannsókn málanna kom þó í ljós að blóð og fleiri ummerki á vettvangi tengdu hann ótvírátt við morðin.

Wright sýndi engin svipbrigði þegar úrskurðurinn



FÓRNARLÖMBIN Gemma Adams, Tania Nichol, Anneli Alderton, Paula Clennell og Annette Nichols.

var kveðinn upp í gær. Robert Sadd, talsmaður saksóknara, sagði að væntanlega fengjust aldrei frá honum skýringar á því hvers vegna hann myrti konurnar. Keith Wright, bróðir hins sakfellda, sagðist hessa á því hve skamman tíma réttarhöldin hefðu tekið: „Ég hefði haldið að enn væri nóg af vafaatriðum eftir.“

Rúmlega fertugur karlmaður: Tíu mánuði fyrir ýmis brot

DÓMSMÁL Karlmaður var sakfelldur í Hæstarétti á fimmtudaginn fyrir tvö þjófnaðarbrot, hlymgingu, nytjástuld, þrjú fíkniefnabrot og fyrir að hafa í tvígang ekið bíl án réttinda. Var maðurinn sýknaður af ákæru vegna innbrots í félagi við tvo aðra og vegna aksturs án réttinda og undir áhrifum fíkniefna.

Maðurinn hefur áður hlotið rúma þrjátíu dóma. Þótti hæfileg refsing hans tíu mánaða fangelsi en með því mildar Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá fjórða desember síðastliðnum um tvo mánuði.

Slökkvilið kallað að Select: Eldglæringar á vetnisstöð

LÖGREGLUMÁL Eldglæringar stóðu upp úr reykháfi á vetnisstöð á plani við verslun og bensinstöð Select við Vesturlandsveg um klukkan 20 í gærkvöldi, og var slökkvilið kallað til.

Ekki var talin þörf á því að rýma bensinstöðina þegar að var komið en slökkvilið tryggði vettvanginn. Slökkvilið hafði samband við umsjónarmann vetnisdællunar sem kom fljótt á svæðið. Hann gerði við leka í öryggisventli.



VIÐ LÆKINN Enginn slasaðist við útafaksturinn.

Keyrði út af við Kópavogslæk: Mildri að enginn slasaðist

LÖGREGLUMÁL Mildri var að enginn slasaðist þegar smábíll fór út af Hafnarfjarðarveginum á fjórða tímanum í gær og hafnaði rétt við Kópavogslækinn.

Að sögn slökkviliðs slasaðist enginn í bílnum og var kallað á dráttarbíl til að draga bílinn af vettvangi.

ÁRÉTTING

Í frétt um brennisteinsvetnismengun í gær gætti ónákvæmni um viðmið-unarmörk. Viðmið WHO miðast við sólarhringsmeðaltal mengunarinnar, en sú mengun á Íslandi, sem rætt var um, hefur farið yfir svokallað hálf tíma-gildi. Að öðru leyti stendur fréttin.



BREIÐAVÍK Ríkisstjórnin undirbýr greiðslu miskabóta til þeirra sem voru vistaðir í Breiðavík. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra kemur skaðabótaskýlda ríkisins skýrt fram.

Breiðavíkurdrengir fá bætur frá ríkinu

Ríkisstjórnin undirbýr greiðslu miskabóta til manna sem dvöldust í Breiðavík. Breiðavíkurnefndin telur að líta eigi til skaðabóta sem greiddar voru í Noregi. Prófessor í skaðabótarétti segir miskabætur í Noregi mun hærri en hér.

BREIÐAVÍK Geir H. Haarde forsætisráðherra tilkynnti í gær að ríkisstjórnin myndi hefja undirbúning að lagafrumvarpi um bætur sem greiða á til þeirra manna sem voru vistaðir í Breiðavík á árunum 1952 til 1979. Hann sagði frumvarpið verða í samræmi við tillögur Breiðavíkurnefndarinnar en skýrsla nefndarinnar var formlega kynnt í gær. Í henni kemur skýrt fram að skaðabótaskýlda hafa skapast í málinu vegna þess tjóns sem drengirnir urðu fyrir. Telur nefndin að líta eigi til þess fyrirkomulags sem viðhaft hefur verið í Noregi í skaðabótageiðslum vegna svipaðra mála.

Geir sagði að ekki væri hægt að segja til um hversu háar bætur væri rétt að greiða. Samkvæmt fréttum norska blaðsins Aftenposten af bótageiðslum til fólks sem varð fyrir harðræði á norsk-



GEIR H. HAARDE

um upptökuheimilum var ákveðið að börn sem vistuð voru á heimilum gætu sótt um bætur frá ríki og þeim sveitarfélögum sem sýnt þótti að bæru ábyrgð á vistuninni. Virðast algengustu upphæðir á bótum frá norska ríkinu vera frá 625 þúsund upp í tvær og hálf milljón íslenskra króna, en hámarks bótageiðsla frá norska ríkinu vegna slíkra mála svarar til 3,7 milljóna íslenskra króna. Sveitarfélög í Noregi hafa þó greitt fólki mun hærri bætur eða allt að rúmlega níu milljónum íslenskra króna.

Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður, sem mikið hefur starf-

að á sviði skaðabótaréttar, segir þær upphæðir sem Norðmenn hafa greitt þolendum harðræðis á vistheimilum mun hærri en þær skaðabætur sem greiddar hafa verið hér á landi vegna miska. Hann segir að við mat á upphæð skaðabóta sé litið til andlegs miska sem sýnt þykir að manneskja hafi orðið fyrir. Einnig sé litið til fjárhagslegs tjóns en í máli þeirra manna sem voru börn í Breiðavík sé afar erfitt að meta slíkt vegna þess hve langur tími er liðinn frá því brotin áttu sér stað. Sé miðað við bætur sem þolendur kynferðisofbeldis fá greiddar vegna miska sé ljóst að upphæðirnar séu langt undir þeim bótageiðslum sem Norðmenn hafa borgað. „Mér finnst því líklegast að fundin verði ein ákveðin upphæð sem borguð verði út til allra,“ segir Gylfi.

karen@frettabladid.is

Réttur þeirra látnu: Vill standa vörð um hag allra

BREIÐAVÍK „Okkur ber skylda til að standa vörð um þessa menn og þeirra fjölskyldur,“ segir Óli Svend Styff, sem dvaldi sem barn á Breiðavík, um mikilvægi þess að erfingjar látinna manna sem vistaðir voru á heimilinu sem börn fái greiddar skaðabætur.

Óli segist ánægður með að skýrsla um starfseminu á upptökuheimlinu á árunum 1952 til 1979 sé orðin opinber. „Ég vildi að þetta mál kæmi fram í dagsljósið svo hægt yrði að gæta betur að hag barna samtímans. Það sem þarna gerðist má aldrei endurtaka sig og vona ég að lærdómur verði dreginn af því sem þarna gerðist,“ segir Óli. Hann segir einnig nauðsynlegt að starfsemi fleiri heimila sem rekin voru á vegum ríkis og sveitarfélaga á svipuðum tíma verði könnuð til hlítar og reynt að koma til móts við þau börn sem þar voru vistuð.

Saknar skólamála í skýrslunni: Fóru á mis við alla menntun

BREIÐAVÍK „Þessi skýrsla hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir mig,“ segir Páll Rúnar Elisson sem dvaldi sem barn á Breiðavík árin 1964 til 1967.

Páll segist þó sakna þess að ekki sé sérstaklega tekið fyrir hve mjög drengirnir á heimilinu fóru á mis við alla menntun. Sjálfur þurfti Páll að nema með sjö til átta ára börnum þegar hann losnaði af heimilinu fjórtán ára gamall. Sú reynsla hafi haft gríðarlega niðurbrotandi áhrif á hann en auk þess hafi skortur á menntun orðið til þess að margir Breiðavíkurdrengja áttu aðeins kost á lægst launuðu störfum samfélagsins.

Palomino Yearling 103 fellihýsi Árgerð: 2006

STÖRLÆKKAÐ VERÐ Á NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM

360.000,- kr. AFSLÁTTUR

Fullt verð kr. 1.360.000,-
Tilboð kr. 1.000.000,-
Aukahlutir: Grjótgrind, tvöföld gaskútáfesting og skyggni

TJALDVAGNALAND
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

LÆGBAGANGUR
Í dag verður lægð að mjaka sér til austurs meðfram suður- og suðausturströnd landsins. Henni fylgir úrkoma, fyrst á suðurhluta landsins en síðan einnig fyrir norðan síðdegis og í kvöld. Úrkoman syðra verður rigning eða slydda með ströndinni en snjókoma til landsins. Snjókoma eða él nyrðra síðdegis.

Á MORGUN 5-13 m/s stífastur austan til.
MÁNUDAGUR 5-13 en hversir sunnan til með kvöldinu.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	8°
Ósló	6°
Stokkhólmur	5°
Gautaborg	6°
London	14°
Paris	15°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	9°
Berlín	10°
Alicante	15°
Mallorca	16°
Basel	13°
Eindhoven	14°
Las Palmas	20°
New York	5°
Orlando	30°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



OPIÐ Í DAG
11-18

EKKI HUGSA BARA UM ÞIG!
KONUDAGURINN
ER Á MORGUN

GJAFAKORT SMÁRALINDAR ER GJÖF SEM GLEÐUR KONUNA ÞÍNA

Gjafakortið er tilvalin gjöf því allar konur finna eitthvað sem þær dreymir um í fjölmörgum verslunum Smáralindar. Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum og hverju korti fylgir rauð rós í tilefni dagsins.

Gjafakortið fæst á þjónustuborði Smáralindar 2. hæð.



Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

KJÖRKASSINN



Ert þú sátt(ur) við reykinga-
bann á veitingastöðum?

Já	66,6%
Nei	33,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ríkið að greiða Breiðavíkur-
dregjunum skaðabætur?

Segðu þína skoðun á visir.is



Tyrkneski herinn hyggst uppræta sveitir kúrdískra uppreisnarmanna í Írak:

Her Tyrkja sækir inn í Írak

TYRKLAND, AP Tyrkneski herinn hóf sókn yfir landamærin inn í Írak í gær með það að markmiði að uppræta sveitir uppreisnarmanna kúrdíska verkamannaflokksins PKK sem halda til í fjallandi við landamærin. Er þetta fyrsta staðfesta hernaðaraðgerð Tyrkja í landinu frá því Bandaríkin leiddu innrásina í Írak árið 2003. Uppreisnarsveitir PKK hafa barist fyrir sjálfstæði Kúrda í suðausturhluta Tyrklands síðan 1984. Talsmaður PKK sagði uppreisnarmennina reiðubúna undir átök við tyrkneska herinn. „Sveitir PKK eru að vernda írakskt landsvæði Kúrdistans og munu varna því að tyrkneski herinn nái langt inn í Írak.“

Fulltrúar Bandaríkjahers sögðust telja að hernaðaraðgerðin myndi vera „takmörkuð að tímalengd“ og að henni væri sérstaklega beint gegn kúrdískum uppreisnarmönnum sem standa fyrir tíðum árásum á tyrknesk landsvæði frá búðum sínum handan landamæra.



VIGBÚNIR Talsmaður íraska stjórnvalda sagði Írak skilgreina aðgerðir PKK í Tyrklandi sem hryðjuverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Íraks, Jalal Talabani, hringdi í utanríkisráðherra Tyrklands, Abdullah Gul, í gær og sagði að „Tyrkland ætti að virða einingu Íraks og fullveldi og ekki ráðast inn í landið“.

- sdg

Félagsmálaráðuneytið:

Sviðsstjórar ráðnir til starfa

STJÓRNSÝSLA Gengið hefur verið frá ráðningu fjögurra sviðsstjóra hjá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Alls sóttu 133 um stöðurnar fjórar þegar þær voru auglýstar lausar til umsóknar, en umsóknarfrestur rann út í byrjun árs, segir Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri.

Lára Björnsdóttir var ráðin sviðsstjóri velferðarsviðs og Ágúst Þór Sigurðsson hlaut starf sviðsstjóra tryggingasviðs. Böðvar Héðinsson verður sviðsstjóri þjónustu- og mannauðssviðs og Ágúst Geir Ágústsson tekur við starfi sviðsstjóra stjórnsýslu- og stefnumótunarsviðs.

- bj

Ahhh...
- var ég
ekki búinn
að borga
þetta?

**EKKI GERA
EKKI NEITT.IS**

- nýr gagnlegur vefur fyrir viðskiptavinum Intrum

intrum justitia

**NÝJAR H4 og H7
bílapætur frá PHILIPS**

PHILIPS

NR. NS8805B

PHILIPS
X-treme Power
allt að 80% meira ljós

20% afsláttur í febrúar

Samstarf fiskifræðinga og skipstjóra

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar og skipstjórar af loðnuskipum ætla að hafa samstarf við loðnuleit. Starfsfólk í Vestmannaeyjum tapar um 800 þúsund krónum á loðnubresti. Líkur á loðnufundi minnka með hverjum deginum.

SIJAVARÚTVEGUR Ákveðið var á fundi sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar, útgerðarmanna og sjómanna í gær að skipstjórar yrðu um borð í hafrannsóknaskipum tveimur til að gefa sjómönnum

kost á að kynna sér aðferðafræði fiskifræðinga við loðnuleit. Skipstjórar og sérfræðingar stofnunar eru ósammála um það magn loðnu sem er á ferðinni. Ef ekki finnst meiri loðna er ljóst að starfsmenn fiskvinnslufyrirtækja verða af miklum tekjum.

Samstarfsnefnd um loðnurannsóknir fundaði í gær ásamt fjölmörgum skipstjórum og útgerðarmönnum. Þar var farið ítarlega yfir aðferðafræði fiskifræðinga við loðnumælingar og niðurstöður mælinga undanfarinna vikna. Ágreiningur hefur verið um niðurstöður Hafrannsóknastofnunarinnar, sem ákvörðun um lok loðnuveiða er byggð á, og mælingum skipstjóra á loðnuflofanum sem einnig voru ræddar. Skipstjórar telja um þrisvar sinnum meira af loðnu á ferðinni en kemur út úr mælingum fiskifræðinga.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nýttastofnasviðs Hafrannsóknastofnunarinnar, segir umræðuna hafa verið gagnlega. „Ákveðið var að tveir til þrjár skipstjórar yrðu um borð í hafrann-



SUÐUREYVE Drekkhlaðið skipið kemur til hafnar í Eyjum í mars í fyrra. Skipstjórar og fiskifræðingar taka nú höndum saman við dauðaleit að loðnu.

MYND/ÓSKAR

sóknaskipum þegar þau færu út um og eftir helgi. Svo erum við að skipuleggja könnun þeirra skipa sem eru að koma á miðin eða á landleið og nýta ferðir þessara skipa sem fara yfir líklegustu svæðin.“ Þorsteinn segir ástandið á miðunum óvenjulegt og dreifingu loðnunnar óhefðbundna. „En menn lifa enn í voninni um að finna meira af loðnu. Menn neita að trú á að þetta sé svona slæmt.“

Á sama tíma og skipstjórar og fiskifræðingar funda situr starfsfólk fiskvinnslufyrirtækja og biður í voninni. Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir að áfallið sé þyngra nú en nokkru sinni fyrr. Hann

segir að ef ekkert verði af loðnuvertíð í ár megi búast við því að starfsmenn Vinnslustöðvarinnar verði af um 700 til 800 þúsund krónum í launatekjur og að um þrjátíu skólábörn hafi fengið vinnu á meðan á vertíð stóð og þá jafnvel náð að þéna meira en í sumarvinnunni en nú sé ekki slíku að fagna. „Þetta er því gríðarlegt áfall fyrir margar fjölskyldur hér, sem hefur síðan áhrif á allt samfélagið. Enda er nú þungt yfir mönnum og mikil svartsýni“, segir Þór.

Hann segir enn fremur að ekki sé farið að ræða um uppsagnir á starfsfólki.

svavar@frettabladid.is/jse@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, á flokkráðsfundi í gær:

Gleymdist að sníða leikreglur

STJÓRNMÁL Farið hefur verið svo hratt í markaðsvæðingu hér á landi að menn hafa farið langt á undan sjálfum sér, sagði Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna á flokkráðsfundi flokksins í gær.

Katrín sagði að á sama tíma hafi stundum gleymst að sníða skýran ramma og leikreglur. „Þessi flumbrugangur skýrir að hluta núverandi efnahagsástand þar sem ríkinu veitist erfitt að ná stjórn á ástandinu og óvissa ríkir um framtíð bankanna“, sagði hún.

Vinstri græn glíma nú við það verkefni að gera sig gildandi sem leiðandi afl í stjórnarandstöðu, sagði Katrín. Ýmsar blíkur séu á lofti sem bregðast þurfi við.

Meðal þess sé ástandið í heilbrigðismálum, sem einkennist af áframhaldandi niðurskurði. Geðheilbrigðismálin séu í ólestri, og

frá árinu 2001 hafi plássum fyrir geðsjúka fækkað um 100.


Þá tali ráðherrar um stóriðju eins og ekkert sé hægt að gera til að stöðva frekari uppbyggingu, þegar Vinstri græn hafi boðað stóriðjustopp með lagasetningu og loftslagsákvæðum, þó það kostaði bótagreiðslur.

Katrín sagði að reyna muni á ríkisstjórnina í kjarasamningum við umönnunarstéttir, sem setið hafi eftir. Hún óttist þó að svarið verði það sama og áður, að ekki séu til peningar til að bæta kjör þessara stétta.

- bj

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR „Þessi flumbrugangur skýrir að hluta núverandi efnahagsástand þar sem ríkinu veitist erfitt að ná stjórn á ástandinu og óvissa ríkir um framtíð bankanna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



150 þús.
GJAFAKORT
FYLGR ÖLLUM
4X4 TILBOÐSBÍLUM.
(hægt að nota hvar sem er*)

ÚTSALA Á NÝLEGUM 4X4 BÍLUM

KJARASAMNINGA DAGAR BÍLALANDS

Enn meiri kjarabót fyrir launafólk!



TUCSON
2006, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 64.000

LOKADAGUR TRYGGÐU ÞÉR ALVÖRU KJARABÓT

100% lán í allt að 84 mánuði á öllum tilboðsbílum.

Gerðu frábær kaup á Kjarasamningadögum í Bílalandi og tryggðu þér **150.000 kr.** kjarabót sem bætist ofan á tilboðsverðið (gildir til og með 23. febrúar).

Eitt besta úrval notaðra bíla á Íslandi.

Kiktu til okkar á Grjóthálsinn!



STAREX
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 64.000

Verð nú: **2.200.000**
Verð áður: 2.590.000



SANTA FE
2006, bensín, beinskiptur,
ekinn 50.000

Verð nú: **2.210.000**
Verð áður: 2.600.000



TERRACAN
Nýskr. 2003, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 51.000

Verð nú: **2.080.000**
Verð áður: 2.450.000



TUCSON
2005, bensín, beinskiptur,
ekinn 79.000

Verð nú: **1.760.000**
Verð áður: 2.070.000



TERRACAN
2006, dísel, sjálfskiptur,
ekinn 23.000

Verð nú: **3.590.000**
Verð áður: 4.180.000



SANTA FE
2003, bensín, beinskiptur,
ekinn 98.000

Verð nú: **1.560.000**
Verð áður: 1.840.000

SÍMI 575 1230

Bílaland Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1230 - www.bilaland.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460



Stelpur við stjórn!

Bandalag kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands standa fyrir opnu húsi á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, Reykjavík, á konudaginn, sunnudaginn 24. febrúar kl. 15-17.

Fundurinn er öllum opin og eru konur sérstaklega boðnar velkomnar.

Dagskrá:

Erindi: Kvennaheimilið Hallveigarstaðir og starfsemi félaganna þar. Sigurlaug Viborg, forseti Kvenfélagasambands Íslands.

Erindi: Máttur tengslanets kvenna. Sofía Johnson, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri.

Erindi: BPW klúbburinn í Reykjavík (Business and Professional Women) Ingunn Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri BPW klúbbsins.

Söngur: Félagar úr Stúlnakór Reykjavíkur, undir stjórn Margrétar Pálmadóttur syngja nokkur lög.

Veitingar.

Seljum í dag og sunnudag, á sértíloði,

Örfá 560 Ufe Excelsior
"Rollsinn í hjólhýsum"
árgerð 2007.



Eigum einnig, 650 Umfe Prestige ásamt miklu úrvali af öðrum hjólhýsum árgerð 2008.

Opið í dag laugardag og á morgun sunnudag frá 13 - 16.
Hobbyhúsið ehf - Dugguvogi 12 - 104 Reykjavík - S: 517 7040

Álftnesingar klofnir vegna aðalskipulags

Miklar deilur eru á Álftanesi vegna aðalskipulags sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundum í fyrradag. Hópurinn Verndum börnin hefur ráðfært sig við lögfræðing um hvernig koma megi í veg fyrir áætlanir meirihlutans.

SKIPULAGSMÁL „Við erum að reyna að afstýra því að Breiðamýri verði lokað og umferðin sett um þennan nýja Skólaveg sem liggur meðfram skólanum og einnig framhjá stærsta leikskóla landsins,“ segir Sveinn Ingi Lýðsson, forsvarsmaður hópsins Verndum börnin, sem berst gegn skipulagsáætlunum meirihluta bæjarstjórnar á Álftanesi.



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Hann segir að nú séu um 400 börn í skólanum en ef áætlanir gangi eftir verði þau um 600. Nýtt aðalskipulag var samþykkt á miklum hitafundi sem stóð til klukkan ellefu í fyrradag. Fjölmenn var á áhorfendabekki- um og óskaði Sveinn Ingi eftir því að fá að lesa upp ályktun frá hópnum. Því var hafnað. Tóku þá fulltrúar Sjálfstæðisfélags Álftaness, sem eru í minnihluta, við henni og lögðu fram sem bókun.

Sveinn Ingi segir að meirihlutinn geri lítið úr skoðunum bæjarbúa en um 730 athugasemdir hafa borist og snúa nær allar að áformunum um Skólaveg og síðan lagningu annars nýs vegar, sem mörgum þykir koma of nærri byggð í hverfinu við Suðurtún.

Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar, segir að komið hafi verið til móts við athugasemdirnar eins og kostur sé. „Gatan hefur verið færð aðeins fjær hverfinu í Suðurtúni og götutenging hefur verið færð til suðurs frá hverfinu. Til að svo mætti verða þurftum við að taka út heila blokk og nokkur radhús sem vissulega þýðir að sveitarfélagið verði fyrir nokkru tekjutapi. En hvað viðvíkur athugasemdum varðandi Skólaveg þá er það flóknara mál.“

Hann segir að sérfræðingar telji að umferðaröryggið verði jafnvel meira með lagningu Skólabraut-



SVEINN INGI LÝÐSSON Hópurinn Verndum börnin var settur saman til að reyna að koma í veg fyrir að umferðargata verði lögð meðfram grunnskóla og leikskóla Álftaness eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ar. „Við losnum þarna við ein gatnamót, við auðveldum umferð gangandi vegfarenda og svo stendur jafnvel til að svæðið fyrir framan skólann verði flokkað sem göngugata þar sem gangandi vegfarendur hafi forgang,“ segir Kristján.

Sveinn Ingi segir þetta ekki standast. „Þarna fara um 3.500 bílar á sólarhring og eftir breytingarnar verða þeir um 4.500 svo það er ekki raunhæft að flokka þetta sem göngugötu.“

Í næsta mánuði er svo fyrirhugað að Skipulagsstofnun samþykki deiluskipulag en Sveinn Ingi segir að hópurinn sé að ráðfæra sig við lögfræðinga um það hvernig þeir geti brugðist frekar við.

Kristján segir mikið liggja á að klára skipulagsvinnuna, sem gerir meðal annars ráð fyrir stækkun skólabyggingar sem sé fyrir löngu orðin of lítil.

jse@frettabladid.is

Mei eða já af eða á?

Á þriðjudaginn, 26. febrúar, verður nýgerður kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins kynntur.

Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hótél og hefst kl. 19:30. Einnig bryddum við upp á þeirri nýjung að sýna fundinn beint á netinu, á www.vr.is.

Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta og kynna sér samninginn eða smella sér á www.vr.is og fylgjast með fundinum í beinni.

Stærsta dreifikerfið

og ánægðustu viðskiptavinirnir

Síminn er í fararbroddi í þjónustu bæði við þéttbýlissvæði og dreifðari byggðir landsins. Farsímakerfi Símanns er hið stærsta á landinu og mun enn stækka á þessu ári með áframhaldandi uppbyggingu á langdrægum sendum.

Stærsta farsímadreifikerfið og öruggt samband er ein af ástæðum þess að viðskiptavinir Símanns eru þeir ánægðustu meðal íslenskra farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn 

SKF

N1



LEGUR

Legur • Leguhús • Reimar • Tannhjól • Reimskífur
Pakkdósir • Sérverkfæri • Legufeiti

N1 VERSLANIR

WWW.N1.IS

N1 býður úrval af legum og tengdum vörum fyrir iðnað, bifreiðar og sjávarútveg. Hafðu samband við fagmenn okkar í síma 440 1233.



UPPSETNING Árni Torfason, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands, hefur unnið hörðum höndum undanfarið að því að setja upp sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýna myndir eftir tæplega 40 ljósmyndara:

Ljósmyndarar sýna bestu myndir 2007

MENNING Geir H. Haarde forsætisráðherra opnar ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni í Kópavogi í dag. Tæplega fjórtíu ljósmyndarar eiga rúmlega 200 myndir á sýningunni, allar teknar í fyrra.

Bestu myndirnar í alls tíu flokkum verða verðlaunaðar, til dæmis mynd ársins, fréttamynd ársins og skoplegasta mynd ársins, auk myndaraðar ársins.

Eins og áður kemur bókin Myndir ársins út samhliða sýningunni. „Mér finnst ekki endilega skipta höfuðmáli hver fær verðlaun,“ segir Árni Torfason, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands.

„Þetta er tækifæri fyrir ljósmyndara, aðallega þá fréttaljósmyndara, til að sýna hvað þeir hafa upp á að bjóða. Þetta ætti að hvetja menn áfram, og þar af leiðandi bæta myndir í blöðunum,“ segir Árni.

Fimm áttu sæti í dómnefnd sem hafði það hlutverk að velja bestu myndirnar í hverjum flokki.



ÍSUNDI Myndin er ein af þeim sem finna má á sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í ár voru sett takmörk á fjölda mynda sem hver ljósmyndari mátti senda, og segir Árni það hafa skilað sér í því að ljósmyndarar hafi frekar valið myndir út frá eigin forsendum í stað þess að senda mikinn fjölda og láta dómnefndina velja úr eins og áður.

Auk sýningar Blaðaljósmyndarafélagsins verður sýning Páls Stefánssonar, XXV X2, á neðri hæð Gerðarsafns.

Aðgangur að báðum sýningunum er ókeypis. - bj

TAKTU ÞÁTT Í LUKKULEIK DALA FETA. VEGLEGIR VINNINGAR Í BOÐI.



DALA FETA

20% MEIRA MAGN
- SAMA VERÐ
Í NÝJUM OG HENTUGRI UMBÚÐUM



KOMDU SMÁ GRIKKJA Í ÞIG



ostur.is

ORMSSON SMÁRALIND

TEFAL



Jamie Oliver · Pottar & pönnur
Unun að elda og matreiða

AEG



Kaffivélin sem bjargar deginum

Alltaf
hágæða
gjafavara

Grænmetis- og ávaxtasafapressa.
Fyrir hollustuna – allt árið!



Mínútagrill
fyrir mikla matgæðinga
Tvær stærðir



Hnífasett fyrir
metnaðarfulla kokka

AEG



Klassísk gæða brauðrist frá AEG



Frábær frönsk leirvara

Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE

Eftirsótt um alla Evrópu

Nikon

NIKON S510
COOLPIX



Ekki bara myndavél – heldur
NIKON

OLYMPUS

OLYMPUS mju-790



VATNSPÉTT+HÖGGHELD

Í útivistina, ströndina og snjóinn
- 3ja ára ábyrgð

Picnictöskur
Vertu með allt klárt fyrir sumarið



Silicone Zone bökunaryörur
Ótrúlega skemmtileg og
þægileg vara

SHARP

SHARP XL-UR230H



Vönduð hljómtækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl



Kokkabókastatíf



home art

Fjölbreytt og falleg vara!

Nintendo

Wii

– VERÐTRYGGING –
Alltaf ódýrust í Ormsson

SHARP

SHARP LC-19A1EBK



19" LCD sjónvarp



SPENNANDI VERSLUN

ORMSSON



SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Opið alla helgina

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

Með víðsýni að vopni gegn fordómum

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent næstkomandi þriðjudag. Verðlaun verða veitt í fjórum flokkum og hafa fimm verið tilnefndir í hverjum flokki. Í gær voru tilnefningar í flokknum „Frá kynslóð til kynslóðar“ kynntar. Nú eru þeir kynntir sem eru tilnefndir fyrir starf sitt gegn fordómum á Íslandi, í hvaða mynd sem þeir fordómar birtast.

Götuheraðurinn berst fyrir bættri ímynd fatlaðra:

Öryrkjagrín í öndvegi

Götuheraðurinn er hópur ungmenna á aldrinum 18 til 23 ára sem hefur unnið að því að bæta ímynd fatlaðra á Íslandi og notað til þess heldur óvenjulegar aðferðir. Á vefsíðunni oryrki.is er að finna tónlist, ljósmyndir og myndbönd eftir meðlimina þar sem óspart er gert grín að fötludum til að sýna þennan hóp í skemmtilegu ljósi.

„Okkur fannst vanta að öryrkjar og þá aðallega hreyfihamlaðir virkuðu hressari út á við. Það varð til



ANDRI VALGEIRSSON Er í forsvari fyrir Götuheraðurinn sem beitir óvenjulegum aðferðum til að bæta ímynd fatlaðra á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þess að við ákváðum að gera grín að okkur sjálfum og sýna fram á að fatlaðir eru ekki eintómir fýlupúkar sem eru síkvartandi í fjölmiðlum,“ útskýrir Andri Valgeirsson, talsmaður Götuheraðarins, og segir hópinn aldrei hafa efast um að grín hentaði best til að koma boðskapnum á framfæri.

„Við vorum viss um það. Ef við fengum neikvæð viðbrögð fannst okkur það bara enn fyndnara. Sú umfjöllun vakti oft meiri athygli en það sem við vorum að gera. Það er auðvitað ekki hægt að gera öllum til geðs,“ segir Andri og tekur fram að grínið hafi helst farið fyrir brjóstið á fólki sem á ekki við fötlun að etja og taldi að verið væri að gera lítið úr fötludum.

„Fyrst gekk sá orðrómur á netinu að við værum ófatlaðir, sérstaklega inni á kvikmyndir.is þar sem við settum inn myndirnar okkar,“ segir Andri og bætir við að myndband eftir hópinn frá árinu 2006 hafi jafnframt vakið harkaleg viðbrögð. „Í myndinni vildu allir líkjast fötludum töffara, Gyrði Sig, þar á meðal gaur sem lætur keyra yfir sig svo hann komist í hjólastól. Sketsinn var gerður til að sýna að fatlaðir eru bara eins og annað fólk. Eins að við getum verið fyrirmynd annarra.“

Að sögn Andra hefur Götuheraðurinn þó almennt hlotið jákvæðar viðtökur í samfélaginu og átt í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg, Hitt húsið og Ný-ung, ungliðahreyfingu innan Sjálfsbjargar. Hópurinn er nú í vetrarfríi, en stefnir á gerð raunveruleikaþátta og eru líkur á að þeir verði sýndir í sjónvarpi.

- rve



VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR Segir gott tengslanet geta skapast hjá stjúpfjölskyldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Valgerður Halldórsdóttir stýrir vef um stjúptengsl:

Gott tengslanet

Valgerður Halldórsdóttir er félagsráðgjafi og ritstjóri vefsins stjuptengsl.is. Með vefnum vill hún skapa vettvang þar sem fólk getur lesið og fræðst um stjuptengsl. Vonast hún til að það eyði ranghugmyndum um stjupfjölskyldur, bæði meðal sjálfra fjölskyldnanna og í samfélaginu öllu.

„Við tölum um að þegar börn teikni ættartré, þá þurfi mörg börn að teikna heilan ættartré,“ segir Valgerður. „Ég hef sjálf alla tíð verið alin upp í einhvers konar stjuptengslum. Hef stofnað mína stjupfjölskyldu og á mína stjupföreltra og stjuþbarn og fór af stað með vefsíðuna af því að ég lenti í vandræðum með stöðuna. Stjupfjölskyldan krefst þess að fólk setjist niður og ræði hlutina og þegar vel tekst til skapast gott tengslanet, ef við kunnum að nýta okkur það. En það getur líka orðið stór og mikil flækja ef við kunnum það ekki.“

Valgerður segir þetta viðkvæmt mál á mörgum heimilum en styrkur stjupfjölskyldunnar felist samt sem áður í því að þekkja og viðurkenna öll þau

tengsl sem myndast. Stjupfjölskyldur eigi ekki að bera sig saman við kjarnafjölskylduna enda séu þær byggðar á ólíkum forsendum.

„Fólk þarf að fá að vera á sínum eigin forsendum án þess að verið sé að bera saman. Á eigin forsendum áttu miklu meiri möguleika á viðurkenningu og velgengni. Það er náttúrulega heilmikill mannaúður í stjuptengslum og börn hafa þörf fyrir sitt tengslanet ekki síður en full-orðnir. Vandinn er oft sá að fólk er ekki búíð að klára skilnaðinn þegar það fer úr einu sambandi í annað. Styrkleikinn er sá að um leið og þú veist við hverju er að búast áttu auðveldara með að takast á við hlutina og upplifa sigra.“

Valgerður segist hafa fengið mikil viðbrögð eftir að hún opnaði heimasíðuna. Greinileg þörf hafi verið á vettvangi fyrir umræðuna. „Í raun og veru vantaði rödd. Ég er kannski ekki að finna upp á neinu nýju en þarna getur fólk lesið sér til um stjuptengsl og fræðst um hvernig takast megi á við vandamálin.“ - rat

Salmann Tamimi, formaður Félags múslima:

Mannréttindi öllum

Salmann Tamimi hefur verið í forsvari fyrir Félag múslima á Íslandi síðan það var stofnað árið 1997. Frá þeim tíma hefur Salmann haft veg og vanda af því að uppfræða Íslendinga um inntak íslams til að uppræta þá fordóma sem kunna að ríkja gegn múslimum í samfélaginu.

„Ég hef flutt erindi í skólum og komið fram í fjölmiðlum til að útskýra um hvað íslam snýst. Markmiðið er að við lærum að koma fram eins og manneskjur við hvert annað,“ segir Salmann, sem er kvæntur íslenskrri konu og hefur verið búsettur hérlendis síðan 1971. Hann segir stöðu múslima hafa versnað talsvert á Íslandi síðan þá. Þar megi helst kenna um stríði úti í heimi og neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun um múslima, vanþekkingu og hópum sem ali á hræðslu í garð múslima og vilji hindra að þeir hljóti réttindi á við aðra.

Salmann viðurkennir að stundum taki á að standa vörð um hagsmuni múslima, sérstaklega þar sem starfið komi niður á fjölskyldunni. „Auðvitað bitnar það á henni ef fjallað er af fordómum um mús-



SALMANN TAMIMI Trúir því að staða mannréttindamála muni lagast.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lima í fjölmiðlum eða menn hringja með alls kyns svívirðingar heim til okkar. Þess vegna er þetta

EINSTAKT TÆKIFÆRI

BJÓÐUM TAKMARKAÐ MAGN AF SUBARU FORESTER MEÐ GLÆSILEGUM AUKAPAKKA

Subaru Forester



2.690.000 kr. beinskiptur
2.790.000 kr. sjálfskiptur

353.000 kr.

aukahlutapakkinn innifalinn:

Upphækkun, álfelgur, vetrar/heilsársdekk og dráttarbeisli.



ENNEMM / SIA / NMB2051

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON



EINAR SKÚLASON Segir Alþjóðahúsið gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir innflytjendur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins:

Vill að allir taki þátt

Einar Skúlason er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, sem hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna í málefnum innflytjenda á Íslandi.

„Ég hef unnið sem framkvæmdastjóri Alþjóðahússins frá árinu 2003. Á þessum rúmu fimm árum hefur starfsemi þess aukist um helming,“ segir Einar. Samfélagslegt hlutverk Alþjóðahússins, hefur verið að aðstoða innflytjendur í málefnum þeirra og að vera til staðar fyrir þá komi vandamál upp. Starfsemi er einnig fólgin í öllu sem viðkemur upplýsingum og ráðgjöf.

Fræðsla hefur vegið þungt í starfi Alþjóðahússins en þar eru innflytjendur ekki aðeins uppræddir um íslenska tungu heldur einnig veitt innsýn í íslenskt samfélag. „Við teljum mikilvægt að innflytjendur læri um íslenskt þjóðfélag um leið og þeir læra tungumálið,“ segir Einar. „Fræðsla á okkar vegum er ekki einungis fyrir innflytjendur, heldur sækja margir Íslendingar námskeið hjá okkur. Til að mynda sóttu fimm þúsund Íslendingar námskeið hjá okkur í fyrra.“

Á þessum námskeiðum ræðum við við Íslendinga um hið nýja samfélag sem hefur myndast með komu fjölmarga innflytjenda,“ útskýrir Einar. „Starfsemi Alþjóðahússins hefur það hlutverk að tengja samfélagið við innflytjendur og öfugt. Við verðum að toga í báðar áttir til þess að brúa bilið. Lykilatriðið er að eigi einhver framþróun að eiga sér stað með komu nýrra eininga inn í samfélagið verða allir að taka þátt.“

- mnr

Hörður Torfason, leikari og söngvaskáld:

Berst fyrir fjölbreyttu mannlífi

Leikarinn og söngvaskáldið Hörður Torfason var frumkvöðull á sviði réttindabaráttu samkynhneigðra og hóf umræðuna á opinberum vettvangi árið 1975. Þá var hann upprennandi leikari og tónlistarmaður. Í kjölfarið mætti hann gríðarlegum fordómum og þurfti að færa miklar fórnir. Barátta hans og þrek hefur þó skilað sér svo um munar til yngri kynslóða sem búa við önnur og betri kjör.

„Ég hef fyrst og fremst barist fyrir mannréttindum og fjölbreytileika mannlífsins,“ segir Hörður, sem tók snemma þá ákvörðun að virkja fleiri og var fyrsti áfanginn í því starfi að stofna Samtökin '78. „Ég gerði mér líka grein fyrir því að rödd leikarans næði út fyrir vegg leikhússins og nýtti mér það.“

Hörður tók að ferðast um landið með gítarinn. Hann spilaði, söng og sagði sögur. „Mark-

miðið var að koma vel fyrir og sýna fram á hæfileika mína. Grýlusögurnar um samkynhneigð voru svo miklar og ekki síst um mig sem einstakling. Ég lagði því upp úr reglusemi, kurteisi og því að sýna mína mannlegu hlið,“ útskýrir hann. „Ég hef aldrei predikað samkynhneigð heldur frekar viljað ræða fjölbreytileika mannlífsins. Ég hef heldur ekki viljað svara skítkesti,“ bætir hann við.

Hörður varð fyrir ofsóknum, líflátshótunum og morðtilræði á sínum tíma og þurfti að flýja land. Hann segir leiklistina hafa hjálpað sér við að standa erfiðri af sér. Þar að auki er hann þeim eiginleikum gæddur að láta ekki bugast. Hörður segir árangurinn í málefnum samkynhneigðra, frá því að hann hóf upp raust sína, gríðarlegan þó að enn séu nokkur ljón í veginum.



HÖRÐUR TORFASON barðist gegn fordómum í garð samkynhneigðra með því að koma vel fyrir og sýna fram á hæfileika sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- ve

Sterk staða sjóðfélaga!

Efnahagsreikningur (í þús. kr.)	31.12.2007	31.12.2006
Verðbréf með breytilegum tekjum	19.923.271	19.498.557
Verðbréf með föstum tekjum	32.703.798	28.605.992
Veðlán	1.796.224	1.515.835
Bankainnstaður	396.971	381.913
Kröfur	801.157	607.922
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	21.960	3.815
	<u>55.643.381</u>	<u>50.614.034</u>
Skuldir	-26.281	-19.683
	<u>55.617.100</u>	<u>50.594.351</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Iðgjöld	2.525.318	2.077.093
Lífeyrir	-637.592	-506.577
Fjárfestingartekjur	3.248.848	7.763.430
Fjárfestingargjöld	-46.962	-43.887
Rekstrarkostnaður	-66.863	-42.188
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	5.022.749	9.247.871
Hrein eign frá fyrra ári	50.594.351	41.346.480
	<u>55.617.100</u>	<u>50.594.351</u>

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	8.267.000	9.959.000
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	16,8%	23,9%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	4.983.000	5.310.000
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	5,6%	7,0%

Eftir réttindaukningu árið 2007 var staðan 4,2%. Staðan hefur því batnað um 1,4%. Réttindi sjóðsins eru ein þau bestu meðal lífeyrissjóða á Íslandi.

Kennitölur

Nafnávöxtun	6,1%	18,4%
Hrein raunávöxtun	0,2%	10,5%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	8,7%	8,8%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	5,7%	6,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	7.001	7.356
Fjöldi lífeyrisþega	4.352	4.011
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,13%	0,09%
Eignir í íslenskum krónum	75,7%	73,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	24,3%	26,2%

Ávöxtun séreignardeildar 2007

Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 4,0% eða -1,7% raunávöxtun. Lækkunir og órói á hlutabréfamörkuðum hafa neikvæð áhrif á ávöxtun beggja deilda. Heildareignir séreignardeildarinnar eru 384,4 milljónir í árslok 2007.

Sjóðfélagar

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi aðilum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ymsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

Ársfundur 2008

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 8. maí, kl. 16:30. Verður hann auglýstur nánar síðar.

Í stjórn sjóðsins eru

Baldur Guðlaugsson formaður, Hrafn Magnússon varaformaður, Arnar Sigurmundsson, Gunnar Gunnarsson, Halldór Björnsson, Þorgeir Eyjólfsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Framkvæmdastjóri er Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · Fax 510 7401 · sl@sl.is · www.sl.is

til handa

baráttumál allrar fjölskyldunnar.“

Salmann leggur þó áherslu á að barátta múslima á Íslandi sé ekki einungis barátta fyrir réttindum tiltekins hóps, heldur allra sem eigi undir högg að sækja í samfélaginu. „Mér finnst mannréttindi hafa farið hálloka undanfarin ár á meðan efnahagsástandið hefur batnað. Þess vegna er markmið Félags múslima að taka þátt í að byggja upp gott og réttsýnt samfélag og tryggja öllum mannréttindi. Þetta er ekki einhver trúarbragðabarátta heldur barátta fyrir mannréttindum,“ segir Salmann, sem hefur fundið fyrir auknum meðbyr alls staðar að úr samfélaginu að undanfögnu og trúir að ástandið eigi eftir að batna á næstu árum.

- rve

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær birtist röng yfirskrift yfir kynningu á þeim sem tilnefndir eru til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Í gær voru þeir kynntir sem tilnefndir eru í flokknum „Frá kynslóð til kynslóðar“.

UMMÆLI VIKUNNAR

„Mér finnst það ekki viðunandi og kveð þá heldur varlega að orði sem er nú háttur minn eins og þingmenn vita.“

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

„Við sem eldri erum stunduðum okkar leiki, spiluðum brennibolta, fórum í yfir og hvað eina sem við gerðum okkur til skemmtunar, en nú sitja börn við sjónvarp og tölvu.“

Herdís Þórðardóttir Sjálfstæðisflokki.

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

VG

Staða Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hefur aldrei verið sterkari - í stjórnarandstöðu á Alþingi. Flokkurinn hefur níu þingsæti sem er talsvert meira en áður, tveimur fleiri en Framsókn og fimm fleiri en Frjálslyndir. Það var rétt sem Siv Friðleifsdóttir sagði í þingumræðum í vikunni að VG þreytist ekki á að segjast vera stærsta stjórnarandstöðuaflið í þinginu. Með þeim orðum sendi hún VG pillu. En hver á að halda því á lofti ef ekki einmitt þingmenn flokksins?

Í ræðu á flokksráðsfundi VG í gær sagði Katrín Jakobsdóttir varaformaður flokkinn glíma við að gera sig gildandi sem leiðandi

afl í stjórnarandstöðu. Hún spurði jafnframt hvaða máli flokkurinn skipti í breyttu pólitísku landslagi og hvort vinstri græn væru þreytt og miðaldra, talandi um sömu hlutina í tíu ár. Um leið og hún svaraði eigin spurningum neitandi sagði hún stjórnsmál snúast um hugsjónir og hugmyndafræði en líka um athafnir og aðgerðir. „En við sem saman erum komin í þessum flokki vitum að þær aðgerðir verða að byggjast á skýrri framtíðarsýn,“ sagði Katrín.

Í þessum orðum felst pólitískur hroki; Við í þessum flokki. Fólk í öðrum flokkum



veit sem sagt ekki að aðgerðir í stjórnsmálum þurfa að byggjast á skýrri framtíðarsýn.

Í þessa veru tala liðsmenn VG gjarnan. Eins og þeir einir hafi vitið.

Kannski staða flokksins á Alþingi væri önnur ef sjálfsmýndin og afstaðan til annarra væri örlítið öðruvísi. Kannski vinstri græn væru þá ekki að glíma við að gera sig gildandi sem leiðandi afl í stjórnarstöðu. Kannski flokkurinn sæti bara í ríkisstjórn og framkvæmdi hugsjónir sínar og hugmyndafræði landsmönnum til heilla.

www.volkswagen.is

Passat 4x4 LÚX



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Spurt um kjölfestuvatn

Kristinn H. Gunnarsson, frjálslyndur, lýsir áhyggjum af kjölfestuvatni í fyrirspurn til umhverfisráðherra. Spyr hann um athuganir á losun skipa á kjölfestuvatni á íslensku hafsvæði og hvenær til standi að staðfesta alþjóðlegan samning um aðgerðir til að draga úr óæskilegum áhrifum kjölfestuvatns.

Hvað er kjölfestuvatn, kynni einhver að spyrja. Sjó er dælt í kjöl skipa til að gera þau stöðugri. Og hvert er vandamálið, gæti einhver spurt líka. Það snýr að flutningi lífvera á milli hafsvæða með slíkri sjókjölfestu. Slíkar lífverur geta haft langvarandi áhrif á lífríki nýrra heimkynna.

Er þetta vandamál á Íslandi, gæti líka einhver spurt. Samkvæmt Umhverfisstofnun er svo ekki. Skip sem sigla til landsins eru jafnan full af vörum og því ekki þörf fyrir sjókjölfestu.

Frímerkjasleikjarar óþarfir

„Alþingismenn þurfa ekki sérstaklega á því að halda að vera með hlaupasnata einhvers staðar úti á landi sem pakkasendla eða frímerkjasleikjara,“ sagði Jón Magnússon, Frjálslynda flokksnum, í umræðum um aðstoðarmenn þingmanna í vikunni. Og það þingheim að fyrirgefa orðbragðið.

Eins og greint hefur verið frá er ráðgert að þingmenn landsbyggðarkjördæmanna þriggja fái aðstoðarmenn í þriðjungsstarfi og eiga þeir að hafa starfsaðstöðu í kjördæmunum.

Jón Magnússon sér ýmsa anmarka á frumvarpi sem lagt hefur verið fram þar að lútandi og telur þingmenn þurfa aðstoð við lagasetningu fremur en í kjördæmunum. Skilur hann reyndar lítt í því að aðstoðarmennirnir séu aðeins fyrir landsbyggðarþingmenn enda miklu fleiri kjósendur í þéttbýli-skjördæmunum.

Sturla Böðvarsson þingforseti er á öðru máli en Jón, enda flutningsmaður frumvarpsins. Telur hann fulla þörf á að þingmenn landsbyggðarkjördæmanna fái aðstoð, enda kjördæmin stór.

Jón efast um að hægt sé að binda aðstoðarmennina við hluta þingmanna, slíkt brjóti í bága við stjórnarskrá.

Því hafnaði Sturla algjörlega og benti á að



SETIÐ UNDIR UMRÆÐUM Jón Magnússon er efins um að rétt sé að landsbyggðarþingmenn einir fái aðstoð á kostnað þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þingmenn nytu nú þegar mismunandi kjara, eftir því hvort þeir byggju á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu.

Gat ekki annað en sveigt út af

Kristján Möller samgönguráðherra veit af eigin reynslu að hálka og vindur hafa áhrif á akstursskilyrði.

„Ég lenti í því á síðasta ári á keyrslu frá Raufarhöfn, var á leiðinni til baka í Kelduhverfi, að mikil vindhviða kom og hálka var á vegi og ekki var hægt að gera annað en að sveigja út af. Sem betur fer var frágangur Vega-gerðarinnar á þessu svæði þannig að vel var gengið frá bakka og gamli vegurinn ekki langt undan þannig að hægt var að sveigja í þá áttina. En það voru tvímæla-laust vindur og hálka sem gerðu það að verkum að maður lenti út af.“

Kristján sagði frá þessu í svari við fyrirspurn Gunnars Svavars-sonar um hvort notast væri við rannsóknir á vindum við vegahönnun. Spurningunni svaraði hann játandi.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 5.025 -0,17%	Fjöldi viðskipta: 376 Velta: 5.025 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ EIK BANKI +2,55%	↓ 365 -2,47%
↑ ALFESCA +1,38%	↓ ICELANDAIR -1,94%
↑ SPRON +0,88%	↓ ATL. AIRWAYS -1,04%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 8,00 +1,14% ... Bakkavör 44,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 29,15 +0,34% ... Exista 12,22 +0,49% ... FL Group 9,90 -1,00% ... Glitnir 17,75 -0,56% ... Icelandair 25,30 -1,94% ... Kaupþing 735,00 +0,00% ... Landsbankinn 28,00 -0,36% ... Marel 93,00 -0,43% ... SPRON 5,76 +0,88% ... Straumur-Burðarás 12,25 -0,73% ... Teymi 5,33 +0,19% ... Össur 93,10 +0,65%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á vefur.is](http://nánar.vefur.is)

Peningaskápurinn ...

Á almennu farrými

Einn ungur nýkjörinn þingmaður fór í sína fyrstu utanlandsferð á vegum Alþingis. Hann var upp með sér því keyptur hafði verið flugmiði á Saga Class hjá Icelandair. Þegar hann mætti í afdrep Saga Class-farþega í Leifstöð þekkti hann marga sem þar voru. Eftir stutt spjall við nokkra viðstadda áttaði hann sig á einu. Þetta voru allt opinberir starfsmenn eða kjörnir fulltrúar fólksins. Í frétt Morgunblaðsins í febrúar 2004 kom fram að enginn þingmaður hefði flogið með Iceland Express frá því félagið hóf flug til Kaupmannahafnar og London. Eitthvað hefur þetta breyst til batnaðar – frá sjónarhóli skattgreiðenda. Nú hefur sést bæði til ráðuneytisstjórans í iðnaðarráðuneytinu og sjálfs iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, á almennu farrými Iceland Express. Jafnaðarmenn velja auðvitað að fljúga með sínu fólki.

Sameinaðir á ný

Það voru mikil læti á hinum pólitíska vettvangi seint á árinu 1999 þegar í ljós kom að svokallaður Orca-hópur hafði eignast meirihluta í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Fjórir einstaklingar fóru fyrir hópnum; Eyjólfur Sveinsson, Jón Ólafsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Þorsteinn Már Baldvinsson. Árið 2000 sameinaðist FBA þá Íslandsbanka. Í kjölfarið hófust mikil átök á bak við tjöldin um yfirráðin í Íslandsbanka sem Agnes Bragadóttir gerði skil í Morgunblaðinu. 27. ágúst 2002 gáfu Þorsteinn Már og Jón Ásgeir út yfirlýsingu um að þeir hefðu selt allt sitt í bankanum. Nú eru þeir hins vegar sameinaðir á ný með tögl og hagldir í Glitni. Kannski ná menn markmiðum sínum þegar þeir stefna ekkert sérstaklega að þeim.



MARKAÐSPUNKTAR

Jón Karl Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair, hefur verið ráðinn forstjóri JetX/Primera Air sem ferðaþjónustufyrirtækið Primera Travel Group rekur. Primera rekur meðal annars Heimsferðir og Terranova hér á landi. Jóni Karli var sagt upp störfum sem forstjóri Icelandair í desember eftir um þrjú ár í starfi.

Samþykkt var á aðalfundi Össurar í gær að ekki yrðu gerðir sérstakir starfslokasamningar við stjórnendur og starfsfólk.

Sala skuldabréfa dróst töluvert saman í janúar, miðað við sama mánuð á undan. Samkvæmt tölum Seðlabankans nam heildarsala skuldabréfa nú ríflega 12 milljörðum króna, en í sama mánuði fyrir ári nam hún 20,5 milljörðum.

TDI®	4MOTION®		CO₂		★★★★★		
ÖFLUG EN HLJÓÐLÁT DÍSILVÉL	EINSTAKUR 4X4 DRIF-BÚNAÐUR	EYÐIR AÐEINS FRÁ 6,7 l/100 km	ÚTBLÁSTUR AÐEINS 177 g/km	KOLEFNIS-JAFNAÐUR Í EITT ÁR	DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU	5 SINNUM GULLNA STÝRIÐ	SVEIGJAN-LEGR SÖLUMENN

us sem drífur þig áfram.

Passat Variant sameinar kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun.

Í fjórhjóladrifinni útfærslu færir Passat Variant með TDI® dísilvél þér kraftinn sem gerir allan akstur skemmtilegri og gerir gæfumuninn í erfiðri færð. Innra rýmið í Passat er í algjörum sérflokk, vel búið farþegarýmið setur ný viðmið fyrir þig og þína. Komdu og láttu lúxusinn drífa þig áfram.

Passat Variant 4MOTION® TDI® kostar aðeins frá **3.590.000 kr.**

Eða 41.600 kr. á mánuði miðað við gengistrygðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,4%.

Veglegur aukahlutapakki að verðmæti 270.000 kr. fylgir

Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, 16" álfelgur, hiti í sætum, dökkar afturrúður, krómbogar á þaki, leður á stýri og girstangarhnúð.



Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Verk að vinna hjá Icelandair

„Ég horfi á þetta sem óviðunandi uppgjör,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, en afkoma flugfélagsins dróst verulega saman á síðasta ári, sem jafnframt var fyrsta heila starfsárið eftir að það var selt úr FL Group og skráð á markað síðla árs 2006.

Hagnaðurinn í fyrra nam 257 milljónum króna samanborið við 2,6 milljarða hagnað í hittiðfyrra. Tap var á fjórða ársfjórðungi upp á 780 milljónir króna, sem er 229 milljónum króna verri afkoma en á sama tíma árið á undan.

Rekstrarhagnaður ársins nam 5,5 milljörðum króna en það er sex hundruð milljónum krónum minna en í hittiðfyrra. Þar af nam hagnaðurinn á fjórða ársfjórðungi 515 milljónum króna samanborið við 338 milljónir í hittiðfyrra.

Björgólfur, sem tók við forstjórastarfinu í desember í fyrra af Jóni Karli Ólafssyni, segir að á þriðja ársfjórðungi hafi komið í ljós að afkoman yrði undir væntingum, ekki síst hafi áætlanir um auknið sætaframboð ekki gengið eftir á helsta uppskerutíma félagsins. Nú verði lagst yfir bókhaldið og reynt að laga til, ekki síst til að ná viðhaldskostnaði niður. Ekki komi til uppsagna.



BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON Nýráðinn forstjóri Icelandair segir verk að vinna í aðhaldinu.

„Þarna er verk að vinna. Við höfum finan efnivið til þess,“ segir hann.

Atorka yfir spám

Móðurfélag Atorku Group skilaði hagnaði upp á rúman 8,1 milljarð króna á síðasta ári. Þetta er 1,4 milljarði meira en í hittiðfyrra. Þar af nam hagnaðurinn á fjórða ársfjórðungi 1,4 milljörðum króna samanborið við 1.300 milljónir árið á undan.

Afkoman á síðasta fjórðungi ársins var talsvert yfir spám greiningardeilda Kaupþings og Landsbankans, sem reiknuðu með allt frá 300 milljónum króna tapi til 34 milljóna króna hagnaðar.

Tekjufærsla skatts upp á tvo milljarða króna á fjórðungnum skýrir mismuninn að miklu leyti en án færslunnar var afkoman neikvæð um 588 milljónir króna. - **jab**

FORSTJÓRINN MAGNÚS JÓNSSON Afkoma Atorku var talsvert yfir spám greiningardeilda á fjórða ársfjórðungi.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslensk hátíð með ensku heiti:

Frábær matur og mikil gleði

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nú stendur yfir dýrðarinnar hátíð í Reykjavík, hátíð þar sem matur og gleði er í fyrirrúmi. Veitingastaðir borgarinnar skarta gestakokkum af nafntoguðum og vinsælum veitingastöðum um víðan heim. Þessir góðu kokkar keppa svo sín í milli í matargerðarlist hér í höfuðborg okkar litla Íslands.

Hin árlega matar- og veitingastaðahátíð er skemmtilegur viðburður og hefur áunnið sér fastan sess í lífi margra landsmanna sem hlakka til hans í margar vikur áður en hann hefst og tryggja sér með góðum fyrirvara borð á eftirlætisveitingastað sínum, eða þeim sem þeim þykir bjóða áhugaverðasta matseðilinn. Matarhátíðin Food & Fun er sem sagt fyrst og fremst íslensk hátíð sótt af íslenskum sælkerum og það ekki lítið sótt.

Vissulega stóðu vonir manna til, og standa kannski enn, að hátíðin verði þekkt um heim allan og dragi hingað ferðamenn á þeim árstíma sem ferðalangar eru hér hvað fæstir. Einhverjir útlendingar hafa líka áreiðanlega, og vonandi þeirra vegna, ferðum sínum hingað til lands í samræmi við dagsetningar hátíðarinnar vegna þess að þeir eru sælkerar og hafa áhuga á matseðlum íslensku veitingastaðanna. Og svo eru það auðvitað kokkarnir, miðpunktur hátíðarinnar, þeir eru vitanlega erlendir og þeirra fylgdarlið einnig. En þeir eru ekki endilega enskir eða enskumælandi.

Þess vegna er ekki annað hægt en að spyrja sig hvers vegna þessi hátíð heitir upp á ensku. Ef hún ætti að heita upp á útlensku yfirhöfuð þá ætti hún vitanlega að bera franskt nafn. Frakkland er þó vaggva vestrænna matargerðar, alls ekki Bretland eða Bandaríkin, sem betur fer.

Kjarni málsins er þó sá að íslensk hátíð sem fyrst og fremst er sótt af Íslendingum ætti auðvitað að heita upp á íslensku. Þetta gildir um fleiri hátíðir, Iceland Airwaves til dæmis, sem þó hefur áunnið sér heilmikinn sess meðal áhugafólks um framsækna dægurtónlist víða um heim. Í því tilviki má einnig benda á að tengsl dægurtónlistar við engilsaxneska menningu eru mun sterkari en tengsl þeirrar menningar við matargerð og matarmenningu.

Listahátíð í Reykjavík er miklu eldri hátíð en báðar þær sem hér hafa verið nefndar. Ekki virðist hafa staðið henni fyrir þrífum að árið 1970 hefði líklega fáum fótíð í hug að nefna íslenska hátíð erlendu nafni. Reykjavík Arts Festival kallast hátíðin í alþjóðlegu samhengi en aldrei annað en Listahátíð hér heima. Þannig ætti auðvitað líka að vera um Food & Fun og Iceland Airwaves.

Stundum beinist sjálfsgagnrýni okkar Íslendinga að því að við teljum okkur illa haldna af þjóðrembu. Á öðrum stundum virðist minnimáttarkennd lítillar þjóðar í litlu landi taka völdin. Að finnst fint að matarhátíð sem færir Íslendingum heim eftirsóttu matreiðslumenn á heimsmælikvarða heiti upp á ensku er dæmi um það. Yfir því er kotungsbragur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



TIL LEIGU Á EGILSSTÖÐUM

600 m2 verslunar og iðnaðarhúsnæði að Miðási 7a á Egilsstöðum.

Vandað húsnæði á mjög góðum stað sem býður upp á marga möguleika.

Allar nánari upplýsingar hjá Þorsteini Óla í síma 6603066.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ys og þys út af engu

Bloggfærsla Össurar Skarphéðins-sonar um pólitísk endalok Gísla Marteins Baldurssonar er orðin fræg að endemum og hefur fengið talsvert meira vægi en efni eru til. Stuðningsmenn Gísla hafa látið í það skína að færslan geti hleypt ríkisstjórnarsamstarfinu í uppnám. Þeir sem bera blak af Össuri vilja hins vegar meina að Össur sé bara svo skáldmæltur, still hans tilþrifamikill og uppfullur af kraftmiklu líkingamáli. Pétur Gunnarsson, ritstjóri Eyjunnar, gengur svo langt að líkja færslunni við fagurbókmenntir. Það er naumast. Fréttablaðið sagði hins vegar frá því í gær að það hefði tekið



Geir Haarde og Össur fimm mínútur að komast að samkomulagi á orkufrumvarpi. Það er sterk vísbending um að fagurfræði iðnaðarráðherra sé ekki í þann mund að sprengja ríkisstjórnina.

Hví nú?

Sé rýnt í gegnum uppskrúfaðan vaðalinn í færslu Össurar er inntakið þetta: Gísli Marteinn Baldursson gerði misheppnaða tilraun til að bola Vilhjálm Vilhjálmssyni frá völdum með þeim afleiðingum að REI-samningurinn klúðraðist og meirihlutinn sprakk. Gísli geldur þess með pólitískum ferli sínum. Gott og vel. Það er innan við vika síðan Össur mærdi

samstarfið við sjálfstæðismenn í Mannamáli Sigmundar Ernís. Hvers vegna kemur hann þessari kenningu á framfæri núna og með þessum hætti? Kom eitthvað upp á milli hans og Gísla?

Þú ert ungur enn

Birkir Jón Jónsson sagði í viðtali á Rás 2 að árið 2002 hefði hann spilað fjárhættuspil í húsi við Suðurgötu þar sem lögreglan gerði rassiu. Birkir bar meðal annars við að hann hefði verið ungur að árum, ekki nema 22 eða 23 ára. Ári síðar var Birkir Jón kominn á þing. Hafi hann gert einhver axarsköft á þingi skrifast það sjálfsgagt á sakleysi æsku hans. bergsteinn@frettabladid.is

Við skulum ekki dæma

Vikan hófst með afsögn ráðherra jafnréttis- og barnamála í Noregi. Hún hafði ráðið vinkonu sína í eftirsótt starf Umboðsmanns barna. Sú sagði einnig af sér.

Senn er heill vetur liðinn síðan ljóst varð að þáverandi borgarstjóri hafði samþykkt að framselja þekkingu og mannaúð Orkuveitu Reykjavíkur til tuttugu ára, án þess að hafa minnstu hugmynd um það. Minnisblað þess efnis tündist á heimili hans og hefur enn ekki komið í leitirnar. Samt situr umræddur maður enn í borgarstjórn, er oddviti stærsta flokksins þar, og ætlar að verða borgarstjóri aftur að ári. En við skulum ekki dæma hann hart. Hann er viðkun- anlegur maður sem vill vel og á fjölskyldu sem margir þekkja.

Nú eru tveir mánuðir liðnir frá því að fjármálaráðherra tók þá birtu ákvörðun að ráða son gamla yfirmanns síns í eftirsóttu stöðu héraðsdómara. Son fyrrum forsætisráðherra síns. Son fyrrum flokksformanns síns. Son þess manns sem hann á ráðherradóm sinn að þakka. Sem gerði honum kleift að ráða soninn. Samt situr ráðherrann enn á sínum stóli (rétt eins og dómarrinn). En við skulum ekki dæma hann. Hann er góður drengur og vill vel. Og hann á fjölskyldu sem mörg okkar þekkja.

Gleymdast að læsa

Nú er vika síðan upp komst um dómaramistösk í Gettu betur. Vegna þeirra tapaði Kvinnaskólinn fyrir MH og er úr leik í keppinni. Dómarrinn viðurkendi mistök sín og kvaðst leiður yfir þeim en RÚV ætlar hvorki að snúa tapi í sigur né láta svo lítið að endurtaka viðureignina. En við skulum ekki dæma yfirmenn RÚV. Þeir eru önnur kafnir og leiðrétting myndi bara valda þeim óþægindum.

Nú er rúm vika síðan frægasti



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Ábyrgð

sakamaður landsins slapp úr haldi lögreglunnar í Reykjavík. Gleymst hafði að læsa klefa hans yfir nóttina. Gleymst hafði líka að læsa geymslu á fangelsisganginum þar sem flóttakaðlarnir eru geymdir.

Prátt fyrir allt þetta hefur engum komið til hugar að lögreglustjórninni ætti kannski að segja af sér, ef ekki fyrir kæruleysi sinna manna, þá fyrir hinn furðulega seinagang rannsóknarinnar. En við skulum ekki dæma manninn. Hann er nýkominn í embættið og á alla sénsa skilið.

Strokufanginn fannst um kvöldið í skáp í Mosfellsbæ, en tókst með ævintýralegu flótta sínum að sveipa sig enn meiri frægðarljóma. Jafnvel má segja að þjóðin hafi fengið vissa samúð með kauða, um leið og lögreglan varð að athlægi. Nýskipaður lögreglustjóri harmar atvikið og segir málið í rannsókn. Flestum fréttatímum vikunnar lauk með því að haft var eftir honum að málið væri „enn til rannsóknar“. Hversu langan tíma getur tekið að komast að því hver gleymdi að læsa klefanum og hvers vegna?

Prátt fyrir allt þetta hefur engum komið til hugar að lögreglustjórninni ætti kannski að segja af sér, ef ekki fyrir kæruleysi sinna manna, þá fyrir hinn furðulega seinagang rannsóknarinnar. En við skulum ekki dæma manninn. Hann er nýkominn í embættið og á alla sénsa skilið.

1,2%

Nú eru nokkrar vikur síðan ritstjóri Morgunblaðsins setti fram í leiðara ósannindi um fráfarandi borgarstjóra varðandi frægt læknisvottorð. Ásökun sem síðan var hrakin af þeim sem málið þekkja. Samt sem áður hefur ritstjórnin enn ekki séð ástæðu til að leiðrétta eða biðjast afsökunar á lygum sínum. En við skulum ekki dæma hann. Hann hefur haft það fyrir ævistarf að skrumskæla sannleikann og er því vorkunn.

Nú eru fjórar vikur síðan nýr borgarstjóri tók við í Ráðhúsi Reykjavíkur undir háværu bauli. Í kosningum hlaut hann stuðning 10% borgarbúa. Daginn sem hann tók við var fylgi einmenningslistans hins vegar orðið 6% og í nýjustu skoðanakönnun Capacent mældist það 2,8%. Samt ætlar borgarstjóri að sitja sem fastast. Og við skulum ekki dæma hann. Hann hefur átt við veikindi að stríða og mörg okkar þekkja fólk úr fjölskyldu hans og vita sem er að ekki er auðvelt að vera borgarstjóri í óþökk borgarbúa.

Hver tekur svo við af honum að ári? Samkvæmt hinu ofurnæma pólitíska nefi Sjálfstæðisflokksins ætti það helst að vera Kjartan Magnússon, en hann hlaut einmitt 1,2% stuðning í embættið í fyrrnefndri könnun. En við skulum ekki heldur dæma hann þegar þar að kemur. Það verður ekki auðvelt fyrir nýjan borgarstjóra að taka við af manni sem nýtur helmingi meiri stuðnings.

Launamál kennara

UMRÆÐAN

Kjaramál

Launamál kennara eru í brennidepli. Erfiðlega gengur að ráða kennara í skólana og mikil óánægja kraumar í þeirra röðum. Framundan eru kjaraviðræður kennara og launafélaganna og ríkir bjartsýni um að vel takist til, en undirbúningurinn hefur verið góður. Það viðhorf virðist einnig almennara í samfélaginu nú en í langan tíma að laun og kjör kennara verði að bæta verulega. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft það á stefnuskrá sinni að auka rekstrarlegt og faglegt sjálfstæði skóla. Við aukið sjálfstæði skapast t.d. svigrúm innan skólanna til að skipuleggja skólastarf og: „semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjáltsræði um, hvenær vinnuskylda skal gegnt“ eins og segir í reglugerð 2.1.2. í gildandi kjarasamningum. Í viðauka og bókun 5 í samningunum segir m.a.: „Samningsaðilar eru sammála um að skapa tækifæri á samningstímabilinu fyrir grunnskóla að taka upp í tilraunaskyni til eins árs í senn, hliðstæð vinnutímaákvæði og gilda hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e.



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

á bilinu kl. 8.00-17.00 og innan þeirra tímamarka sé öll vinnuskylda kennara.”

Þessi ákvæði hafa ekki verið mikið nýtt. Í Norðlingaskóla í Reykjavík hefur undanfarið 2 ár verið starfað samkvæmt fyrrgreindri bókun kjarasamninga og sl. ár í Sjálandsskóla í Garðabæ. Mikil ánægja hefur verið með þá nýbreytni og hafa laun kennara þar hækkað umtalsvert. En þær raddir gerast einmitt æ háværi að nauðsynlegt sé að brjótast út úr núverandi fari um að samningar við kennara snúist jafnan um niðurnegldan mínútuþjöldi í kennslu og undirbúningi.

Því væri kjörð tækifæri fyrir samningsaðila í komandi kjaraviðræðum grunnskólakennara að leggja aukna áherslu á árangursríkar tilraunir sem þessar. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði hafa einnig beint því til fræðslufyrvalda í Hafnarfirði að huga sérstaklega að þessum ákvæðum samninga og gera tilraunir með slíka samninga í einhverjum skóla bæjarins. Það gæti verið stórt skref í að bæta hag og auka starfsánægju kennara.

Höfundur er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönnum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói, kleinum og vöflum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi í dag. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**
Verð áður: 4.080.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander
Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
345.000 kr.



BMW X5
Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
590.000 kr.



Tuscon
Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
285.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer
Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat**
sleðarnir á sérstöku
Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Opíð: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti 1, Sími: 421 4444

Bílaverkstæðið Áki, Sæmundargötu 3 - 550 Sauðárkrúkur - Sími: 453 5141



EINA BLAÐIÐ Á SUNNUEGI



Ég verð að vera móðurbetrungur

Benedikt Erlingsson og Brynja Benediktsdóttir ræða um samband móður og sonar og samstarfið í leikhúsinu. Hvers vegna fær Brynja samviskubit þegar hún rifjar upp Sólarferð og hvers vegna sagði Benedikt foreldrum sínum ekki frá því þegar hann sótti um í Leiklistarskólann?

Ljóð eru geðlyf án aukaverkana

Valdimar Tómasson sækir geðró og gleði í ljóðabækurnar sínar tvö þúsund.

ferðalög

Ferðalög fylgja blaðinu á morgun

Et, drekk og ver glaður - allt um mest spennandi veitingastaði, bari og næturklúbba í helstu stórborgum heims. Á ferð og flugi; Páll Stefánsson opnar sýningu með ljósmyndum frá öllum heimshornum. Hipp og kúl Helsinki, slavnesk melankólía mætir skandinavískri hönnun. Fótboltaferðir, Frank Gehry hótél í Barcelona, matarskóli í Marrakesh, listsýningar í marsmánuði og Wallpaper Design Awards

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Réttur maður á réttum stað

Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari er maður vikunnar. Mikið hefur mætt á Ásmundi undanfarið vegna kjarasamninga aðila á vinnumarkaði.

En Ásmundur er enginn nýgræðingur við samningaborðið. Fáir menn hafa meiri reynslu en hann af vinnudeilum og líklegt má telja að þeir menn séu vandfundnir sem komið hafa að deilum á vinnumarkaði úr jafn ólíkum áttum og hann. Hann er fyrrverandi verkalyðsforingur, var um tíma samningamaður atvinnurekenda og er nú ríkissáttasemjari.

Ásmundur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1965. Hann nam hagfræði í Kaupmannahöfn og lauk því árið 1972. Að því loknu starfaði hann hjá ráðgjafafyrirtækinu Hagvangi til ársins 1974 þegar hann var ráðinn hagfræðingur Alþýðusambands Íslands. Þá var hann fyrsti fasti ráðgjafi verkalýðssamtakanna um efnahagsmál. Fram að því hafði samstarf verkalýðssamtakanna við efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar oft verið nokkuð stírt og tortryggni gætt gagnvart upplýsingum um efnahagsmál frá atvinnurekendum.

Ásmundur, með sína sérþekkingu á sviði hagfræðimála, styrkti stöðu launþega og átti það síðar eftir að greiða götu skynsamlegra kjarasamninga á vinnumarkaði. Síðar varð Ásmundur framkvæmdastjóri ASÍ og svo kosinn formaður þess árið 1980. Öfl innan verkalýðshreyfingar vildu á núnda áratugnum komast út úr víthring verðbólgu- og skapa jafnvægi í efnahagslífi landsmanna. Var Ásmundur í forystu þeirra. Lagði hann áherslu á samninga um hækkanandi kaupmátt frekar en að kauphækkanir fuðruðu upp í verðbólgunni. Nokkur styr stóð um þessa stefnu innan verkalýðshreyfingarinnar en svo fór að hún varð ofan á í margfrægum þjóðarsáttasamningum, undirrituðum í febrúar 1990 þar sem Ásmundur lék stórt hlutverk.

Árið 1992 söðlaði Ásmundur um og færði sig yfir til Íslandsbanka þar sem hann varð einn af frakvæmdastjórum bankans. Gegndi hann stöðu yfirmanns rekstrarsviðs frá 1995 til 2001. Samdi hann þá við bankamenn sem fulltrúi atvinnurekenda og er sagt að hann hafi fundið sig vel í því hlutverki. Árið 2001 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Alþýðubankans og gegndi hann því starfi þar til hann tók við starfi sáttasemjara 1. nóvember 2003.

Stjórn málin voru Ásmundi ofarlega í huga um tíma þar sem hann hugði á frama. Svo fór að hann fetaði ekki þá braut enda fannst honum ekki rétt að blanda saman verkalýðsbaráttu og flokkapólitík.


Hann sat um tíma á Alþingi sem varábingmaður fyrir Alþýðubandalagið en lenti í útistöðum við arm Ólafs Ragnars Grímssonar, þáverandi formanns flokksins, og er sagt að löngum hafi verið kalt á milli þeirra. Ólafur Ragnar var fjármálaráðherra í vinstri-stjórn Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks árin 1988 til 1991.

Skapaði þessi kuldi milli Ásmundar og Ólafs Ragnars ákveðinn stírdleika í samskiptum Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar. Síðar beindist kastljósið að Ásmundi vegna allt annars en verkalýðsbaráttunnar. Þá náði hann geysigóðum árangri við að grenna sig með hjálp Atkins-kúrsins. Í samstarfi við Guðmund Björnsson lækni gaf hann út bók um aðferðina og seldist hún upp þrátt fyrir að næringarfræðingar væru sumir efins um heilnæmi kúrsins. Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, var einn þeirra sem sögðust hafa náð árangri í baráttunni við aukaklín með því að fylgja Atkins-kúrnum.

Þegar nafn Ásmundar kom upp sem hugsanlegur næsti ríkissáttasemjari heyrðust nokkrar efasemdaraddir frá forystumönnum opinberra starfsmanna. Þeir höfðu sumir hverjir ekki alltaf verið sammála hugmyndum og vinnubrögðum Ásmundar meðan hann var formaður ASÍ. Ekkert varð þó úr þeirri andstöðu þegar á reyndi. Fellur það að þeirri hefð að um sáttasemjara ríki full samstaða meðal allra samtaka vinnumarkaðarins. Ekki er annað að sjá og heyra en að þeir sem leiti til Ásmundar sem sáttasemjara séu sáttir við hann í því hlutverki og er hann sagður réttur maður á réttum stað.

Ásmundur er mikill fjölskyldumaður. Sem dæmi um slíkt er að fjölskyldan á „heilaga stund“ í hádeginu á laugardögum þar sem þau hjónin hitta börn sín og barnabörn og fara yfir atburði vikunnar. Hann hefur mjög gaman af afahlutverkinu og segir það augljósan kost að geta skilað börnum þegar þau gerast óþæg en njóta aðeins þess besta með þeim. Hann er mjög mikill fræðimaður og á erfitt með að ganga framhjá bókabúðum, sérstaklega erlendis. Þá á hann að sögn endalaust mikið af bókum. Les hann nánast hvað sem er nema síst ástarsögur. Þrátt fyrir það er hann rómantískur þótt hann láti lítið á því bera út á við. Ef hann fær áhuga á einhverju vill hann helst vita allt um viðfangsefnið. Hann er mjög ákafur í öllu sem hann gerir, er þessi óhrædda týpa. Strax sem smá strákur stóð hann upp á fundum og þorði að lýsa skoðunum sínum sem oft voru í andstöðu við aðra fundarmenn. Er hann sagður mjög stríðinn þótt það hafi mildast á seinni árum.

ÁSMUNDUR STEFÁNSSON



ÆVIÁGRIP

Ásmundur Stefánsson er fæddur 21. mars 1945 í Reykjavík. Foreldrar hans eru Áslaug Ásmundsdóttir húsmóðir, fædd á Akranesi, og Stefán Oddur Magnússon framkvæmdastjóri, fæddur í Reykjavík.

Ásmundur er kvæntur Guðrúnu Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra og eiga þau tvö uppkomin börn, Gyðu sem er viðskiptafræðingur og Stefán sem er þjóðháttfræðingur. Ásmundur tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1965 og cand.polit.-próf í þjóðhagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1972. Hann starfaði sem hagfræðilegur ráðgjafi Hagvangs hf. á árunum 1972-74. Þá var hann hagfræðingur Alþýðusambands Íslands 1974-78 og lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1978-79. Árið 1979 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri ASÍ. Ári síðar var hann kosinn forseti sambandsins og gegndi hann því embætti til ársins 1992. Þá var hann framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka 1993 til 2001, þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra Eignarhaldsfélags Alþýðubankans hf. Því starfi gegndi hann til ársins 1992 þegar hann réðist til Þróunarfélags Íslands þar sem hann gegndi starfi framkvæmdastjóra. Hann var stundakennari við Menntaskólann við Hamrahlið á árunum 1972-75 og við Háskóla Íslands 1975-78. Þá hefur Ásmundur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum. Meðal þeirra má telja framkvæmdastjórn og miðstjórn Alþýðubandalagsins auk þess sem hann var varábingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík kjörtímabilið 1987-91. Meðal ritstarfa má nefna „Opinberar aðgerðir og atvinnulífið“ frá árinu 1974 sem hann ritstýrði og ýmis rit og sjónvarpsþætti um efnahagsmál. Að auki hafa margar greinar birst eftir Ásmundi í blöðum og tímaritum og fjalla þær mest um verkalýðs- og efnahagsmál.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Náði eftirtektarverðum árangri í baráttunni við aukaklín með Atkins-kúrnum og skrifaði metsölubók um kúrinn í framhaldinu.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Ég tel að það hafi verið mikill fengur fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa fengið hann sem ríkissáttasemjara. Þar nýtast hæfileikar hans mjög vel en hann er skipulagður, fylginn sér og heldur mönnum við efnið en á það til að vera hornóttur.“ Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég er mun fremur rómantískur en læt lítið á því bera út á við. Því ætti ég líka að gera það?“

BORDEAUX borðstofuhúsgögn

-Gegnheil eik

-Klassískur franskur sveitastíll

NÝTT

BORDEAUX skenkur, efri hluti

h100 x b145 x d35 sm
550031 verð: 59.900,-

BORDEAUX skenkur, neðri hluti

h86 x b150 x d47,5 sm
550000 verð: 89.900,-

BORDEAUX stækkanlegt borðstofuborð

h76 x b90 x l152+64 sm
549950 verð: 89.900,-

BORDEAUX stóll


2 seldir saman
549974 verð: 27.900,-

BORDEAUX há 6 skúffu kommóða

h113 x b53 x d36 sm
553476 verð: 49.900,-

BORDEAUX lítill skenkur

h86 x b120 x d46 sm
549981 verð: 69.900,-



3 fyrir 2
á glösum

CRACKLE pastel & CURVED pastel glös 3 fyrir 2



Konudagstilboð 3 fyrir 2
á öllum silkiblómum

3 fyrir 2
á blómum



TROMPET vasi
539272 verð: 1490,-



CANTON blaðakarfa
1923930 verð: 1990,-



CANTON DVD standar
522465 verð: 3490,-
522472 verð: 6990,-

the
PIER

Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • sími: 552 7860 við hlið Toys 'r' us
Mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 • laugardagar 10:00 til 18:00 sunnudagar 12:00 til 18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



Holta ferskar kjúklingabringur
1559 kr/kg. MERKT VERÐ 2599 KR/



Holta fersk kjúklingalæri
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/



Holta ferskir kjúklingaleggir
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/KG.



Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar- tilbúnir til eldunnar!
399 kr/kg. MERKT VERÐ 349 KR/KG.



Ferskur heill Holtakjúklingur **398 kr/kg.**



LAMBIÐ KLIKKAR EKKI



KS ferskt lambaprime **1498 kr/kg.**



KS ferskur lambabógur **499 kr/kg.**



KS frosin lambasvið **25% afsláttur**
299 kr/kg. MERKT VERÐ 399 KR/KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUGAGA 12.00-18.00

BONUS BONUS BONUS



GOTT VERÐ ALI SVÍNAKJÖT



40%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr/kg. MERKT VERÐ 1698 KR/KG.



499

Ali ferskur svínabógur
499 kr/kg.



30%
AFSLÁTTUR

Ali ferskt svínahakk **30% afsláttur**
589 kr/kg. MERKT VERÐ 841 KR/KG.



30%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr/kg. MERKT VERÐ 1798 KR/KG.



40%
AFSLÁTTUR

KF einiberja kryddaða lambalærið **40% afsláttur**
1199 kr/kg. MERKT VERÐ 1999 KR/KG.



1498

Frosið innflutt ungnautagúllas
1. kg. 1498 kr.

Hluttur íslenska ríkisins
í þessu verði
1. kg: 1498 kr:
er **542 kr.**
eða **36,2%** í formi
tolla og vsk.



259

Emmess ísblóm 6 stk . **259 kr.**



129

Myllu heimilisbrauð 770g **129 kr.**



898

Bónus ferskt íslenskt nautahakk
898 kr/kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Bókaðu frábært sumarfrí núna!



Tenerife

Ótrúlegt verð í 2 vikur
frá 46.295 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára á Cristian Sur íbúðahótelinu ***, 27. maí í 2 vikur.

Bibione

– ítalska strandperlan!

Gisting í sérflokk

frá 56.595 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, Vikuferð, 25. maí, 1. júní, 31. ágúst, 7., 14. og 21. september, Planterium Village.

Búlgaría

– Golden Sands

Frábært verð – allt innifalið

frá 55.195 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu“, 26. maí eða 25. ágúst, Hotel Kristal.

Salou & Pineda

– sólarperlurnar á Costa Dorada

Frábært verð

frá 42.995 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku, 23. eða 30. maí, 29. ágúst, 5., 12. eða 19. sept., Cye Holiday Center.



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranoa.is · Akureyri, sími: 461 1099

Guð, Birkir og Tíberíus

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um handrukk, byssukúlur í pósti og boð á Bessastöðum, og giskað á hvað það tekur handlaginn dýralækni langan tíma að vana fresskött. Enn fremur er minnt á þá staðreynd að Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir – hugsanlega að Markúsi Erni undanskildum sem virðist fá hjálp annars staðar frá.



KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 15. FEBRÚAR.

Handrukk og byssukúlur í pósti

Nú er gott að vera staddur í Prag því að ég sé í blöðunum að þjóðkunnur handrukkari, Annþór að nafni, leikur lausum hala í Reykjavík þessa stundina. Talinn hafa stungið af um fimmleytið í morgun. Það er sennilega fyrir umsaminn fóttaferðartíma fangavarda.

Hérna í Tékkó eru smákrímar ekki hafðir í lausagöngu.

Vaclav Klaus var í dag endurkjörinn forseti Tékklands eftir langa baráttu við erkjandstæðing sinn Jan Svejnar. Kosningaslagurinn hefur staðið yfir svo vikum skiptir. Gekk slagurinn m.a. svo langt að þingmenn fengu byssukúlur sendar í pósti.

Hinn nýkjörni forseti lagði áherslu á það að hann talaði fyrir gömlum hefðum, kristilegum gildum og áherslu á fjölskylduna.

Ég heyrði einu sinni dr. Ólaf Ragnar Grímsson mæra þennan ágæta kollega sinn í kvöldverðarboði á Bessastöðum. Þar var þykkt stungin tólg. Þetta var náttúrulega háttíðaræða sem byrjaði með lúðrablaestri eins og konungur ætlaði að taka til máls, hvað dr. Ólafur síðan gerði.

Borðfélagi minn í forsetaveislunni var fámáll en gæðalegur piltur úr ríkisstjórninni sem síðar var settur dómsmálaráðherra í nokkra klukkutíma og náði að gera sig ódauðlegan í því embætti á álika löngum tíma og það tekur flinkan dýralækni að vana fresskött.

Það er jafnvel meira um Annþór handrukka í íslensku blöðunum en Vaclav Klaus í þeim tékknesku. Skrýtið hvað smáglæpamenn fá alltaf ítarlega umfjöllun í fjölmiðlum.

Blaðamenn eru hrifnæmar og einfaldar sálir.

LAUGARDAGUR, 16. FEBRÚAR.

Sjortarar

Nýjasta bókin frá Forlaginu eftir Tracy Cox heitir „Sjortarar“ og fjallar víst ekki um stjórnhætti í Náðhúsi Reykjavíkur, heldur um „kynlíf fyrir önnum kafið fólk“.

Það hlýtur að vera kærkomið að eignast svona bók ef æðibunugangurinn í samfélaginu er orðinn svo mikill að fólk hefur varla tíma til heilsast með handabandi, eða kossi – hvað þá til að gera það.

Vonandi hefur fólk samt tíma til að lesa bækur um hvað hægt sé og skynsamlegt við tímann að gera.

Ég sé að minn góði kollega Sigmundur Ernir fer hamföllum á bloggsíðu sinni á visir.is og heimtar flugvöll í miðbæ Reykjavíkur um allar aldir og skammar okkur borgarbörnin fyrir tillitsleysi og þröngsýni og sérstaklega fyrir að búa í 101.

Þetta er fín grein hjá Sigmundi Erni – lystilega stíluð - og gaman að sjá hvað hann er mikill Akureyringur í sér.

Það breytir samt ekki þeirri



MÍÐVIKUDAGUR, 20. FEBRÚAR.

Guð, Birkir og Tíberíus

Mig dreymdi að ég væri að tala við Guð áður en ég sofnaði í gærkvöldi. Sambandið var óvenjugott eins og það gerist best á Skype-inu.

Samtalið var einhvern veginn svona:

„Halló, Guð, Práinn hérna. Ég skal ekki tefja þig. Bið þig bara að blessa fjölskylduna og svona og sjá um að börnin fari að læra að borða grænmeti.“

„Ókei, Práinn, það er ekki oft sem þú hefur samband. Ætlarðu ekkert að minnst á þetta venjulega?“

(Hann veit alltaf allt).

„Ja, jú. Ég er soldið tæpur í augnablikinu og ætlaði að vita hvort þú gætir ekki reddað smá svona um mánaðamótin...“

„Ég er búinn að margsegja þér að ég hjálpa þeim sem hjálpar sér sjálfur – og hættu svo að reyna að plökka af mér peninga.“

Lengra varð samtalið ekki og í morgun var ég að velta því fyrir mér hvað þessi draumur merkti þegar ég rak augun í að Birkir alþingismaður og fyrrverandi formaður fjárveitinganefndar hefur ennþá brennandi áhuga á peningum almennings og hikor ekki við að hjálpa sér sjálfur í staðinn fyrir að liggja sofandi á bæn eins og einhver lúser.

Í fréttum segir:

„Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, tók um helgina þátt í skipulögðu fjárhættuspili í miðbæ Reykjavíkur. Fjárhættuspilið sem var ræðir er póker en Birkir tók þátt í pókerleik sem skipulagður var við Aðalstræti. Þátttakendur spiluðu allir upp á peninga, mismikla að sögn Birkis. Sumir hverjir upp á tugþúsundir króna.“

Það er ánægjulegt að sjá að Birkir lætur ekki dapra daga í pólitíkinni slá sig út af laginu og veit að Guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur.

Mér hafði ekki hugkvæmst að fara inn á gráa svæðið til að leysa úr kröggum mínum. Enda eru alþingismenn miklu kunnugri því svæði en ég er.

Og svo er ólíkt skemmtilegra að vita alþingismenn okkar afla sér aukatekna við spilaborið heldur en hafa þá í annarri glæpastarfsemi eins og rænandi sjoppur eða videóleigur eða á ferli á nóttunni með kúbein í erminni.

Tíberíus sem eitt sinn var keisari í Róm notaði fjárhættuspil til þess að fjármagna ríkissjóð. Hann spilaði að visu teningaspil en ekki

skemmtilegu og ódýru staðreynd að hálf tíma frá Reykjavík stendur lítið notaður höfuðborgar-, landsbyggðar- og alþjóðaflugvöllur af hæsta gæðaflokki og heitir Keflavíkurflugvöllur.

Flestir Reykvíkingar eru búnir að fá upp í kok af því að hafa mörg þúsund lítra eldsneytistanka rétt skrifaðandi með drunum yfir húspök-in hjá sér nætur og daga áratugum saman og nú er komið nóg af svo góðu.

Og ekkert að þakka.

MÁNUDAGUR, 18. FEBRÚAR.

49%

Í gær var skrifað undir nýja kjarasamninga.

Ef til vill má ætlast til þess að flokkur sem ræður 49% í ríkisstjórn efni 49% af kosningaloforðum sínum. Sé það rétt á Samfylkingin eftir að standa við um 46% ennþá svo að ekki er tímabært að leggjast á meltuna í hjónasænginni.

Því miður er það svo að flestar helgar les maður um slys á hestamönnum. Algennt er í þéttbýli að hestar fælist við að sjá og heyrja í mótörhjól. Félag tammamanna og Landssamband hestamanna ættu að sjá til þess að það sé tekið inn sem nauðsynlegur liður í tammningu og uppeldi hvers hests að kenna honum að hræðast ekki vélknúin ökutæki á óvæntum stöðum. Hestur sem fælist við að sjá fábjárna á mótörhjól er lífshættulegur knapa sínum.

Nú hefur tekist að fá Markús Örn til að taka að sér forstjórastarfið í Þjóðmenningarhúsinu.

Það er nú meira sem íslenska þjóðin hefur lagt á þennan vesalingsmann.

Fyrst var hann gerður að borgarstjóra.

Svo þegar í ljós kom að borgarúar höfðu ekki brennandi áhuga á að nýta starfskrafta hans var hann gerður að útvarpsstjóra.

Þegar þar var orðið heitt í kolunum var brugðið á það ráð að biðja Markús að gerast sendiherra í Kanada.

Og nú er hann kominn heim og getur vonandi séð meira af barnabörnunum sínum sem forstjóri Þjóðmenningarhússins.

Þetta er ekki einu sinni fyndið.

Þjóðfélag þar sem svona stöðuveitingar tókast er sjúkt. Það er ekki heilbriggt samfélag heldur klík-usamfélag.

Klíkur eru krabbamein í þjóðarlíkamanum. Eigum við bara að lifa við þetta?

póker af því að póker er seinni tíma uppgötvun.

Tíberíus notaði alltaf sína eigin persónulegu teninga í spílinu og lagði gestum sínum líka til sérstaka teninga. Hann var sérlega heppinn og gróðasæll, enda vissu þegnarnir að hann var tapsár og dæmi voru um að gestir sem ætluðu að kveðja samsætið meðan þeir voru í gróða voru hirtir af lífverðinum og fleygt út um glugga á kastalanum beint niður í urðina fyrir neðan sumarhöll keisarans á Caprí. Tíberíus var ekki nægjusamur framsóknarmað-

Til dæmis gátu þeir aldrei skilið að allt önnur lögmál gilda um íslenska rökfræðu en þá rökfræði sem er stunduð víða annars staðar.

Til marks um þetta er einhver danskur hagfræðingur alltaf að klifa á því að bankarnir okkar geti farið á hausinn.

Í blöðunum í dag fær hann þau skýru svör að hann sé annaðhvort heimskur eða óupplýstur. Og sennilega hvort tveggja.

Veit maðurinn ekki að John Cleese er andlit íslensks viðskiptalífs út á við – og það eru engir aum-



ur eins og Birkir, sem hætti með 18 þúsund kall í gróða.

FIMMTUDAGUR, 21. FEBRÚAR.

Íslensk rökfræði

Danir hafa aldrei skilið Íslendinga.

ingjar sem geta haft slíkan mann í vinnu.

Þessi Dani skilur greinilega ekki íslenska rökfræði.

CONCETTA

STELL, PÚÐAR OG FYLGIGHLUTIR



Opið alla daga vikunnar

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700.

habitat 

SLOGGI TILBOÐ

95%

Baumwolle
coton
cotton
bomuld
puuvillaa
katoen
cotone
algodon
algodão
βαμβάκι

5%

Elastan
élasthanne
elastane
elastan
elastania
elastan
elastam
elastano
elastano
ελαστάν



STRING

TANGA

MAXI

TALI

MIDI

MAXI



sloggi

TILBOÐ
kr. 1999,-

ÚTSÖLUSTADIR SLOGGITILBOÐ MAXI

- HAGKAUP SMÁRALIND
- HAGKAUP SKEIFUNNI
- HAGKAUP KRINGLUNNI
- HAGKAUP SPÖNGINNI
- HAGKAUP GARÐABÆ
- HAGKAUP EIDSTORGI
- HAGKAUP AKUREYRI
- HAGKAUP BORGARNESI
- HAGKAUP NJARÐVÍK
- HAGKAUP HOLTAGARÐAR

- EINAR ÓLAFSS, AKRANESI
- FJARÐARKAUP
- NETTÓ AKUREYRI
- NETTÓ MJÓDD
- ÚRVAL NJARÐVIK
- ÚRVAL HAFNAFIRÐI
- ÚRVAL EIGILSSTÖÐUM
- ÚRVAL HÚSAVÍK
- ÚRVAL HRÍSALUNDI
- ÚRVAL ÍSAFIRÐI
- ÚRVAL SIGLUFIRÐI
- ÚRVAL BORGARNESI

- ÚRVAL BLÖNDUÓSI
- ÚRVAL SKAGASTRÖND
- ÚRVAL DALVÍK
- BJARNI EIRÍKS, BOLUNGARV.
- KAUPFÉLAG V-HÚNV.
- AG V-HÚN HVAMMST.
- KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRK.
- KAUPFÉLAGIÐ HÓLMAVÍK
- KAUPFÉLAGIÐ DRANGSNESI
- NÓATÚN SELFOSSI
- EFNALAUG DÖRU, HÖFN
- EFNALAUG VOPNAFJARÐAR

- LYFJA, PATRÓ
- PÍN VERSLUN SELJABRAUT
- STRAX FÁSKRÚÐSFYRÐI
- STRAX LAUGAVATNI
- KRÓNAN REYÐARFIRÐI
- KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
- KRÓNAN MOSÓ
- KRÓNAN VESTMANNAEYJUM
- KRÓNAN FISKISLÓÐ
- KJARVAL VÍK
- KJARVAL HVOLSVELLI





Elskulegur sonur okkar og bróðir,

Hrafnkell Helgason

Holtabyggð 2, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Frikirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á LAUF, Landsamtök áhugafólks um flogaveiki.

Helgi Kristjánsson Edda Guðmundsdóttir
Steinar Helgason



Elskulegur sambylismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bragi Guðmundsson

læknir, Fjólulíð 6, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 20. febrúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Erna Hreiðarsdóttir
Guðmundur R. Bragason
Sigríður Á. Bragadóttir
Porsteinn Bragason
Daði Bragason
Þórdís Björk Atladóttir
Aðalheiður Atladóttir
Kristinn Gunnar Atlason
barnabörn og langafabörn.

Ásta Gunnarsdóttir
Eyjólfur Guðjónsson
Malín Sirimekha
Inga Jóhannsdóttir

Falk Krüger



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Sigurðsson

Tröllagili 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar þriðjudaginn 19. febrúar.

Guðrún Jóhannsdóttir

Heiðar Árnason
Sævar Árnason
Jakobína H. Árnadóttir
afa- og langafabörn

Ásta Guðmundsdóttir
Telma Ríkhardsdóttir
Heiðar Ö. Sigurfinnsson



Elskulegur eiginmaðurinn minn, bróðir okkar og mágur,

Friðþjófur Þorkelsson

Bugðutanga 40,

lést á Líknardeild Landspítalans að Landakoti miðvikudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 28. febrúar n.k. kl. 17.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Louise Anna Schilt (Loekie)
Sigurlaug Þorkelsdóttir
Einar Þorkelsson
Svanhildur Þorkelsdóttir
Brynhildur Þorkelsdóttir

Kristín G. Jóhannsdóttir
Valdimar Kristinsson



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Helgu Laufeyjar

Jónúsdóttir

sem lést þann 29. janúar sl. á Hrafnistu í Reykjavík.

Jóhanna Þórisdóttir
Guðlaugur Þórisson
Jenny Þórisdóttir
Auður Þórisdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Ingiberg Guðbjartsson
Aðalheiður Magnúsdóttir
Guðmundur Hjörleifsson

KRISTIN DAVIS LEIKKONA
ER 43 ÁRA Í DAG

„Kynlíf getur vel verið stórkostlegt þótt maður sé ófær um að upplifa fullnægingu.“

Kristín Davis vakti heimsat-hyggi fyrir frammistöðu sína sem síðprúða tepran Charlotte York í sjónvarpsþáttinum *Beðmál í borginni*.



ÞETTA GERÐIST 23. FEBRÚAR 1455

Gutenberg prentar Biblíuna

Pennan dag fyrir 553 árum prentaði Johannes Gutenberg fyrstu Biblíuna í Mainz. Biblían var ekki fyrsta bók Gutenberg's úr nýju prentvélinni, en hún var stórvirki og markaði upphaf Gutenberg-byttingarinnar og aldar hinnar prentuðu bókar.

Undirbúningur fyrir prentun hófst 1450 og voru fyrstu eintök áanleg 1455. Biblían er frægust þeirra bóka sem prentaðar voru með færanlegu letri og enn er til, en framleiðsla hennar markaði upphaf fjöldaframleiðslu bóka í hinum vestræna heimi. Hún var prentuð í leturgerð sem seinna



var þekkt sem Texture and Schumacher og var 1.282 blaðsíður, þótt flestar væru bundnar í tveimur bindum.

Talið er að Gutenberg hafi alls prentað 180 eintök af Biblíunni; 45 á skinn og 135 á pappír. Alls tók verkið um eitt ár, sem er sami tími og hefði áður tekið ritstofu að framleiða eitt eintak, en vegna handgerðra myndskreytinga er hvert eintak einstakt.

Árið 2007 var vitað um 48 Gutenberg Biblíur í heiminum, þar af ellifu eintök á skinnbók. Flestar eru í Þýskalandi, eða tólf talsins.

tímamót

timamot@frettabladid.is

KENNARAMENNTUN Á ÍSLANDI 100 ÁRA: OPNAR MÁLSTOFUR Í KHÍ Í DAG

Vönduð vinnubrögð alla leið

„Hundrað árum eftir stofnun Kennaraskóla Íslands er skapandi og gagnrýnin hugsun, ásamt hæfni til samskipta í mestum metum sem mannkostir góðs kennara. Hann verður að vera forvitinn um það sem gerist á hverjum tíma í skólastofunni; ekki bara í fræðunum heldur líka um lífið sem snýr að hverju barni sem hann kennir,“ segir Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri, en í dag stendur Félag um menntarannsóknir fyrir ráðstefnu í Kennaraháskóla Íslands í tilefni 100 ára afmælis kennaramenntunar á Íslandi. Yfirskrift ráðstefunnar er *Nám og lýðræði* á 21. öldinni, en alls flytja 30 fyrirlesarar erindi um öll skólastigin í opnum málstofum og allir velkomnir.

„Stofnun Kennaraskóla Íslands tengdist lagasetningu um skólaskyldu barna frá 1907. Fram að þeim tíma sáu foreldrar og ferkennarar að mestu um menntun barna og í fermingarundirbúningi var athugað hvort börn væru læs og skrifandi samkvæmt tilskipun um húsaga. Fræðslan hélst í hendur við siðaskiptin og þann boðskap Lúthers að hver og einn gæti lesið sína Biblíu,“ útskýrir Kristín sem er menntaður leikskólakennari.

„Lengi býr að fyrstu gerð og ég er svolítið pirruð út í borgaryfirvöld vegna þeirrar aðfarar að leikskólastiginu að ætla að stinga fimm ára börnum í grunnskóla til að skapa pláss fyrir yngstu börnin. Það er í raun ekki annað en tilfærsla á vanda því það er ekki til fleira fólks til starfars,“ segir Kristín sem telur öll skólastig hafa sama mikilvægi.

„Brottfall úr framhaldsskólum er vandamál. Við þurfum að ná til krakka sem ekki hafa áhuga á að verða stúdent af félagsfræði-, raungreina- eða tungumálbraut, en hefðu annars farið í verk- eða iðnnám væri það gert aðlaðandi. Nám fer ekki bara fram í gegnum bóklestur og í okkar samfélagi þurfum við á öllu fólki að halda svo samfélagið virki. Við þurfum því að leggjast á eitt og innréttu virðingu fyrir öllum störfum í gegnum öll skólastig,“ segir Kristín viss í sinni sök um hin eiginlegu laun kennara.

„Íslendingar kunna illa að hrósa, en þeir kunna vel að skamma. Kennarar fá sjaldnast persónuleg hrós, en þeir uppskera ómælda gleði yfir því að hafa átt þátt í ögrunum og uppgötvunum nemenda sinna og það gefur þeim kraft til að halda áfram, þrátt fyrir taxtann. Ég vil auðvitað að laun allra kennarastétta geri það eftirsóknarvert að vera kennari, en líka gleðin sem starfið veitir. Að það sé aldrei kalt mat á launaumslagi sem ræður úrslitum, heldur áhuginn á að vera með fólki og láta gott af sér leiða,“ segir Kristín, sem lítur á það sem faglega ábyrgð að þykja vænt um börn.

„Á undanförunum áratugum hefur skóladagurinn lengst úr því að vera hluti dags í það að vera nær allur dagurinn, og allt að níu tímar hjá yngstu börnunum. Ég held að foreldrar verði áfram þeir sem hafa mest áhrif á börn sín, en við getum því ekki neitað því að hluti þess uppeldis sem fram fór heima áður fer nú fram í skólum. Hlutverk kennarans hefur því breyst frá því að vera fræðarinn upp við töflu



LEIKUR AÐ LÆRA Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri er leikskólakennari í grunninn og gremst nú mjög sú ætlu yfirvalda að setja 5 ára börn í grunnskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í það að vera samverkamaður barna í námi og umannandi með ákveðið uppeldishlutverk. Þess vegna þurfum við að fagna sérkennum hvers og eins þeirra, en líka vanda okkur að vinna með þau á hverju skólastigi fyrir sig.“

thordis@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur, bróðir og mágur,

Andrés Sævar

Guðmundsson

Engjahlíð 1, Hafnarfirði,

sem lést að morgni 13. febrúar sl., verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 26. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning 0135-05-071100. Kt. 210640-3639.

Leonila Hife Guðmundsson
Hanna Bára Andrésdóttir
Rakel Ólöf Andrésdóttir
Erla Bára Andrésdóttir
Guðmundur L. Hafliðason
Ólöf Björg Guðmundsdóttir
Sigurður Már Guðmundsson
Reynir Ragnarsson
Ragnar Óli Ragnarsson
Gísli Þór Ragnarsson

Alexander Freyr Örvarsson

Reynir Þorkelsson

Hlödver Smári Haraldsson
Eyrún Ragnarsdóttir

Jórunn Halldórsdóttir
Sæunn Siggadóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Hannesdóttir

Skálagerði 15, Reykjavík,

áður til heimilis að Kolbeinsgötu 6, Vopnafirði, sem lést á Vífilsstöðum 14. febrúar, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 25. febrúar kl.13.00.

Hólmfríður Kjartansdóttir
Inga Hanna Kjartansdóttir
Kjartan Þórir Kjartansson
Baldur Kjartansson
Erla Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Adolfsson

Áshildur Kristjánsdóttir
Hrönn Róbertsdóttir
Ágúst Borgþór Sverrisson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Verkfæradögum lýkur!



Vinnubolur
Mascot
5862646-55 **1.999**
~~2.799~~

Axlabönd
iðnaðarmannsins
Margar gerðir: pípara,
málara, smíða o. fl.
5867205-8 **1.999**
~~2.699~~



Verkfæratöskur
Keter, 2 saman, 12,5" og 19"
5024489

1.599
~~2.979~~

3.999

Slípirokkur
Bauker, 750W,
115 mm, í tösku
5244906



3.499
~~5.999~~

Hleðsluborvél
Verto, 14,4V, 2 rafhlöður,
5245006



5.999
~~8.249~~

Vörutrilla
ber 250 kg.
5080146



VERKFAERA DAGAR

VERÐHRUN
Á VERKFAERUM



15.995

Bútsög
Fox, 1800W, 255
m blað, sagar 90°
75x305 mm
5159230

Tangarsett
Cosmos, 8 stk
5052764

1.499
~~2.855~~



3.999

Stingsög
Bauker, 800W,
framkast, 30 blöð fylgja
og taska
5244910



Gildir til 26. febrúar 2008



HÚSAMÍÐJAN
...ekkert mál

C4 Picasso



Stýrðu nýjustu



CC GROUP

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Citroën C4 Picasso Comfort. Verð 2.980.000 kr. 2,0i 143 hó 200 Nm, 6 þrepa sjálfskipting 5 dyra. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru áfölgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Frakkar eru bestir. Erfitt að viðurkenna það. Eru erfðir. Eins og við. Þannig er flott fólk. Voða, voða sérstakt. Þannig er líka allt sem kemur frá því, mjög sérstakt; fötin, ilmvatnið, maturinn, skapið, bílamir. Frakkarnir eiga orðið nýtt. Þeir stýra hátískunni. Nú geta Íslendingar stýrt nýjustu hátískunni eins og Frakkar. Við erum svo nútímaleg og 'komfort'. Veldu franskan munað.

Stýrðu nýjustu hátískunni frá París. Kaupu Citroën C4 Picasso. Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu það nýjasta frá París.

Veldu sjálfskiptan Citroën C4 Picasso Comfort frá 2.980.000 kr*.



CITROËN

Hátískunni frá París: 5 sæta Citroën C4 Picasso.

Reynsluaktu C4 Picasso og nafn þitt er í Happapottinum - út að borða fyrir tvo

frá kl. 12 til 16

frumsýning
Akureyri - Reykjavík

Fáðu þér
Café & Croissant



Öruggur staður til að vera á

Við erum ekki að bjarga heiminum, við erum bara að bjarga mannkyninu," segir Njörður P. Njarðvík og brosir í kampinn. Hann er að vitna í slagorð SPES-samtakanna en þau eru: „Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu.“ Í fangi hans situr Élise, tæplega tveggja ára lítil og grónn og rangeygð stúlka og heldur fast í höndina á honum. Hún er ein af næstum átíttu munaðarlausum börnum sem búa í SPES-barnaþorpinu í Lomé, höfuðborg Tógó. Allt í kringum þau eru glaðvær börn sem heilsa hátt og snjallt með ávarpinu „Bonjour, Papi“, sem þýðir góðan daginn, afi. Hávaxni íslenskuprófessorinn með hvíta skeggið er afi í augum margra tógóskra barna.

Dauðinn bíður götubarna

Afríka í augum flestra er heimsálfa örvæntingar og vonleysis. Við þekkjum hana úr fréttum sem stórbotna og fagra heimsálfu, en einnig sem stað þar sem átta ára börn með hríðskotabyssur stráðrepa heilu þorpin og spilltir einræðisherrar ráða ríkjum. Samkvæmt tölulegum staðreyndum munu sex Afríkubúar hafa dáði úr malaríu, fimm úr eyðni og sautján úr örbirgð og hungri á þeim tíma sem það tekur að lesa þessa grein.

Lýðveldið Tógó er á hinni svokölluðu þrælaströnd Vestur-Afríku. Það er ekki stórt land, aðeins 56 þúsund ferkílómetrar, og það liggur í mjórri lengju á milli Gana og Benín. Þar sem Evrópu-búar teiknuðu Tógó sjálfir upp á landakort Afríku líkt og önnur lönd álfunnar býr þar saman fjöldi ættbálka, en stærstir eru Éwe, Kabye og Mína – samtals 6,3 milljónir manna. Þrátt fyrir slæman efnahag, litla sem enga þjóðarframleiðslu og nærri fimmtíu prósentu ólæsi er mikil reisin yfir Tógóbúum og meira að segja í mestu fátækrahverfunum er fólkið snyrtilegt, tígulegt og brosmilt.

Það er erfitt að lýsa fátæktinni sem ber fyrir augu manns í Lomé, höfuðborg Tógó. Það er væntanlega engin leið til að lýsa henni nema að sjá hana með eigin augum. Ljósmyndir blekkja með fegurð hins rauða jarðvegs, brosmildu fólki og heitri birtu Afríkúsólarinnar. Hér ríkir ekki hungursneyð sem slík en vatnið er mengað og hundruð deyja vegna malaríu og næringarskorts. Börn látast vegna niðurgangs, vannæringar eða umönnunarleysis þegar foreldrar og fjölskylda hrynja niður úr sjúkdómum eins og malaríu, lifrabólgu, mænuúsótt, eyðni og kóleru. Mæður, sem því miður eru oft á tíðum of ungar til þess að geta fætt barn, deyja iðulega af barnsburði og í kjölfarið eru nýburar skildir eftir á götunni þar sem einhver er líklegur til að finna þá. Því miður eru örlög götubarna oftast aðeins ein: dauðinn bíður þeirra.

Það er skiljanlegt að okkur, hinum vestrænu þjóðum, fallist hendur þegar við stöndum andspænis þjóð eins og Tógó. Hvar eigum við eiginlega að byrja?

Forsetinn gefur lóð

Röð tilviljana, eða ef til vill forlög, réðu þegar Njörður P. Njarðvík heimsótti Tógó í fyrsta sinn. „Árið 1997 var ég kjörinn formaður Alþjóða Samfríðarreglunnar sem á sér höfuðstöðvar í París,“ útskýrir Njörður. „Þar fékk ég heimsókn frá reglubræðrum mínum frá Tógó og þeir tjáðu mér að yfirmaður reglunnar hefði aldrei nokkurn tímann sótt Afríku heim. Úr varð að ég fór ásamt konu minni til Afríku árið eftir



„VIÐ BERUM MIKLA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM ÞESSUM BÖRNUM“ Njörður P. Njarðvík og Bera, kona hans, ásamt hinni tveggja ára gömlu Élise sem er ört að ná sér en hún var mjög veik þegar hún kom í SPES-þorpið.

MYNDIR/ AMB

Að bjarga einu barni

Dr. Njörður P. Njarðvík og eiginkona hans **Bera Þórisdóttir** hafa unnið mikið mannúðarstarf í lýðveldinu Tógó þar sem ungabörn lenda á götunni sökum örbirgðar og sjúkdóma. **Anna Margrét Björnsson** fylgdist með starfi þeirra hjóna í barnaþorpi SPES í höfuðborginni Lomé.

og heimsótti löndin Kamerún, Fíla-beinsströndina og Tógó. Þar fórum við að ræða um hvað við gætum mögulega gert til að hjálpa. Árið 2000 settum við á fót samtökin SPES international ásamt Viktor Demederos í Tógó og Claude og Michelle Voileau í Frakklandi – Soutien Pour Enfants en Souffrance (hjálpa handa börnum í neyð) en nafnið þýðir einnig von á latneskri tungu.“

Samtökin tóku hús á leigu í apríl 2001 og hófu þar starfsemi með átta börnum sem fljótt fjölgaði í tuttugu. Þetta hugsjónastarf féaenna manna vakti athygli fyrrverandi forseta landsins, Gnassingbé Eyadema. „Við vorum að falast eftir því að kaupa land af borginni og höfðum sent beiðni þar um. Forsetinn var hins vegar ákveðinn þegar hann svaraði okkur því að ef við værum að hjálpa börnum Tógó þá væri það minnsta sem þjóðin gæti gert að gefa okkur land.“

Forsetinn lét SPES í té hálf hektara byggingarland í hverfi sem nefnist Kélegougan og í kjölfarið var hafist handa við að byggja þorp fyrir rúmlega hundruð munaðarlaus börn eftir teikningum heimamanns, arkitektsins Henri Apeti. Í dag búa um 80 börn í þorpinu og Louise Kisseme Tchanga-Walla, sem er forseti SPES í Tógó, og samstarfsmenn hennar sjá um helstu verkefni og starfsmannahald árið um kring.

Að hjálpa börnum að fóta sig í lífinu



NÝKOMIN Í BARNAPORPIÐ Systkinin Lucién og Justine sjást hér að leika þau misstu föður sinn nýverið. Móðir þeirra er of veik til þess að sjá um þau.

”

Mæður sem því miður eru oft á tíðum of ungar til þess að geta fætt barn deyja iðulega af barnsforum og í kjölfarið eru nýburar oft skildir eftir á götunni þar sem einhver er líklegur til að finna þau. Því miður eru örlög götubarna oftast aðeins ein: dauðinn bíður þeirra.



MIÐBÆR LOMÉ Hér má sjá nokkrar stærri byggingar og risavaxinn markað þar sem fólk selur klæði, mat, bíldekk og aðrar nauðsynjar.

Götur Lomé-borgar einkennast af ómalbikuðum vegum, lágreistum kofum og sorpi. Í borginni er nefnilega engin sorphirða. Það er ekkert fjármagn til þess. Sumir brenna sorp fyrir

utan heimili sín og lyktin og mengunin er gífurleg. Skellinöðrur þeysast um rykugar götunar framhjá konum sem bera vatn, þvott eða söluvarning á höfðinu.

Upp úr þessu einsleita landslagi rísa turnar SPES-þorpsins. Þeir eru fallgir og í glaðværum skærum litum og hafa orðið að kennileiti sem heimamenn taka eftir og dást að. Barnaþorpið er byggt í hefðbundnum afrískum stíl þar sem húsin eru hringlaga með háum þökum. Innandyra ræður forstöðukonan Immaculée Ameganvi ríkjum. Hún er ákveðin, röggóm en hlý kona sem heilsar gestum með innilegu handabandi og fjórum kossum að tógóskum síð. Það er til hennar sem er leitað með börn sem finnast á víðavangi og oft á tíðum eru það nunnur sem koma með börn sem skilin hafa verið eftir fyrir utan klaustur þeirra.

SPES-þorpið hefur hingað til aðeins tekið við börnum undir tveggja ára aldri en hér í þorpinu munu þau búa þar til þau ná átján ára aldri. „Þetta eru Justine og Lucién,“ útskýrir Immaculée og bendir á hljóðlát systkin, tveggja og fjögurra ára, sem sitja með fötur og skóflur innan um fjölda ungra barna. „Faðir þeirra er dáinn og móðir þeirra er of veik til þess að geta sinnt

Framhald á næstu opnu

EFNAHAGUR OG PÓLÍTÍK

Í Tógó er fólk svartsýnt á framtíðina. Samt mættu 95 prósent Tógóbúa á kjörstað í kosningum sem fram fóru í október síðastliðnum og kusu í von um bættu framtíð. Fauré Gnassingbé var réttkosinn forseti þjóðarinnar sem í kjölfarið bauð stjórnarandstöðinni í pólitískt samstarf um að efla þjóðina.

Evrópusambandið hefur á ný lofað fjárstyrk og hann gæti mögulega verið lyftistöng fyrir samfélagið. Enn er verið að ræða smáatriðin í samningi sem gæti hljóðað upp á 175 milljóna dollara þróunaraðstoð yfir næstu fimm árin. Ef til vill væri eitthvað hægt að gera í fjármálageiranum, baðmullariðnaði, orku og fosfat-íðnaði og þar með hækkað þjóðarframleiðsluna upp í næstum 4 prósent á þessu ári. Aðalframleiðslan hér er baðmull en það var dregið úr framleiðslu vegna þurrka í Akosombo-stíflunni í Ghana. Flóð í Norður-Tógó, sem hafa verið skelfileg fyrir fólkið sem þar býr, hafa þó komið sér vel fyrir stífluna sem þýðir að orkuflutningur hefist enn á ný til Tógóbúa. Eitt stærsta vandamálið sem snýr að heimamönnum um þessar mundir er hversu vinsæl höfnin í Lomé hefur orðið á ný fyrir nágrannalönd Tógó. Nú þurfa stjórnvöld að berjast við spillingu og lélega stjórnun á höfninni sem er ásamt höfninni í Benín að verða ein af helstu eiturlyfjasmyggleiðum Mið-Austurlandanna í gegnum Afríku og svo áfram til Evrópu.



BT

BETRA VERÐ Í BT

5.499,-

Hinn islenski þursaflokkur (5 CD's)

2.299,-

Laugardagslögin 2008

44.999,-



PLAYSTATION 3

This is living

PLAYSTATION 3

PS3 Leikjavél 40 GB

Playstation 3 inniheldur þráðlaust netkort og 40 GB harðan disk. Playstation 3 er líka Blu-Ray spilarí fyrir myndir í HD, 943075.



47.999,-

XBOX 360
Xbox 360 Elite
Console

6.999,-
HEITAR VÖRUR

This is living

Unreal Tournament 3

Burnout paradise

Fifa Street 3

Turok 3

XBOX 360 6.999,-

XBOX 360 6.999,-

XBOX 360 6.999,-

6.999,-

XBOX 360
Kingdom under Fire

6.499,-

Wii
Super Mario Galaxy

2.299,-
HEITAR VÖRUR

DVD

THE KINGDOM

EASTERN PROMISES

FAMILY GUY

THE HEARTBREAK KID

WEDDING DAZE

2.299,-

DVD

RATATOUILLE

Blu-ray Disc

RATATOUILLE

2.999,-

þeim. Þau eru frá norðurhluta Tógó og tala hvorki ewé né frönsku og enginn hér getur talað við þau.“

Justine hefur sérstakt augnaráð og fylgist grannt með þeim full-orðnu. Börnin eru í heild óvenjulega þæg og róleg en sækja fast eftir því að fá að skrifa upp í fangið á fóstrum eða gestum. „Stefna okkar er sú að þessi börn séu umkringd sín eigin fólki og að þau fái að alast upp í menningu Tógó. Við höfum engin afskipti af trúmálum þeirra og við sendum þau í leikskóla og skóla hér í grenndinni til þess að þau einangrist ekki frá umhverfi sínu.“ útskýrir Njörður. „Hér í þorpinu fá þau fæði, klæði og umönnun og einnig hjálp við heimanámið. Við viljum hjálpa þeim að fóta sig hér í samfélaginu. Við höfum hingað til aðeins tekið á móti ungum börnum til þess að betur gangi að aðlagja þau en við erum að velta því fyrir okkur að taka líka við eldri börnum því þörfin er mikil.“

Styrktarforeldrar eru stoðir starfsins

Öll umgjörð barnaþorpsins er glöðleg og snyrtileg. Eldri börn sitja í opnum skálum yfir heimanáminu þar sem leiðbeinandi fer yfir sögu og landafræði á töflu. Svefnskálar barnanna eru einfaldir en snotrir og á hverju rúmi er bangsi eða tuskudýr og skápar fyrir sérhvert barn þar sem allir eiga nægilegan fatnað. Börnin ganga í skóla eða leikskóla á daginn og að loknum skóladegi hópast þau inn, fara í sturtu og skipta um fót áður en þau annaðhvort byrja að læra heima, fara í fótbolta eða á róluvöllinn þar til matartíminn hefst. Nokkur hinna hringlaga húsa eru merkt þeim styrktaraðilum sem gáfu þau.

„Við erum afar þakklát fyrir styrki frá Þróunarsamvinnustofnun, Glitni, Baugi og Kaupþingi sem hafa gert okkur kleift að byggja fleiri hús og efla grunnskólann hér í hverfinu.“ segir Njörður. „En daglegt starf okkar byggist aðallega á fjármagni því sem við fáum frá styrktarforeldrum á Íslandi, í Frakklandi og í Belgíu. Slíkir styrktarforeldrar greiða 77 evrur fyrir eitt barn sem renna óskiptar til barnsins og grunnþarfa þess. Við leggjum líka mikið upp úr því að það séu samskipti milli styrktarforeldranna og barnanna og ófáir þeirra hafa heimsótt börnin hingað í þorpið.“

Börnin hitta sálfræðing tvisvar í viku og eru undir vikulegu lækniseftirliti. Mörg þeirra eru kviðslitin sem lýsir sér í afar útböndum maga og þurfa að fara í aðgerð þess vegna. „Fæðingar eru frumstæðar hér og illa gengið frá naflastreng,“ útskýrir Njörður og bætir við að mörg börnin komi fávæik, sýkt af ormmum og niðurgangi og í skelfilegu ástandi í þorpið. Algengt er að kornungar tógóskar stúlkur – ellefu, tólf og þrettán ára, verði barnshafandi og líkamar þeirra alls ekki tilbúnir í barneignir. Ef þær lifa yfirhöfuð af fæðingu barns síns þá rifna þær oft svo illa að þær geta hvorki haldið þvagi né saur í kjölfarið, fá sýkingar og er oft á tíðum fleygt á dyr af foreldrum sínum. Börn þessara barna enda svo yfirgefin á götum borgarinnar.

Hvarvetna á götum Lomé er auglýsingaherferð áberandi; skilti, með mynd af miðaldra manni, með áletruninni „Hvað myndir þú gera ef þessi maður svæfi hjá ungri dóttur þinni? Af hverju sefur þú þá hjá ungri dóttur hans? Við verðum að stöðva þessa hættulegu hegðun.“

Annað þorp rís í Kpalimé

Mikilvægur liður í starfi SPES í Lomé er hversu mikið samtökin hafa styrkt hverfissskólann, grunnskólann í Kélegougan. Þar eru um hundrað börn í hverjum bekk og aðstæðurnar frumstæðar. Samtökin gáfu skólanum nýja skólabyggingu í fyrra og hafa meðal annars gefið stílabækur og tölvur til að bæta starfsemi hans. Menntun þessara barna er auðvitað grundvallaratriði til þess að þau geti lesið og skrifað og fóta sig í lífinu.

Hér í Tógó er það samt dapurleg staðreynd að margir þeirra sem hafa verið svo heppnir að komast í gegnum skóla og ná stúdentsprófi fara gjarnan til Frakklands eða



STARFIÐ BYGGIST Á STYRKARFORELDNUM Aðeins 77 evrur á mánuði sjá fyrir þörfum eins barns í SPES-þorpinu en þar geta þau verið til átján ára aldurs. Mynd/AMB



ÞAKKAÐ FYRIR MEÐ DANSI Börn í grunnskólanum í Kélegougan þakka SPES-samtökunum fyrir ómetanlegan stuðning með fallegri sýningu á þjóðlegum dansi.



NÝTT ÞORP RÍS Í NORÐRI Undirbúningur er hafinn að byggingu nýs barnaþorps í bænum Kpalimé. Hér má sjá konur bera vatn til þess að blanda það sementi.

annarra landa og koma aldrei aftur sökum ástandsins í heimalandinu. En hvernig á Tógó að rétta úr kútnum ef eina menntaða fólki flýr úr landi í stað þess að byggja upp það sem fyrir er í fódurlandinu? „Með því að virða menningu barnanna, ráða heimafólk til starfa í þorpinu og senda þau í hverfissskólann vonumst við til þess að þau í kjölfarið verði nýttir þegnir þessa lands,“ segir Njörður.

SPES-samtökin hafa nú þegar hafist handa við að byggja annað barnaþorp í Tógó, í bænum Kpalimé sem er í um tveggja tíma akstursfjarlægð norður af Lomé. Þreifingar hafa verið um fleiri barnaþorp í öðrum Afríkulöndum

eins og til dæmis Kamerún en Njörður er ekki sannfærður. „Við verðum að gera þetta svo afskaplega vel, með fólki sem við þekkjum vel og treystum og verðum að fara hægt í sakirnar, og varlega. Við berum mikla ábyrgð á öllum þessum börnum.“

Sjálfr styrkja Njörður og Bera bráðgreindan og fallegan átta ára dreng sem nefnist Felix og er sérlega hæundur að þeim. „Síðast þegar ég var hérna þá bað hann okkur um að taka sig heim til Íslands,“ segir Njörður. „Auðvitað er það afskaplega erfitt að neita honum um það. En við vitum að hér á hann heima og mun vonandi gera stóra hluti í framtíðinni.“

LANGAR AÐ ÆFA FÓTBOLTA

Komlavi, sex ára gamall drengur í SPES-barnaþorpinu

Nafnið hans þýðir þriðjudagur en hver veit fyrir víst hvort hann fæddist á þeim degi. Drengurinn er munaðarlaus og hefur verið hér í barnaþorpinu í fjögur ár. Hann er einn síns liðs að lesa fransk-íslenska orðabók og þylur upp orðin sem byrja á M.

„Malade, maladie, malin...“ Mikið ertu duglegur að lesa, segi ég og sest við hliðina á honum. Þetta er ansi gott fyrir sex ára dreng! Það er líka ágætt að lesa orðabók, þá lærir maður ný orð.

„Komstu með flugvél frá Íslandi?“, spyr hann mig alvarlegur og rannsakarandi á svip. Já, ég kom í flugvél. Langar þig að ferðast með flugvél? „Nei,“ svarar hann ákveðinn. „Mér líka ekki við flugvélar. Þegar ég er orðinn stór þá ætla ég að fara til Ghana.“ Það er nú ekki svo langt í burtu. Af hverju ætlaðu þangað? „Ég er frá Ghana,“ útskýrir hann. „Og ég held með fótboltiðinu þar. Heldurðu að ef flugvél þín stoppar í Ghana að þú gætir náð handa mér í landsliðsbúninginn þeirra? Hann er hvítur. Þá meina ég treyjuna og buxurnar og skóna. Ég held annars með Tógó. Ef ég verð duglegur að æfa fótbolta þá get ég grætt pening og orðið ríkur.“ Og hvað ætlaðu að gera ef þú verður ríkur? „Þá ætla ég að kaupa hús í Ghana og verða prestur.“ Af hverju viltu verða prestur? Finnst þér kirkjur fallegar? „Já, þær eru fallegar. Og þar er falleg tónlist. Einu sinni sungum við lengi í kirkju. Hér er kaþólsk kirkja rétt hjá.“

Erú ljón í Ghana? Já, þau eru á sléttunum. Og filar líka. Mér finnst filar fallegir. En ég myndi skjóta ljónin með rifflinum mínum.“ Þegar ég fór til Tógó hélt sonur minn að ég myndi hitta ljón. Hann er jafngamall þér. „Horfir hann á sjónvarp?“ Já, hann horfir mikið á sjónvarp. „Ég hef séð tvær myndir. Ég sá konung ljónanna og fiskinn Nemo. Og já, alveg rétt, ég sá líka Hringjarann í Notre Dame. Það er ljót kirkja og presturinn þar var vondur.“ Já, það er rétt. En vissir þú að kirkjan er til í alvörunni? „Er til snjó í alvörunni á Íslandi?“ Það er fullt af snjó á Íslandi. Langar þig að sjá snjó? „Mig langar að búa til snjókarl. En ég myndi ekki vilja fara í svona stígvél eins og þú ert í. Ég myndi bara vera berfættur en ég myndi setja á mig vettlinga. Og kannski húfu. Hvernig er landsliðsbúningurinn á litinn?“ Hann er blár. „Mig langar svo mikið að æfa og æfa fótbolta. Tógómenn eru mjög góðir í fótbolta en samt er alltaf verið að vinna þá. En næst munum við sko sýna þeim! Við munum sýna þeim. Við ætlum að vinna öll löndin í fótbolta.“ Já, þá verður þú að vera duglegur að æfa þig og ganga svo í liðið.

„En heyrðu. Geturðu tekið mynd af mér?“ Já það skal ég gera. „Þá geturðu sýnt stráknum þínum myndina af mér þegar þú ferð til Íslands.“ Hann verður glaður yfir því. „En heldurðu að þú komir einhverntímann aftur hingað til Tógó? Að heimsækja mig?“ Það vona ég. Ég skal allavega senda þér póstkort með fótboltamyndum. Myndi það gleðja þig? „Já, en það væri samt gaman ef þú kæmir aftur á morgun að tala við mig.“ Ókei, það er dill. Við sjáumst á morgun.



GLÆDLEGIR TURNAR SPES-ÞORPSINS Margir styrktaraðilar hafa komið að byggingu þessara vinalægu húsa.

FÓÐUR OG FIÖR

Á landsbyggðinni er víða hægt að gera vel við sig með góðum mat og menningarlegri skemmtun um helgina.

MATUR 5



HIPPATÍSKA

Nýjar vörur eru komnar í verslanir nú þegar útsölonun er að ljúka og eru áhrifin greinilega alls staðar frá.

TÍSKA 7



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðir bílar hjá Porsche Ísland



Porsche Cayenne S

Verð 9.800.000,-

Nýskráður: 01.2007 - Ekinn: 8 þús. km - Slagrymi: 4500 cc - Hestöfl: 340 hö
Skipting: Sjálfskiptur 6 brepa - Litur: Basalt Black Metallic

Aksturstólva, Auka felgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Glerþoppluga, Handfrjáls búnaður, Hiti í sætum, Hleðslufarnari, Hraðastillir, Innspyting, Kastarar, Kælibox, Leðuráklæði, Leiðsögukerfi, Litað gler, Liknarbelgir, Loftdæla, Loftkæling, Loftþúfaþjóðurun, Nálægðarskynjarar að framan og aftan, Rafdrifnar rúður, Rafdrifin speglar, Stöðugleikakerfi, Toppluga, Vindskeið/spoiler, Xenon aðalljós, Þakbogar, Bose hljómtæki, 20" sumargangur á Turbo felgum, Rafdrifin sæti, innbyggður sími, **Umboðsbíll !!!!!**

Nánari upplýsingar hjá PORSCHE á Íslandi - 590 2000



Góður staðgreiðsluafsláttur



Mercedes Benz GL 450

Verð 7.990.000,-

Nýskráður: 10.2006 - Ekinn: 16 þús. km - Slagrymi: 4700 cc - 8 Strokka vél
Skipting: Sjálfskiptur - Litur: Silfurgrár

Aksturstólva, Álfelgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geisladiskamagasin/Spilari Glerþoppluga, Handfrjáls búnaður, Hiti í sætum, Hraðastillir, Hleðslufarnari, Innspyting, Kastarar, Leðuráklæði, Leiðsögukerfi, Litað gler, Liknarbelgir, Loftkæling, Minni í sætum, Rafdrifin sæti, Rafdrifnar rúður/speglar, Samlæsingar, Stöðugleikakerfi, Toppluga, Vindskeið/spoiler, Vökvastýri, Xenon aðalljós, Þakbogar, 18" dekk, ofl.

Nánari upplýsingar hjá PORSCHE á Íslandi - 590 2000

Staðgreitt 7.570.000,-

Porsche Ísland

Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
590 2000
www.porsche.is

Benni
www.benni.is



„Maður verður að hugsa vel um svona góðan bíl,“ segir Sýlvía sem er búin að panta sér aukaljós og aðra smáhluti gegnum netið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maður verður að hugsa vel um svona góðan bíl

Sýlvía Björg Kristinsdóttir er félagi í sportbíla-klúbbnum Live2cruise enda er hún áhugamann-eskja um bíla og keyrir um á sportlegri Hondu Civic sem hún er hæstánægð með. Hún passar líka vel upp á hana og er ólöt að bóna.

„Ég tók bílpróf fyrir ári og nokkrum dögum síðar keypti ég mér Peugeot 306, af árgerð 1998 sem ég var mjög ánægð með. En hálfu ári síðar klessti ég hann. Það var ekki gott. Svo nú í endaðan nóvember keypti ég mér Hondu Civic 1600, '97 módel. Það er mjög góður bíll sem gaman er að keyra. Kraftmeiri og flottari en Peugeot-inn.“ Þannig segist Sýlvía Björgu Kristinsdóttur frá þegar hún er spurð út í ökutækjaeign sína. Þótt Hondan teljist rúmlega tíu ára segir Sýlvía Björg nýlega vél í henni sem sé bara keyrð 95 þúsund kílómetra. Hvað var það helst sem heillaði hana við bílinn? „Til dæmis boddíkitt-ið. Þegar ég keypti hann var búið að setja á hann sportlega stuðara bæði að aftan og framan og alls konar skraut svo hann næstum strýkst við götuna, sem er mjög flott. Svo hef ég verið að panta ýmislegt á hann í viðbót, ný ljós og fleira sem kemur

fyrir sumarið. Auk þess er ég búin að setja í hann rosa finar hlómflutningsgræjur með bassaboxi. Þær fylla næstum skottið. Bíllinn er með kraftpústi þannig að það heyrast þvílíkar drunur þegar ég tek af stað en ég fékk mér hljóðdeyfi til að hrella nágrannana aðeins minna.“

Sýlvía er á upplýsinga- og fjölmiðlabraut Iðnskólans í Reykjavík og að sjálfsgöðu fer hún á Hondunni í skólann. Passar þó að halda henni hreinni og er ólöt að bóna. „Maður verður að hugsa vel um svona góðan bíl,“ segir hún ákveðin. „Kærastinn minn hefur aðstöðu á litlu verkstæði. Þar get ég bónað bílinn og fiktað í honum. Er til dæmis búin að saga af gírstönginni svo ég sé fljótari að skipta.“

Oft kveðst Sýlvía Björg fara á Hondunni á rúntinn og þá aðallega niður í bæ, meðal annars til að hitta aðra bílaáhugamenn enda er hún í sportbíla-klúbbnum Live2cruise. Þar eru haldnar samkomur reglulega, spáð og spekúlerað. Sýlvía Björg er hæstánægð með Honduna en neitar því ekki að eiga sér enn villtari drauma fyrir framtíðina. „Ef ég ætti nóg af peningum vildi ég alveg vera á einhverju öðru en meðan ég er í skóla þá þýðir ekkert að hugsa um það.“

gun@frettabladid.is

Áberandi glæsilegur

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi...

✓ MEIRI BÚNAÐUR ✓ MEIRA RÝMI ✓ MEIRI KRAFTUR

- ✓ TOD - Sjálfvirk drifstýring
- ✓ LRS - Heldur hæð við hleðslu
- ✓ DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- ✓ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ✓ ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- ✓ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ✓ 18" Álfelgur
- ✓ Aksturstólva
- ✓ Bakskynjari
- ✓ ARP - Veltivörn
- ✓ Tölvustýrð spólvörn
- ✓ Og margt fleira....



Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

Benni
www.benni.is

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan OS
Njardarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bílasala Vesturlands
Sölbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradsalbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornid hjá Sissa
Brekustíg 3B
Sími 420 3300

CAPTIVA Chevrolet Captiva er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra okumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél og 5 brepa sjálfskipting, og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhófanum - Alltaf heitt á könnunni.

GÆÐI & FRÁBÆRT VERÐ





Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Bremsuhlutir í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Hvað kostar rekstur jeppa?

Árlegur rekstrarkostnaður jeppaeigenda er á þriðju milljón króna, samkvæmt nýjum útreikningi FÍB. Hér má sjá forsendur útreikninganna.

Kostnaður við rekstur og eign jeppans í þessu dæmi miðast við eitt ár. Við útreikninga er stuðst við bíl sem kostar 5.800.000 krónur, sem annars vegar er ekið 15.000 km og hins vegar 30.000 km á ári. Endurnýjun bifreiðar miðast við árlegan akstur, þ.e. eftir 5 ár miðað við 15.000 km á ári og eftir 3 ár miðað við 30.000 km á ári.

Eldsneytiseyðsla, viðhald, skattar, tryggingar, verðmætatap og vextir eru grunnur þessara kostnaðarreikninga. Hver og einn getur notað töluna til viðmiðunar rekstrarkostnað eigin bifreiðar.

Útreikningar styðjast við meðaltöl þannig að ekki er hægt að búast við nákvæmum niðurstöðum í einstökum tilvikum. Ákveðin fylgni er á milli vissra útgjalda-liða sem tengjast verði og stærð bifreiða, svo sem bensínkostnaður, tryggingar, viðhald og verðrýrnun. Þetta gerir bifreiðaeigendum kleift að glöggva sig á rekstrarkostnaði eigin bifreiðar.

Það sem vegur þyngst í bifreiðakostnaði er kostnaður vegna notkunar (A) og verðrýrnunar (D). FÍB-félagar njóta margvíslegs afsláttar af þjónustu og rekstrarvörum vegna bifreiða-



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, vann nýjan útreikning á rekstrarkostnaði jeppa miðað við janúar 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

eignar sinnar og geta í mörgum tilfellum lækkað kostnað sinn verulega.

Forsendur útreikninga

Bensínverðið er haft fast. Þessi liður er breytilegur og ræðst af þróun bensínverðs á heimsmarkaði og landfræðilegri staðsetningu. Bíleigendur sem reikna út kostnað vegna eigin bíls færa inn það bensínverð sem þeir borga. Val neytenda varðandi þjónustustig og verðlagningu hefur aukist með fjölgun sjálfsafgreiðslustöðva. Opinberir skattar eru yfir 50 prósentum af söliverði bensíns og dísilolíu frá söludælu.

Viðhald og viðgerðir er meðaltalskostnaður vegna ábyrgðarskoðana samkvæmt forskrift framleið-

enda. Tekið er tillit til viðgerða og varahlutakostnaðar miðað við notkun (eknr kílómetrar og eignarár) í samræmi við rannsóknir bifreiðaeigendafélaga á Norðurlöndum. Endurryðvörn og smurþjónusta er einnig inni í þessum lið. Upplýsingar um varahlutaverð, efnis-, vinnu- og þjónustukostnað eru fengnar frá bifreiðaumboðum, varahlutasölum, ryðvarnarfyrirtækjum og smurstöðvum.

Hjólbarðar – Gert er ráð fyrir að fjögur vetrardekk séu keypt með nýjum bíl. Umfelgun og jafnvægisstilling á hjólbarðaverkstæði, tvisvar á ári, er tekið með í reikninginn. Útreikningar á hjólbarðasliti eru unnir með hliðsjón af handbók Alþjóðabankans, Quantification of Road User Savings, QRUS. Upp-

TOYO TIRES

ALVÖRU
JEPPADEKK

ALL TERRAIN

MUD TERRAIN

TRANPATH
HARÐSKELJADEKK



FRÁBÆR DEKK
FYRIR ALLAR
AÐSTÆÐUR...

www.toyo.is

Bilabúð
Benna

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

Láttu okkur þjónusta bíllinn þinn...

✓ Shell Smurþjónusta



✓ Smáviðgerðir

✓ Rafgeymar

✓ Þurrkublöð

✓ Perur

Við erum snöggir að laga smáatriðin sem vilja oft gleymast að hafa í lagi...

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30



Árlegur rekstrarkostnaður jeppaeigenda er á þriðju milljón samkvæmt útreikningi FÍB.

Lýsingar: Hjólbarðaverkstæði og QRUS.

Tryggingar – Í útreikningum er stuðst við meðaliðgjald fyrir ábyrgðartryggingu, slysatryggingu ökumanns og eiganda, framrúðutryggingu, kaskótryggingu og váttryggingu ökumanns. Tekið er tillit til sjálfsá-hættu vegna tjóna.

Skattar og skoðun – Bifreiðagjaldið er innheimt tvisvar á ári fyrir 6 mánuði í senn. Nýjar bifreiðar, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, skal skóða í fyrsta sinn á þriðja ári eftir fyrstu skráningu og síðan árlega frá og með fimmta ári, þ.e. fjórða árið þarf ekki að skóða. Útreikningar FÍB styðjast við meðaltalskostnað bifreiða sem keyptar eru nýjar og ekki seldar fyrr en eftir 3 eða 5 ár, og þess vegna er vægi skoðunargjalds í útreikningum minna en gildir um atvinnu- og eða eldri bifreiðar. Úrvinnslugjald er skattur sem lagður er á bíla yngri en 15 ára (700 kr. árið 2008).

Bílastæði, þrif o.fl. – Bílageymslur, stöðumælur og leigustæði. Undir þrif falla heimsóknir á bílabvottastöðvar, bón, hreinsiefni o.fl. Árgjald FÍB 2008 er kr. 4.800.

Verðmætarýrnun er gefin upp bæði í prósentum og krónum og

sýnir meðalverðfall bifreiðar á milli ára, miðað við þriggja eða fimm ára eign. Bifreiðar falla hlutfallslega meira í verði fyrsta árið en næstu 2-3 árin þar á eftir. Verðfall á milli ára eykst oft aftur þegar bifreið er orðin meira en 4 ára gömul. Árlegur akstur hefur áhrif á verðfall og dæmi þess að upptökubílar séu verðfelldir um 5 kr. fyrir hvern km sem þeim er ekið umfram 16.000 km áætlaðan meðalakstur á ári. Bílar halda misvel verði eftir tegundum, útliti og aldri. Í töflunni er stuðst við meðalverðrýrnun bíla í þeim verðflokkum sem þar eru tilgreindir. Upplýsingarnar eru unnar upp úr gögnum frá bílasölum bifreiðaumboðanna.

Fjármagnskostnaður (vaxtatap) – Hér eru reiknaðar út vaxtatekjur af því fjármagni sem, að meðaltali, er bundið í bifreið á eignartíma hennar. Stuðst er við raunvexti sem í boði eru hverju sinni. Formúlan sem notuð er við útreikningana styðst við jafnaðarverðmætarýrnun á hverju ári.

$$\text{Fjármagnskostnaður} = \frac{V}{100} * \frac{I+E}{2}$$

V = raunvextir

I = innkaupsverð, nýr bíll

E = endursöluverð (e. 3 eða 5 ár)

Rekstrarkostnaður jeppa - janúar 2008

Útreikningur FÍB miðast við að bifreiðin hafi verið keypt ný.

Verðflokkur (kr)	5.800.000	5.800.000
Þyngd (kg)	1900	1900
Eyðsla (l/100 km)	16	16
Tryggingaflokkur	3	3
Eignarár	5	3
Akstur á ári (km)	15000	30000

A: Kostnaður vegna notkunar

Bensín (139,50 kr./l)	335.000	670.000
Viðhald og viðgerðir	125.000	178.000
Hjólbarðar	56.000	77.000
Kostnaður á ári	516.000	925.000
Kostnaður á km	34,40	30,83

B: Tryggingar, skattar og skoðun

Tryggingar	152.000	152.000
Skattar og skoðun	35.700	35.200
Kostnaður á ári	187.700	187.200
Kostnaður á km	12,51	6,24
A+B á km	46,91	37,07

C: Bílastæði og þrif

Bílastæðakostnaður	7.100	7.600
Þrif, o.fl.	18.800	20.500
Kostnaður á ári	25.900	28.100
Kostnaður á km	1,73	0,94
A+B+C á km	48,64	38,01

D: Verðrýrnun

Verðrýrnun/ári (%)	12	15
Verðrýrnun/ári (kr.)	696.000	870.000
Kostnaður á km	46,40	29,00
A+B+C+D á km	95,04	67,01

E: Fjármagnskostnaður

Vaxtakostnaður 7%	243.600	314.650
Kostnaður á km	16,24	10,49

Samtals heildarkostnaður yfir 1 ár

Heildarkostn. á ári	1.669.200	2.324.950
Heildarkostn. á km	111,28	77,50



Gert er ráð fyrir að fjögur vetrardekk séu keypt með nýjum jeppum.

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 5. mars

GÓÐIR NOTAÐIR ATVINNUBÍLAR



Volkswagen LT 35 116 hö.
Árg.2004 ekinn 120.000 km
Hliðarhurð báðum megin



Renault Master 114 hö.
Árg. 2001 ekinn 136.000 km
Lyfta og hliðarhurð báðum megin



Mercedes Benz Atego 280 hö.
Árg. 2001 ekinn 293.000 km
Kassi og 1,5 tonna lyfta



Man L33 180 hö.
árg. 2004 ekinn 90.000 km
Vörukassi, 1,5 tonna lyfta og kælivél



Iveco Trakker 440 hö.
Árg. 2006 ekinn 46.000 km
Cantoni hálftrunna pallur



Iveco EuroCargo 240 hö.
Árg. 2001 ekinn 146.000 km
Kassi og lyfta



Iveco Daily 176 hö.
Árg. 2007 ekinn 6000 km
7 manna vinnuflokkabíll með föstum palli

Beinn sími sölumanna:
Þórir 840 7341
Gunnar Ingi 840 7345



Sími 588 2600 www.velaver.is

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimaging á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Barcelona

28. eða 31. mars

frá kr. **21.690**



Allir elska verið í Barcelona!

Heimsferðir bjóða einstök tilboð á allra síðustu sætum til Barcelona í mars. Í boði er frábært tilboð á þriggja náttu helgarferð 28. mars og á flugsætum 31. mars. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Griptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Verð kr. **21.690**
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum, 31. mars-3 apríl.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Aragon *** í 3 nætur með morgunverði.

Verð kr. **52.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Plaza **** í 3 nætur með morgunverði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Gísli Ólafur hefur áralanga reynslu af því að velja vöð yfir jökulfljót. Hann miðlar fróðleik um það á námskeiði Ferðafélagsins.

Jafnan með járnstaf í hendi

Ferðafélag Íslands stendur fyrir vaðnámskeiði á næstunni sem hentar vel bæði göngufólki og öikumönnum.

„Aðalatriðið er að þekkja eðli og lögmál straumvatna og vita hvaða búnað þarf að hafa meðferðis þegar ekið er út í ár,“ segir Gísli Ólafur Pétursson. Hann er umsjónarmaður vaðnámskeiðs sem á döfnni er hjá Ferðafélagi Íslands. Bóklegi hluti þess fer fram 27. febrúar klukkan 20 í Ferðafélagssalnum í Mörkinni 6. Verklei hlutinn fer fram 8. mars inni á Merkuraurum þar sem æfingar verða stundaðar í Jökulsá, Steinhóltsá, Hvanná og Krossá. Það er tveggja daga ferð því gist verður í Skagfjörðsskála þar sem grillveisla og kvöldvaka verður á laugardagskvöldið.

Gísli Ólafur ólst upp í Fljótshlíðinni. Hann kynntist því í æsku að velja bestu vöðin yfir vatnsföll og þekkir Merkurárnar eins og lófann á sér. Hann segir alltaf vissara að kanna botninn skref fyrir skref áður en keyrt er út í vötn. „Því er lykilatriði að hafa alltaf með sér stígvél og járnstaf,“ segir hann og hefur fleiri heilræði á takteinum. Eitt er að hafa hnén aðeins bogin þegar vaðið er í straumvatni, því annars



Hér er botninn kannaður af kostgæfni.

er hættu á að detta. „Svo má alls ekki horfa ofan í strauminn þegar út í er komið, nema nokkrar sekúndur í einu, því þá fer mann að sundla,“ segir hann. Einnig segir hann margs að gæta þegar ekið er yfir vatnsföll. Eitt af grundvallaratriðum sé að vera í lágum grí og láta vélina ganga af hæfilegum krafti.

Gísli Ólafur hefur greinilega miklu að miðla um hvernig beri að haga sér gagnvart íslenskum, óbrúðum jökulám, hvort sem menn eru gangandi eða akandi. Hann segir takmarkaðan fjölda komast á námskeiðið sem fram undan er en hvetur þátttakendur til að vera vel klædda. Bendir á að fjölskyldufólk geti dvalið í Langadal meðan á verklegri kennslu stendur og að gisting og matur sé ókeypis fyrir börn.

gun@rettabladid.is



Á FERÐ UM HEIMINN Ógleymanleg ævintýri

KILIMANJARO
7. - 22. júní

Mt. BLANC
21. - 29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. júlí

SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí

25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus

1. - 8. ágúst

MAROKKÓ
6. - 13. september

NEPAL
18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is
sími: 587 9999



Hótel Skaftafell er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

Fosshótel í Skaftafelli

Samið hefur verið um að Fosshótelkeðjan taki Hótel Skaftafell á leigu næstu þrjú ár frá 1. mars að telja.

Hótel Skaftafell er reist og rekið af hjónunum Önnu Maríu Ragnarsdóttur og Jóni Benediktssyni í Freysnesi. Þau byrjuðu með útleigu á nokkrum herbergjum í eigin húsi fyrir 20 árum en hófu fljótlega byggingu hótels sem þau hafa síðan stækkað og endurbætt eftir því sem árin hafa liðið. Lipurð þeirra og þjónustulundur er víðfræg. Nú hafa þau leigt Fosshótelkeðjunni rekstur hótelsins frá og með næstu mánaðamótum en verða samt áfram í Freysnesi og sinna greiðasölu í Shellskálanum ásamt fleiru.


Nýr hótelstjóri verður Dóra Guðrún Ólafsdóttir í Svínafelli.

- gun

allt

matur o.fl.

Papriku má fá græna, rauða og gula. Allar paprikur eru grænar fyrst en þroskast svo í gula eða rauða. Sú rauða inniheldur mest af C-vítamíni eða 145 mg.



Listilegt fóður og fjör

Á meðan *Food and fun* stendur sem hæst í höfuðborginni býður landsbyggðin upp á hátíðina *Fóður og fjör*.

Hátíðin *Fóður og fjör* er svar landsbyggðarinnar við *Food and fun* sem haldin er í höfuðborginni um helgina. Og í fyrsta sinn sem landsbyggðin fagnar íslenskrumatargerðarlist undir sameiginlegum merkjum.

Hátíðin hófst á fimmtudaginn og lýkur á morgun. „Þetta er tilraunaverkefni til að kynna íslenskt hráefni og gera íslenska matargerðarlist sýnilega á landsbyggðinni. Einnig til að kynna Ísland að vetrarlagi enda mörg hótél og veitingastaðir opin allan ársins hring með hæfileikaríkt fagfólk,“ segir Guðríður Haraldsdóttir verkefnastjóri, sem vonast eftir samstarfi við *Food and fun* fyrir næstu hátíð. Og að enn fleiri veitingastaðir verði með að ári.

Þátttakendur eru Hótel Hérað sem býður upp á danska gestakokka og nýnorrænan matseðil. Hótel Höfn býður ljúf skemmtiatriði og nýjungar úr rúgbrauði. Hótel Hamar á Vesturlandi býður þríréttaðan matseðil í kvöld og kaffihlaðborð með hnallþórum á morgun. Í næsta nágrenni er Landnámssetrið með matgæðingana Jóhönnu Vigdís Hjaltadóttur og Gísla Einarsson fréttamann í heimsókn á morgun og girnilega rétti á hlaðborði. Á Hótel Glym er þemað Konur og kertaljós í kvöld ásamt hátíðarmatseðli, sigildri gítartónlist, kvennakokkteil og gjöfum til þeirra kvenna sem gista í tilefni dagsins. Hótel Rangá við Helli og Rauða húsið á Eyrarbakka bjóða sunnlenska veislu alla helgina og á Rangá er svokallaður svartur og hvítur matseðill. Veitingastaðurinn við Pollinn á Ísafirði er fulltrúi Vestfjarða. Þar mun Ísafirðingurinn Ingi Þórarinn Friðriksson, sem starfar í Perlunni, töfra fram rétti úr vestfirsku hráefni með norrænum blæ. Á morgun verður síðan tveir fyrir einn-tilboð á gistingu og morgunverði á Hótel Ísafirði á hagstæðu verði. Norðurland býður til borðs með áströlskum blæ á Sel-Hótel Mývatn, Hótel Reynihlíð í sömu sveit verður með fimm rétta veislu og sérvalda drykki. Friðrik V á Akureyri hefur hins vegar fengið til liðs

Guðríður Haraldsdóttir, verkefnastjóri Fóðurs og fjörs, vill færa íbúum landsbyggðarinnar góða matargerðarlist og kynna Ísland að vetri til.

MYND/SKESSUHORN



við sig Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóra og blandar þar saman gómsætum réttum og menningu.


„Flestir staðirnir eru með einhverja viðburði í tengslum við hátíðina eins og nafnið ber með sér,“ segir Guðríður og vísar í fjör-hluta nafnsins. „Borgarbúar fá *Food and fun* svo eitt af markmiðum er að íbúar landsbyggðarinnar geti einnig fagnað góðri matargerðarlist og gert sér glaðan dag. Síðan er tilvalið fyrir borgarbúa að smella sér út á land,“ en Guðríður tekur fram að örfá sæti séu laus víða um land. Viðtökur hafa verið stórgóðar og Guðríður segir að stefnt sé að árlegum viðburði til heiðurs matargerðarlistinni á landsbyggðinni.

rh@frettabladid.is



Halldór Halldórsson matreiðslumeistari hjá Hótel Höfn gaddrar fram nýstárleg lista- verk úr rúgbrauði.

Fyrir norðan er ástralskur andi með norrænum brag meðan á hátíðinni stendur á Sel Hótel Mývatni.



Á sjálfan konudaginn er tilvalið að gæða sér á góðri köku.



Food & Fun

ICELANDAIR, REYKJAVÍKURBORG OG ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR KYNNA:

AÐALKEPPNI FOOD & FUN

Á MORGUN, LAUGARDAG 23 FEBRÚAR Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSINU. KL. 12:30-16:00

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Reykjavíkurborg

ICELANDIC
AGRICULTURE

Landsbankinn

NI

ILAGARUP

Olgeir

HÖRSKJÓGAN

Reykjavík

ALNO

ALNO



Helgidómur heimilisins



Lykilþáttur að fallegu baðherbergi er gott samspil innréttinga, áhalda, blöndunartækja og smáhluta.



„Romantik“, stílhrein og rómantísk baðherbergislína úr postulíni, sem samanstendur af sápuðælu og tannburstaglasí. Verð 399 krónur. Fæst í Rúmfatalagernum.



Hugmyndir að fallegu og vel heppnuðu baðherbergi.

Einn lykilþátturinn að fallegu og vel heppnuðu baðherbergi er að velja innréttingar, áhöld, blöndunartæki og síðast en ekki síst smáhluti af ýmsu tagi sem vinna vel saman. Gildir þá einu hvort ætlunin er að ná fram stílhreinni naumhyggju, íburði eða asískum áhrifum. Oft þarf til dæmis ekki meira en rétta sápuharið, handklæðið, burstann eða eitt logandi kerti til að vaskurinn og allt sem honum fylgir taki á sig mynd hreinasta helgiskrínis á snyrtingunni. Fyrir þá sem hafa hug á því eru hér nokkrir hlutir sem gætu hentað til þess og aldrei að vita nema hér sé að finna þann sem setur punktinn yfir i-ið. - rve

Sápuskammtari úr stáli á 1.035 krónur. Fæst í BYKO.



Kerti úr versluninni í Occitane á Laugavegi.



Sápuskál, sem er hluti af baðfittingssetti sem inniheldur klósett-rúlluhaldara, handklæðahring, sápuskál, snaga og tannburstaglas. Allt settið á 6.202 krónur. Fæst í BYKO.



Oxo sápuskammtari úr stáli og glæru plasti neðst svo að það sjáist þegar sápan er að klárast. Verð 2.250 krónur. Fæst í Kokku.



VIPP sápuskammtari, úr stáli og er hluti af ruslafötulínu frá VIPP, til í kremuðu, hvítu, svörtu og stáli og í árgangslitnum hvert ár. Verð 8.500 krónur. Fæst í Kokku.



MICHAEL
MICHAEL KORS

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551 4100

Frábær úralína frá Michael Kors



Appelsínurauður bómullarkjöll úr Topshop. Verð 6.990 krónur.



Stuttur jakki með kvartermum. Silfurlituðu tölurnar gefa honum afgerandi yfirbragð. Fæst í Retro og kostar 14.990 krónur.



Sportleg peysa með óvenjulegu sniði. Fæst í Vilu og kostar 3.490 krónur.

Hippaáhrifin og allt hitt

Nú er síðustu útsölum að ljúka og búðirnar að fyllast af nýjum og spennandi vörum.

Fjölbreytileikinn virðist ráða ríkjum og úrvalið er langt frá því að vera einsleitt. Það örlar jafnvel á hippaáhrifum hér og hvar. Svörtu klassísku flíkurnar eru þó alltaf á sínum stað í bland við litrík og lokkandi plögg.

vera@rettabladid.is



Tigrisdýranæla úr Retro. Verð 2.990 krónur.



Sparilegur bolur með hvítri blúndu á öxlum og aftur á bak. Retro: 5.990 krónur.

Ætli hippatiskan sé að koma aftur? Svo virðist vera ef marka má þessar útvíðu buxur úr Vilu. Verð: 9.900 krónur.



Sigga & Timo

GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS



NÝJAR VÖRUR

BIRNA

Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net



RONALD
JOYCE

FAVIAN
NEW YORK

Opnum í dag

Glæsilega brúðarkjólaleigu að Stórhöfða 17 Full búð af nýjum vörum. Árshátíðarkjólar, skór, skart og m.fl.

Létt förðun í boði fyrir máttun. 15% afsláttur út febrúar Opið frá 11 til 18

Brúðarkjólaleiga Línu & Lilju Stórhöfða 17 við Gullinbrú Sími 567-0990 og 891-7377

ÚTSALA

Pelskápur 26.900 kr Vattkápur 19.900 kr Úlpu 17.900 kr
NÚ 5.900 kr NÚ 5.900 kr NÚ 5.900 kr

...og mörg fleiri tilboð.

ATH Ný sending af dúnkápum
Kr 25.900 5 síddir.

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, s. 588 5518

Opið:
Laugardaga 10-16
SUNNUDAG 12-16

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan

Tangarhófa 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Kia Sportage grand árg 2003, ekinn AÐEINS 58 þús, 5 gir, raf rúð, saml, álf skoð '09. Verð 890 þús, má fara á 490,000!!



Toyota Rav langur árg 1996 ekinn 81 þús, ekinn 150 þús, sjálf raf rúð, saml, heilsársdekk. Verð 590, þús má fara á 390,000!!



Hyundai Santa Fe árg 2002, ekinn 81 þús, sjálf, raf rúð, heilsársdekk, sko '09, þjónustubók. Verð 1690,000, má fara á 1300,000!!



Atos árg 1998, ekinn 75 þús verð 270,000, Sjálf, raf rúð, skoð '09, sumar vetrar. Verð 270,000 fer á 220,000

Bifreiðasalan
Tangarhófa 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Bílalíf.is



TOYOTA LAND CRUISER 120 35". Árg. 2003, ek. 73 þ.km, DIESEL, Sjálf. V. 4.380 þús. Rnr.250020. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4. Árg. 2006, ek. 21 þ.km, BENSÍN, Sjálf. V. 3.690 þús. Rnr.230430. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Arnarbílar



NÝR DODGE AVENGER 2008 evrópu módel, 2.4L Sjálfskiptur, 170 Hestöfl, Leður, Spoiler, Krómgrill, Álfelgur, 6 Diska magasin, Verð 3.590.þ FRABÆRT TILBOÐ 2.890.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is m: 140236 S: 5672700



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL, árg 1/1999, ek 190.þ km, Sjálfskiptur 2.0L, Leður, Álfelgur, Dráttarkúla, Verð 520.þ Áhv 520.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is m: 120404 S: 5672700

Arnarbílar ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100 bílar.is



Toyota Land Cruiser 90, árg. 1999, ek.165þús.km, Beinsk. Dráttabeisli, Spilbíti að framan, Lengdur á milli hjóla og fl. Diesel, Stgr.Tilboð 2000þús.km, Verð áður 2490þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/ysk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Verðvernd í bílasölu.



ATH SKIPTI!!
Geðveikur BMW M5 árg. 2001 - Facelift. 400 hð. Drekkhlaðinn aukahlutum og búnaði. M.a. nýlegar 19" felgur og heilsársdekk, Ac-Schnitzer, spoilerar, allur filmaður, lúga,svart leður, TV & DVD, sími, rosasoundsystem, fjarlægðarskynjun, ofl.ofl. Nýskoðaður '09, ekinn 117. Nýskveraður. Skoða ýmis skipti td bíl, hjóli, sleða ofl. Skiptiverð 3990 þús. Gott stgr. verð í boði. Áhvilandi 3 milj. afb 50þús. Uppl í s. 867 8797.



Einn með öllu!
M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstövla, Álfelgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Glerþopplúga, Hiti í sætum, Höfuðþúðar aftan, Innspyting, Kastarar, Leðuráklæði, Líknarbelgur, Loftkæling, Rafdrifrið sæti öikumanns, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklauss, Samlæsingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Ákvilandi 4.5 mill. Verð 4.990 mill. Uppl. í s.822 8166.



BMW 530xi '06. Fjórhj. drifinn, sjálfskipting, leðurinnr., sóllúga, 10 hátalara HiFi, allt rafdrifrið o.fl. V. 6,4m. s: 6900490



Til sölu Ford Econoline '98, sjúk, 7manna, TV, vhs, leður, '31" fallgur bill. Áhvíl. 1,1 m. + 400 þ. Tilboð. Uppl. í s. 662 2452.



TILBOÐ: RAV4, árg. 2004. ek. 68þús. Krókur, álfelgur, ný dekk. Tilboð: 1950þús. s:6607050



Hyundai Tucson diesel ssk., árg. '05 ek. 52 þ. Einn eigandi. Fallgur bill. Verð 2250 þ. Uppl. í s. 895 6555.



Opel Astra ekinn aðeins 65 þúsund!!! 3 dyra, 5 gir, árg. '01, gangverð 550 þús. en þessi fæst á 450 þús.!!! Áhvilandi 230 þús. Uppl. í s. 662 8290.



Tilboð óskast í Hondu CRV '98 ek. 160 þ. bill í mjög góðu ástandi, vegna flutninga erlendis. Endilega sendið póst: hreinsinn@gmail.com eða s- 825-3667.



Til sölu götuskrað fjórhjól skráð 2ja manna árg. '07 lítid ekið og sem nýtt stór taska fylgir. Uppl. í s. 551 9801 & 860 9801, Þorkell.



Chevrolet Sub. Tahoe. '99. Ek. 86 þús. Milur og DVD ofl. V.1 800 þús. sk. ód. S. 862 5466.



Ford F 350 King Rance árg 2006 ekinn 46þ km.35" breyttur,Lok á palli,öllu miðstöð.Topplúga.Gott verð með VSK. S:898-2811.



Þessi öðlingur Range Rover '88 (Gamall ráðherrabíll). Tilboð óskast. Uppl. í s. 844 4224.



Einn sá glæsilegasti á landinu til sölu Dodge Ram 1500 mega cab Laramie árg. '06 Ek- 24 þ. milur aukadót chrome pakki og verkfærakista á palli 22" króm-aðar álfelgur Og 17" heilsársdekk-á króm-felgur. Tilvalinn bíll fyrir hesta og iðnaðarmenn. Áhv. 2.450 þ. Ásett V. 4.290 þ. Skipti-möguleg á ódýrari-eða litlum vinnubíl. S-861-4012.



FÆST GEGN YFIRTÖKU Á LÁNI. Audi TT '05 ek. 52 þ. Einn eigandi. Fallgur bill. Verð 2250 þ. Uppl. í s. 699 4407.



Til sölu vegna flutninga erlendis! BMW Alpine Special Series '03 ek. 53 þ. í toppstandi. Yfirtaka á láni. S. 858 6781.



Renault Clio '00 ek. 105 þ. Áhv. 70 þ. + 300 þ. út. Uppl. í s. 692 1177.



M.benz 220E 10/92 ekinn 288 þ km sjálfskiptur álfelgur Verð 390.000kr upplí síma 847 6131



M. Benz 300ce.180 hð. leður,lúga,raf. í öllu ,þjófav,15"16"18"felgur ek.140þús km algerlega ryðlaus sk.09 tilboð óskast.s 8477663



Mitsubishi Pajero '98
2835cc Diesel Ssk.32" nýskr. 11/98 Ek.189 þús km.Sk.'08. Vél nýuppgerð hjá Kistufelli f. 600 þ. sept.'07 Smurbók frá byrjun. Dráttark. Nýir afturdempjar, nýtt púst, farangursbox. Hraðastíllir, CD+ út. V. 1270 þ. S. 696 9031.



Toyota Avensis 1800 '00 ek. 166 þ. Ssk., s + v.dekk. V. 370 þ. Góður bíll. S. 858 7421.



M. Benz diesel '94 ek. 329 þ., 5g. S + v dekk á felgur, Nýsk. Mikid endurnýjaður. Litur vel út að innan og utan. Góður bíll verð 350 þ. tilboð. S. 864 7498.



Til sölu Subaru Impreza WRX árg. '04. ek. 41 þ. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 847 8883.



Glæsil. Suzuki '04 ek. 71 þ. Ssk. V. 900 þ. Gott eintak. S. 896 6007.



Peugeot 307 SW árg '03 ek. 92 þ. 7manna m. glerþaki, Bsk. silfurgrár. Fæst gegn yfirtöku láns. Uppl. í s. 869 5219.



Ódýr Station R Megane 1,6 5g árg. '00 sk. '08 Toppbill Ný dekk. V. 490 þ. S. 694 7597.



Toyota Avensis 1600 4d Sedan. 06/'00. Ek. 138 þ. Verð 650 þ. Uppl. í s. 663 6660.



Suzuki Grand Vítara V6
'99 ek. 122 þ. Ásett verð 850 þ. Á 33" nýjum dekkjum & flækjur. S. 846 0709.



Suzuki Jimny 07/'99 ek. 118 þ. Verð 450.000. Uppl. í s. 663 6660.



Suzuki Grand Vítara XL7, ssk., V6, Ek. 68 þ. V. 1.890 þ. Uppl. í s. 861 6131.



Hyundai getz, '05, 5 dyra, beinsk, skoðaður 2010, fæst gegn yfirtöku á láni, afborgun ca. 16.500 á mánn., uppl. 860 0990.



Til sölu vel farinn, árg. '99, Opel Vectra 1.6GL BS 5, ek. 170 þús. Tilboð óskast. viðmiðunarverð BGS er kr. 392.000, fæst á um eða undir kr. 300.000. er á glænyjum heilsársdekkjum. Sími 899 8994.



Tilboð á Polaris 900 árg. '06
Polaris 900 144". Flottur sleði, ek. aðeins 1000 km. Töskur og fl. fylgir. Góður stgr. afsláttur. Uppl. í s. 893 0082



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX DIESEL ÁRGERÐ 2006 35"BREYTTUR 35" dekk og álfelgur, nýskráður, 05.2006, ssk., 8 manna, rafmagn í öllu, dráttarkr, þakbogar, stigbretti, ofl. Flottur bíll. Ekinn 67 þ. KM. Verð. 5.580 millj. Ath. skipti. Uppl. í s. 822 7747.

hús&heimili

LAUGARDAGUR 23. FEBRÚAR 2008

● **SKRAUTMUNIR**

Stytturnar ryðja sér til rúms

● **INNLIT**

Gamalt og nýtt í góðri blöndu

● **HEIMILIÐ**

Frumleg eldstæði



FRÉTTABLAÐIÐ

NORRICHOTOSGETTY



ÚRVALS
Eldhús

Framlag fagmannsins

ÚRVALS ELDHÚS EHF. AUSTURMÖRK 20 HVERAGERÐI SÍMI 555 3637 WWW.URVALS.IS

53 1013



HEIMILISHALD

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

Hið fullkomna heimili

Hið fullkomna heimili? Þessi spurning hefur vafist fyrir mér upp á síðkastið. Sérstaklega þegar lífið er þannig að maður veit varla hvort maður er að koma eða fara. Þegar lóin á gólfnum, rykið á hillunum og yfirþyrmandi uppvasi er farið að villa manni sýn getur verið erfitt að hugsa skýrt. Þar að auki njóta mu-blurnar sín ekki þegar allt er úti um allt og þá gæti maður alveg eins sleppt þessu. Þegar staðan er svona heima hjá mér skoða ég fasteignavefinn í leit að snyrtilegra húsi. Um daginn var ég að býsnast yfir þessu við vinkonu mína og þá sagði hún: Guð, ertu ekki með húshjálpi? Hvenær þrifið þið eiginlega? Á nóttunni? Þá rann það upp fyrir mér að það væri kannski ekki bara af hreinræktuðum trassaskap sem heimilið væri svo-

Þegar það er snyrtilegt heima hjá manni líður manni betur, er betri við fjölskylduna, ekki eins skapvondur og er mun jákvæðari. Ég er því farin að hallast að því að það sé betra fyrir sálarlífið að fá húshjálpi en að fara til sálfræðings

spanderi í eldhúsi og baðherbergi en þegar kemur að svefnherberginu er stundum eins og það sé ekki hluti af húsinu. Að einhver annar búi þar. Veit ekki hvort fólk finnst þetta ekki skipta máli eða hvort það sé hreinlega út af hugmyndaleysi sem þetta mikilvæga herbergi situr á hakanum. Í gamla daga áttu flestar konur snyrtiborð sem var haganlega komið fyrir í svefnherberginu. Þar geymdu þær burstann sinn, ilminn og skartgripina. Tilhugsunin um snyrtiborð er dásamleg og ég skil ekkert í mér og öllum hinum sem eru ekki með þannig. En það er ekki bara snyrtiborð sem gefur svefnherberginu ævintýralegan blæ heldur skiptir öllu máli hvernig búið er um rúmið. Fyrir nokkrum árum var ég tekin í þjálfun af vinkonu minni sem hafði unnið sem herbergisþerna í Danmörku. En þá hafði hún lesið mér pistilinn um að ég byggi um rúmið eins og ég væri fimm ára. Það er þó ekki nóg að það sé búið um rúmið, umgjörðin í kring þarf að vera hugguleg. Lýsing í svefnherberginu skiptir öllu máli, engar rússneskar ljósakrónur eða flúorljós. Í svefnherberginu á að vera hlý og falleg birta, kerti og jafnvel arinn. Stórir náttborðslampar gera gæfumuninn og það er mikilvægt að hafa bara það allra nauðsynlegasta í svefnherberginu. Setja fatahrúgurnar inn í skáp og henda dagblöðum jafnóðum. Svona væri hægt að predika endalaust en ætli maður verði ekki að byrja á því að fara eftir þessu sjálfur. Þá fyrst verður lífið gott.



● Forsíðmynd: Fallegt eldstæði í nútímalegri stofu úr myndasafni Gettyimages. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is, Emillía Örlýgsdóttir emillia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Einar Melax með Grallarann sem hann fann og keypti í Kolaportinu. Grallarinn hefur verið þjóðinni hugleikinn og er meðal annars minnst á hann í texta á plötunni Megasukk en þaðan er fyrirsögnin tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í arfinn tók ég eftir hann, útmigna sæng og grallarann

● Einar Melax rakst á Grallarann meðal gamalla bóka í Kolaportinu. Hann keypti bókina og hefur síðan þótt mjög vænt um þetta gamla og fúna rit. Grallarinn var notaður í kirkjum og á heimilum til að syngja vinsæl lög á borð við Allt eins og blómstrið eina og Víst ertu Jesús kóngur klár.

„Grallarinn er mjög hentugur á íslensk heimili og það getur verið hin besta kvöldskemmtun að syngja upp úr honum gamla sálma,“ segir Einar af miklum sannfæringarkrafti. „Mín bók er gefin út anno MDCCLXV, það mun vera sautján hundruð og hvað? Er ekki „L“ fimmtíu? Jú, sem sagt 1765. Ég les herna utan á bókina, ég er nú ekki nógu góður í þessu gotneska lettri, en hér stendur skrifað Mellu-söngsbók,“ segir Einar en þess má geta að gotneska lettrið sýnir S sem hálfger L.

En af hverju er bókin kölluð Grallarinn? „Ætli það sé ekki stytting úr graduale á latínu? Graduale þýðir sönglag eða sálmalag,“ svarar Einar þreutulega að hætti spekingsins sem allt veit. „Það þarf engan píanókunnandi til að spila upp úr þessu né margradda kór, þetta eru svona að mestu leyti einradda nótur, ætlaðar fyrir söng fyrst og fremst.“ Yfirlýst markmið Grallarans var að vera almennileg messusöngsbók sem innihélt söng og serimóníur sem í kirkjunum skyldi syngjast og haldast hér í landi eftir góðri og kristilegri síðvenju, eins og segir í inngangi bókarinnar. Það var Guðbrandur Þorláksson biskup sem hóf að gefa þessar bækur út á Hólum í Hjaltadal.

Einar Melax kann eina sögu af örlögum lagsins



Grallarinn sem gefinn var út árið 1765.

„Allt eins og blómstrið eina“. Í fyrstu útgáfu Grallarans var lagið réttilega skrifað en breyttist svo í gegnum prentvillu í annarri útgáfu. Þá skolaðist nótnalykillinn til um eitt skref þannig að tóntegundin breyttist.

En tekur Einar stundum lagið? „Jú, jú,“ kveður hann við „ég tek oft lagið úr Grallarannum á síðkvöldum þegar fer að skyggja. Slíkt gefur manni huggun og hugarró þegar hugurinn verður eirðarlaus.“ -nrg



Vörn gegn brunaslysum • Tvöfalt brunaöryggi Termix hitastýring fyrir setlaugar frá Danfoss

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Ódýr og hagkvæm lausn
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu

Danfoss

www.danfoss.is



www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



Huglök Okt 07

Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Gamalt og nýtt í góðri blöndu

● Á heimili Þóru Erlendsdóttur og Eiríks Þorleifssonar við Vörðuberg í Hafnarfirði er hver hlutur á sínum stað, hvort sem hann er forn eða nýr.



Í rokkkóhorninu eru útsaumuð húsgögn og aðrir munir frá móður-fólki Þóru.

Vel hlaðin varða, smekklegr stétt með útlýsingu og stytta af vinalegu pari á bekk vekja athygli utan við hús Þóru og Eiríks. Húsið hafa þau átt í bráðum ellefu ár, það er annar endi þriggja íbúða raðhúss. Ásamt nágrönnum sínum hafa þau prýtt í kringum sig utan dyra og uppskorið viðurkenningu bæjarins fyrir fallega aðkomu, frágang og samvinnu. Umhverfið gefur tóninn fyrir það sem við tekur innan dyra.

Heimilið er á tveimur hæðum og hlýlegt með afbrigðum enda öllu smekklegra fyrir komið. Erfðagripir eiga þar sinn sess innan um vandaða muni úr eigin búskap þeirra hjóna. „Við höfum gaman af fallegum hlutum,“ viðurkennir Þóra. „Erum með ýmislegt í kringum okkur frá foreldrum, ömmum, öfum og mínum ömmusystrum. Það er eitt-hvað sem við höfum ekki tímt að láta frá okkur enda finnst okkur skemmtilegt að blanda saman gömlu og nýju.“ -gun



Bogadreginn veggur er milli eldhússins og stofunnar.



Svefnherbergið er á efri hæðinni. Þóra og Eiríkur fengu sparisaumakonu frá Z-brautum og gluggatjöldum til að sérsauma fyrir gluggana.



Eiríkur er sjómaður af Guðs náð og hér er ýmislegt sem minnr á það.



Koniakið hans Eiríks er aðallega til skrauts. Taurullan og skinnskórnir taka sig líka vel út.



Klósettgaurnir fær alla til að brosa.



Húsfreyjan Þóra við vörðuna á hlaðinu og bak við hana parið sem líta má á sem hollvætti heimilisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GLER · GLUGGAR · HURÐIR · SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



565 0000



STÆRRI OG STERKARI

Á dögunum keyptu eigendur PGV ehf. Glerborg ehf. og Gler og Spegla. Glerborg ehf. hefur verið starfandi í 37 ára og hefur verið leiðandi á íslenskum markaði í framleiðslu einangrunarglers. Á síðasta ári sameinaðist PGV ehf. við Glugga og Glerhöllinni á Akranesi en þar hefur verið framleitt gler í 61 ár og einnig PVC-u glugga síðustu 3 árin.

PGV ehf. hefur frá stofnun fyrirtækisins sérhæft sig í smíði á viðhaldsfríum gluggum, hurðum, sólstofum og svalalokunum úr PVC-u. Sameinuð fyrirtæki munu starfa undir merkinu Glerborg PGV. Við samrunann verður til einstakt og gríðarlega öflugt fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði með fjölbreyttar lausnir á öllu sem tengist gleri og gluggum.



GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804



Hér hefur gleri verið komið fyrir framán við arininn svo ekki sé hætt á að glóð eða sót falli á fallegt gólfíð.



Hér má velja hvort horft er á sjónvarpið eða starað inn í eldinn í arninum.



Nútímaleg bleik öskubuska í bleikum kjól með bleikan kokteil.

Frumleg eldstæði

● Að kúra undir teppi við opinn eld, hvað er huggulegra en það? Frumlegar útfærslur á eldstæðum og örnunum eru vinsælar meðal nútímamannsins.

Arnar eru ekki algengir í íslenskum húsum en þó færast í aukana að fólk vilji hafa kost á opnum eldi og kósíheitum í stofunni. Fyrirferðarmiklir og gamaldags arnar eiga þó ekki upp á pallborðið hjá öllum og þá er um að gera að láta hugmyndaflugið ráða. Nútímalegir arnar eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Hér eru nokkrar myndir af eldstæðum þar sem frumleikinn ræður ríkjum.



Stílhreint eldstæði í nútímalegu húsi.



Sum eldstæði þjóna einnig hlutverki listaverks. NORDICPHOTOS/GETTY



Sumar 2008

Fífunni í Kópavogi 4.-6. apríl 2008

Sumarhúsið og garðurinn stendur nú fyrir sinni sjöundu sumarsýningu í Fífunni í Kópavogi 4.-6. apríl n.k.

Við bjóðum til kynningarfundar í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 26. febrúar kl. 8:30-10:30.

Vinsamlega staðfestið komu ykkar á kynningarfundinn á netfangið audur@rit.is eða í síma 578 4800.



Síðumúla 15, 108 Reykjavík, Sími 578 4800, www.rit.is

hönnun

MATARBOÐIÐ 2015

Hönnunarkeppni sem kallaðist Dining in 2015 var nýlega haldin af Designboom. Þar komu fram ýmsar skemmtilegar hugmyndir og þar á meðal þessir puttabollar eftir hina ísraelsku Ronit Baranga. Hvort hægt er að nýta bollana í annað en skraut fylgir ekki sögunni.



Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd,
www.ferdavernd.is

Þönglabakka 1
ferdavernd@ferdavernd.is

Lausar byggingalóðir á **LAUGARVATNI**

Lóðum er úthlutað af byggðaráði Bláskógabyggðar.

Umsóknareyðublöð fyrir byggingalóðir í Bláskógabyggð er

hægt að nálgast á skrifstofu Bláskógabyggðar, á heimasíðu Bláskógabyggðar

www.blaskogabyggd.is og á **www.laugarvatn.net**

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins en hún er til húsa í Aratungu í Reykholti.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sími skrifstofunnar er 486-8808.



Einnig hefur Byggingafélag Laugarvatns til sölu einbýlishús á lóð í þessu nýja hverfi, húsið verður tilbúið haustið 2008.

Hægt er að skoða það nánar á

www.laugarvatn.net

eða hafa samband í síma 891-6588.

Byggingafélag Laugarvatns ehf.

Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn | Sími: 891-6588 | solvi@laugarvatn.net

www.laugarvatn.net





Dönsk hugmyndaauðgi

Ditte Hammerstrøm er danskur hönnuður sem bæði hefur lært í Kaupmannahöfn og við Saint Martins-listaháskólann í London. Hér eru nokkrir fallegir munir úr smíðju Ditte.

Fyrst má nefna hvítt sófasett, borð, hillur og lampa sem öllu er skeytt saman í eina heildstæða einingu.

Þá eru það litríku bólstruðu bekkirnir í sjö hlutum sem má raða saman á mismunandi hátt allt eftir því sem hentar rýminu. Þessir fengu hönnunarverðlaun Bo Bedre árið 2005.

Stóllinn fyrir þann sem vill láta í sér heyra er skemmtilega hannaður með gjallarhorn áfast við stólinn.

Mjúki ruggustóllinn, Soft Shaker, er ruggustóll fyrir tvo. Stólnum má með einu handtaki breyta í vöggu þar sem pláss er fyrir mömmu og pabba hvort á sínum endanum. Ruggustóllinn fékk hönnunarverðlaun Bo Bedre árið 2004.


www.hammerstroem.dk



Munið að panta tímanlega fyrir **konudaginn**

R E S T A U R A N T

C A F É



Laugavegi 3 • 101 Reykjavík • Sími 552 0077 • www.tivoli3.is • tivoli3@tivoli3.is



Bragi Bergþórsson vill eiga eitt hús í borg og sveitasetur í finnskum skógi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

DRAUMAHÚS

Óperusöngvari þarf tvö hús undir drauma sína

Bragi Bergþórsson óperusöngvari á sér marga stóra drauma í þessu lífi. „Sko, það þarf allavega að vera stórt æfingaherbergi í draumahúsinu mínu þar sem ég get sungið og annað æfingaherbergi fyrir Júlíu þar sem hún getur spilað á sellóið,“ segir Bragi. „Þegar ég var lítill dreymdi mig um að hafa heilan körfuboltavöll inn af stofunni, nú er ég kannski örlítið praktískari.“

Bragi sér fyrir sér bráðfallett hvítt steinhús með sál á Vesturgötunni sem stendur rétt hjá mosagrænu bárujárnshúsi sem sekkur hægt og rólega ofan í jarðveginn. Hann telur sig þó hafa svo mörg áhugamál að þau kæmst ekki fyrir í einu húsi. „Það væri mjög þægilegt að hafa rúmgóðan bílskúr fyrir ljósmyndunaraðstöðu og finnska sánu í kjallaranum eins og hjá harmónikkukallinum.“ Bragi horfir dreyminn út í loftið en áttar sig svo og segir alvarlega: „Þú veist auðvitað ekkert hver harmónikkukallinn er. Að betur athuguðu máli þyrfti ég tvö draumahús; eitt í borg með engum garði, því mér er ekkert um garða gefið, en annað úti í finnskum skógi. Á sveitasetrinu væri nóg pláss fyrir gesti, börn og vini, stórar stofur og dyngjur, tvíbreiðir vaskar, víngeymsla inn af eldhúsinu, stórt búr, kæliherbergi og mjög góð eldavél til að elda góðan mat ál!“ Bragi tjáir blaðamanni að hann sé farinn að slefa yfir þessum hugleiðingum, sem blaðamaður kemur þó ekki auga á. Hann þurrkar sér settlega um munninn og heldur áfram. „Kjallarinn á sveitasetrinu yrði undirlagður sánu með útgangi beint út í snjóinn og náttúruna og stöðuvatn rétt hjá til að sprikla í og hlæja.“ Aðspurður hvort óperubransinn sé nógu gróðavænlegur til að láta þessa drauma rætast ansar Bragi: „Já, algjörlega, en svo getur bransinn verið algjör dóni og allar dyr virst lokaðar. Það er bara eins og með allt annað, maður fer ekki lengra en maður ætlar sér og maður kemst þangað sem maður vill ... vonandi,“ mælir Bragi og hlær frá innstu hjartarótum.

-nrg

● **FORSKOT Á SÆLUNA** Vorið er ekki komið. Það sést greinilega þegar litið er út um gluggann. Það breytir ekki því að auðvelt er að taka forskot á sæluna með því að kaupa afskorin blóm í blóma-búð og raða þeim um alla íbúð. Blómin gleðja og lífga upp á lífið.



VDO ÚTSALA

VDO Verslun Borgartún 36 s: 588-9747 www.vdo.is

Þetta er aðeins brot af því besta



Jeppa og fólksbíla álfelgur
25% - 70% afsláttur



Crossfatnaður
30% afsláttur



Crossfatnaður
25% afsláttur



Opnunartími
mán-fös 8-18



Motocrossskór
25% afsláttur

SMC vespa
kr. 179.999.-

Hjálmur og hanskar
fylgja með



Pakkatilboð
dekk og felgur

30x9,5R15 kr. 100.000.ö
33x12,5R15 kr. 125.000.-
35x12,5R15 kr. 130.000.-




Fjarstýrðar samlæsingar
40% afsláttur



Jato 3,3
kr. 39.990.-



Hjálmar
40% afsláttur



Bestway
Gúmmibátar
30% afsláttur



REVO 3,3
kr. 51.999.-

Shadow
kr. 29.999.-

RC Bensínbílar
50% afsláttur af varahl.
20% afsláttur af aukahl.



Bestway
Heitir pottar
30% afsláttur

www.vdo.is



Stytturnar ryðja sér til rúms

● Undanfarin ár hefur „minimalisminn“ ráðið ríkjum. Margir skreyta heimili sín í mesta lagi með stöku kertastjökum eða myndarömmum. Yfirbragðið er fyrir vikið afar stílhreint en stundum vantar hinn sanna heimilisbrag. Áður fyrr fylltu húsmæður landsins gluggakistur og hillur með litríkum styttum en þær hafa margar þurft að dúsa í kössum hin síðari ár. Nú er spurning hvort ekki megi fara að dusta af þeim rykið því umburðarlyndi fyrir skrautmunum virðist vera að aukast á ný.

1. Stjörnumerkjastytta frá Royal Copenhagen. Líf og list. Verð: 14.420 krónur.

2. Chili-pipar belja kemur með krydd í tilveruna og er tilvalin í eldhúsið. Fæst í Líf og List. Verð: 9.760 krónur.

3. Árstíðarbelja úr Líf og list í Smáralind. Öðru megin má sjá sumar og vetur en hinu megin vor og haust. Verð: 9.760 krónur.

4. Fuglastyttur úr versluninni The Pier á Smáratorgi. Þær gætu verið flottar tvær eða jafnvel þrjár saman

úti í glugga. Verð 3.750 krónur stykkið.

5. Gíraffi með afkvæmið. Gæti til dæmis passað í barnaherbergi. Fæst í The Pier. Verð: 6.990 krónur.



Vandaðar myndatökur

Mynd- ljósmyndastofa
Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði
s: 565 4207
www.ljosmynd.is

MYNSTRADUR MATUR Ítalski hönnuðurinn Fabrizio Garamone hefur fundið upp sniðuga leið til að lifga upp á matinn. Með mynstraðri pönnu er hægt að fá fallega áferð á ýmsan mat. Til dæmis kæmi þessi skemmtilega paprika til með að vekja athygli og svo er vel hægt að ímynda sér að pönnuristaðar samlokur yrðu mun bragðbetri með furðulegu mynstri.



veggfóður



● **VEGGFÓÐUR FYRIR SKÓÓÐA** Sænski hönnuðurinn Lisa Bengtsson hefur hannað skemmtilegt veggfóður fyrir skófíkla. Hún tileinkar verkið öllum skóunnendum um allan heim. Allir skórnir sem sýndir eru í veggfóðrinu eru eftirmyndir skópara sem Lisa Bengtsson hefur átt einhvern tíma um ævina.

Þú getur valið um 59 hurðagerðir og -liti!

nettoline
AMBELT - FLJÓTLEGT - ÖDÝNT

Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins

Éldhúsinnréttingar • Bælinnréttingar • Þvottahúsinnréttingar • Fetaskúpar með venjulegum- og rennitubum

á rúmið



● **RETRO RÚMFÖT** Þar sem við eyðum um 24 árum af lífi okkar í rúminu er gott að eiga mikið úrval af rúmfötum. Þessi kassettutækja-rúmföt fást á urbanoutfitter.com.

í loftið



● **SPORBRAUTAR-LJÓS** Þessi ljósakróna eftir Patrick Townsend er úr hönnunarlínu sem kallast Orbit light eða Sporbrautarljós. Ljós Townsends voru meðal annars útnefnd meðal fimm bestu hönnunarlína ársins 2003 af tímaritinu Elle Deco í Bretlandi. Ljósið sem hér sést er handgert með fjöruvíni misstórum ljósaperum.

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.

nettoline.dk

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, anddyrinu, svefnherbergjunum eða þvottahúsinu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hesta gæðaflokki.

Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - **fullkomin þjónusta, eigið verkstaði.**

Allt á sama staði!
Þegar þú verslar við Friform færðu alla þjónustu á sama stað, fullkomið úrval innréttinga og raftækja. Sölumenn okkar búa yfir þekkingu og reynslu. Við rekum eigið trésmiðaverkstaði, sömuleiðis eigið raftækjaviðgerðarverkstaði og höfum á að skipta hópi úrvals iðnaðarmanna; trésmiða, rafvirkja og jafnvel pipara ef með þá. Markmið okkar er að veita úrvalþjónustu.

20% AFSLÁTTUR Allar Nettoline innréttingar með **20% afslætti í 3 vikur** (Tilboðið stendur til 8. mars)

ELBA ELDVÉLAR - OFNAR - KERAMIKHELLUBORD - SPANHHELLUBORD - GASHELLUBORD - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAAR

Fullkomið úrval vandaðra raftækja frá virtum framleiðendum

20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

MAX RAFTÆKI

Högg- og vatnsheld myndavél

Olympus MJU790SWBL
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggveld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2.5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.



29.989 kr.

Þráðlaus sími með SKYPE

Doro 635ipw

• Samsettur þráðlaus og Skype sími • Sýnir númer sem hringir • 6 stillanlegir hringitónar • Endurval í síðustu 10 númer • 50 númer í skrá • Fjöldi Skype stillinga • Skype voicemail indicator • 10 tímar í notkun - 100 í bið



2.989 kr.

Fullt verð ~~6.999~~

Sparaðu
1.000

Sléttujárn

Philips HP4661

Keramik sléttujárn • Nær 180°C hitastigi • Plötur með keramik húð • Tekur aðeins 3 mín. að hitna



3.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Philips fyrir iPod



Philips MCM138D

Glæsileg Míkró samstæða • iPod vaggva fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geislaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

19.989 kr.

8GB MP3 Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með íslensku viðmóti



SanDisk VIEW8GB

8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhlöðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

19.989 kr.

Fullt verð ~~24.989~~

Sparaðu
5.000

Brauðrist



OBH232
800w brauðrist • Mylsnubakki • Stáláferð

Sparaðu
1.000

2.489 kr.

Fullt verð ~~3.489~~

Frystikista

Scancool SB115

110 lítra frystikista • Orkunýting C • Frystigea 6.5kg. á sólarhring • Mál (hxbxd): 86x55x55cm



19.989 kr.

Fullt verð ~~24.989~~

Sparaðu
5.000

179.989 kr.

Fullt verð ~~199.989~~

40 tommur

Sparaðu
20.000

Samsung LE40S62

40" LCD • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode • Textavarp ofl.

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



MAX / Kaupþúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS





Til sölu land cruiser 70 árg. '91. Vél 4,2 D, ek. 436 þ og í góðu lagi. 44" breyttur en selst á 38". Töluvert endurnýjaður, þarfnast smá lagf. Nýsköð. '09. Ásett verð 900 þ. S. 695 4697.



Corolla 1400 árg. '00. Ek 130 þ. Saltlaus, vel með farinn og topp viðhald. Sími 861 1662.

Toyota Avensis EXE árg. '06, ek. 25 þús. Toppluga, leður, filmur. V. 3.050 þús. Áhv. 1.500 þús. Uppl. í s. 865 1800.




Mjög lítið ekin LR3 Discovery HSE

Land Rover LR3 Discovery HSE 4X4. Einn aðeins 16þ km !, nýskráður 6.2005. 7 manna. Einn með öllu ! Leður, glerþak og sólluga, magnað Harmon Kardon hljómkarfi, rafmagn, minni og hiti í sætum, loftþúfaflöðrun, yfirburða torfæruhæfni og akstursegileikar !, Verð aðeins 5.7 milljónir, nývirði um 9 milljónir, æðislegt okuteiki !, 2 dekkjagangar, athuga öll skipti. Uppl. í s. 663 2430.




Audi A8 4x4

Árg. '98 innfluttur '06 Ek. 165 þ. Glæsilegur bill, þæginnlegur í snjó, með öllu. Verð 1950 þ. Uppl. í s. 824 4043.



BMW 545(M5), SMG-(M5) skipting, 19" M5. felgur, 17" vetrar, M5 stýri, sportfjöðrun, shadowline og allir aukahlutir + sími/bluetooth. Glæsilegur bill, þjónustaður af B&L. Umboðsbíll. Áhv.lán. S. 858 6709.



Toyota Corolla Verso MMT, 7 manna, 1,8 VVT, nýskr. 12/2005, ekinn 28.500 km, áhv. lán 1.290.000, ásett verð aðeins kr. 1.990.000. Uppl. í síma 6954566.



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX DIESEL ÁRGERÐ 2006

33" dekk og álfelgur, nýskráður, 07.2006, sjálfskiptur, 8 manna, rafmagn í öllu, cruisecontrol, abs, cd spilar, hiti í sætum, fjarlæsing, dráttarkrókur, þakbog, stígbretti, ofl. Ekinn aðeins 27 þ. KM, einn eigandi, verð. 5.2 millj. Ath. skipti. glæsilegt og mjög vel með farið eintak! uppl. í s. 663 2430.

Land Cr. 120GX 03/06 33 þ.km diesel, ssk., krókur. V. 4790 þ. S. 691 1849.




Mjög vel með farinn Hyundai Accent '00 ek. 46 þ.km. Bill sem hefur ávallt verið hugsað vel um. Verð kr 390 þ. Frekari uppl. í s. 659 1957.




SUZUKI BOULEVARD 805. Árgerð 2006, ekinn 5 þ.km, 5 girar. black beauty :) Verð 890 þús möguleiki á 100% láni 690 6465



Toyota Yaris árg. '05, ek. 39 þús. 5d, bsk. V. 1150 þús. Áhv. 640 þús. Afb. 15 þús. Sérlega vel umgenginn bill. Uppl. í s. 864 7450.



Huynai H1 '00 diesel, ssk., 9 manna. Ek. 334 þ. Toppeintak. Verð 550 þ. stgr. S. 899 8111.




Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkur-bæjar að Víkurbraut 62 í Grindavík, virka daga kl. 9:30 - 15:00, frá 22. febrúar til og með 4. apríl 2008. Einnig er unnt að skoða tillöguna á vefsvæði Grindavíkur, grindavik.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til forstöðumanns Tæknideildar Grindavíkurbæjar eigi síðar en 4. apríl 2008. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Grindavík, 20. febrúar 2008

Bæjarstjóri Grindavíkur

Þarftu að leigja?

rentus
LEIGUMÍDLUN

Hringdu í
síma 440 6100
eða skoðuðu
rentus.is

Kópavogur – einbýli á einni hæð



Skemmtilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, við Kársnesbraut í Kópavogi. Húsið er 127,8 fm og bílskúr 32 fm, alls 159,8 fm. Rúmgóður bílskúr með hita, rafmagn og snyrtingu. Sem hefur verið notaður sem vinnustofa listamanns. Þar mætti auðveldlega útbúa litla íbúð. Stór skjólsæl og sólrík lóð og mjög góð bilastæði. Þetta er eign sem býður upp á ýmsa möguleika. **Verð 41,9 millj.**

Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða
GSM 892 7798

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali



Hafnargötu 20 • 230 Keflavík

Sími 421 1700 • es.is

Eignamiðlun Suðurnesja

Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali



Hvalvík 4, Reykjanesbæ

Höfum til sölu nokkur bil í geymsluhúsnæði sem er 26 fm. Bilin skilast fullbúin að utan sem innan.

Hentugt undir t.d. hjólhýsi, fellihýsi o.fl.

Verð 3.400.000.-

Visir leitar að vefforritara í fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu í:

- forritun í .NET umhverfinu
- Web 2.0, css, html, xhtml, xml, javascript, ajax og fleiri skemmtilegum .net skammstöfunum
- gagnagrunnstengingum (SQL), álitlegur kostur en ekki skilyrði
- Menntun í ofangreindu er æskileg en ekki skilyrði ef reynsla er fyrir hendi

Viðkomandi þarf einnig að hafa til að bera:

- Brennandi áhuga á vefnum, framtíðinni og fjölmiðlum
- Vera ábyrgðarfullur, vandvirkur, úrræðagóður og skemmtilegur.

Vefdeild 365 er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður, skipaður ungu fagfólki. Teymið vinnur að verkefnum sem móta framtíð vefmiðlunar og sér um rekstur vefja og vefsamfélaga sem eru meðal þeirra stærstu á landinu s.s. Visir.is og blogcentral.is, gras.is, Plúsinn og fleiri.

Ef þú ert vefsninglingur og hefur áhuga á að starfa með okkur, sendu upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf á netfangið thorlaug@365.is eða hafðu samband í síma 6969170/512 5775.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

Metnaðarfullt og framsækið vefteymi leitar að snillingi með framtíðarsamband í huga.

Sölusýning í Mörkinni í dag og á morgun sunnudag frá kl. 13.00-16.00

Nýjar þjónustuíbúðir við Suðurlandsbraut 58-62.



Tvær glæsilegar sýningaríbúðir í húsi nr. 62



Um er að ræða 78 glæsilegar fullbúnar 90-140 fm íbúðir í lyftuhúsi. Ekkert hefur verið til sparað við hönnun íbúðanna sem eru bjartar og rúmgóðar. Íbúðirnar snúa mót suðri. Lofthæð í íbúðunum er 2,70 m sem er meira en gengur og gerist í nýbyggingum og aukin hljóðeinangrun er í íbúðunum. Gæði og þægindi eru einkennisorð íbúðanna sem verða afhentar með gólfefnum, innréttingum og tækjum. Bílastæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Fyrstu íbúðirnar verða afhentar í mars 2008.

Húsin eru á mörkum þjónustu- og verslunarkjarna og í nágrenni við nokkur af vinsælustu útivistarsvæðum borgarbúa. Göngustígar tengja íbúðabygginguna í Mörkinni við aðra hluta borgarinnar. Örstutt í Elliðaárdalinn.

Í Mörkinni verður þjónustumiðstöð, Heilsusetrið, þar sem skipulögð dagskrá verður í gangi. Innangengt verður úr íbúðunum í þjónustumiðstöðina. Þangað kemur fólk til að fá góða og heilbrigða hreyfingu, fræðslu, skemmtun, aðhlynningu, þjálfun, félagsskap, góðan og hollan mat og ekki síst til að láta dekra við sig. Stefnt er að því að geta boðið íbúum við Suðurlandsbraut 58-62 uppá þjónustu eftir óskum og þörfum hvers og eins. Um verður að ræða heilsusetur í hæsta gæðaflokki. Við Heilsusetrið verður auk þess púttvöllur.

Hjúkrunarheimili verður í næsta nágrenni við íbúðirnar og íbúum í Mörkinni verður boðið uppá heimahjúkrun. Þá verður boðið uppá sjúkráþjálfun í Heilsusetrinu.

Sjá nánar inná www.thjonustuibudir.is



SALTFÉLAGIÐ
Sýningaríbúð með húsgögnum frá Saltfélaginu



EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Sími: 588 9090

Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095

Sverrir Kristinnson löggiltur fasteignasali



Til Leigu

Til leigu er 600 fm skrifstofu-
verslunarhúsnæði/lager að Súðarvogi 6.
Upplýsingar veitir Stefán í síma 696 9984

Fasteignablaðið

Sími:

512
5469694
4103Ruth Bergs
ruth@365.is

Birkiteigur 5

270 Mosfellsbær
Stór íbúð með bílskúr

Stærð: 242,9 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já






Opið Hús

Laugardag kl. 16:00 - 16:30

Verð: Tilboð óskast

Íbúðin er 209,8 fm á tveimur pöllum, bílskúr er 33,1 fm. Ósamþykkt rými ca 45 fm fyrir innan bílskúr. Samtals er íbúðin með ósamþykktu rýminu um 287 fm. Húsið er fullfrágengið að utan. Lóð er gróðfjofnuð með burðarhæfu efni í innkeyrslu. Íbúðin skilast á byggingarstigi milli fohelds og tilbúð til innréttinga. Mögulegt að fá hana lengra komna. Innra skípulag skv. teikningu: Bílskúr, forstofa, 5 herbergi, tvö baðherbergi, þvottahús eldhús, stofa og sjónvarpshol auk ósamþykktu rýmisins.

Snorri
Sölufulltrúi
8648090
ss@remax.is



Pórunn Eidsd.
Lögg. fasteignasali



tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is



TIL LEIGU EÐA SÖLU

Við getum nú boðið þetta frábæra húsnæði við Faxafen í Reykjavík til leigu eða sölu. Um er að ræða 1407m² sem áður hýstu m.a. líkamsræktarstöð. Miklir möguleikar, næg bílastæði og frábær staðsetning. Upplýsingar veitir Gunnlaugur í síma 857 3500.



PINGHÚS

EIGNARHALDSFÉLAG

Pinghús ehf. - Ármúla 21 - 108 Reykjavík - sími 553 2900



PÓRUNN
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is



KRISTJÁN
Sölufulltrúi
Sími 699 6949
kristjan@remax.is



BENEDIKT
Sölufulltrúi
Sími 861 2743
benni@remax.is



FASTEIGNASALAN Í BÆNUM

 <p style="text-align: center;">Opið hús</p> <p>Bogabraut 16.- Einbýlishús 245 Sandgerði</p> <p style="text-align: center;">Opið hús sunnudag klukkan 16:00 - 16:30</p> <p>Verð 30.700.000 Stærð 161 fm Brunabótamat 30.690.000</p>	 <p style="text-align: center;">Opið hús</p> <p>Sunnubraut 7 - einbýli 230 Reykjanesbæ</p> <p style="text-align: center;">Opið hús sunnudag klukkan 16:00-16:30</p> <p>Verð 29.800.000 Stærð 191,5 fm Brunabótamat 23.350.000 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949</p>	 <p style="text-align: center;">Bókið skoðun</p> <p>Lautasmári - 201 Kóp.</p> <p style="text-align: center;">Bókið skoðun Þessi stoppar stutt!</p> <p>Þriggja herbergja, 4. hæð í lyftuhúsi Verð 23.600.000 Stærð 80,3 fm Brunabótamat 10.700.000 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949</p>	 <p style="text-align: center;">Góð eign</p> <p>Starmói - Einbýlishús 260 Reykjanesbæ</p> <p style="text-align: center;">Bókið skoðun</p> <p>Verð 37.700.000. Stærð 199,2 fm Góð eign á góðum stað Brunabótamat 28.570.000 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949</p>
 <p>Heiðarholt 15 250 Garður</p> <p style="text-align: center;">BÓKIÐ SKOÐUN</p> <p>Verð 17.500.000 Nýtt parhús 146,6 fm. Góð eign á rólegum stað.</p>	 <p style="text-align: center;">Bygginga- réttur</p> <p>Framnesvegur 101 Reykjavík</p> <p style="text-align: center;">BÓKIÐ SKOÐUN</p> <p>Verð Tilboð Stærð 78,5 fm Brunabótamat 11.350.000</p>	 <p style="text-align: center;">Fallegur bær</p> <p>Leirubakki Einbýlishús 710.Seyðisfirði</p> <p style="text-align: center;">BÓKIÐ SKOÐUN</p> <p>Verð 16.500.000 Stærð 164,9 fm Brunabótamat 22.900.000</p>	 <p>Hverfisgata - Tvíbýli 220 Hafnarfirði</p> <p style="text-align: center;">BÓKIÐ SKOÐUN</p> <p>Verð: Tilboð Stærð 211,5 fm Brunabótamat 30.470.000</p>



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚRVAL RAFLAGNAEFNIS

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



VERÐ FRÁ **154**
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR



VERÐ FRÁ **155**
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR



VERÐ FRÁ **283**
RAKAPOLNIR ROFAR OG TENGLAR



2595
TÖFLUKLUKKA
1590
STIGAAUTOMAT
299
GAUMLJÓS



INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICHINO DÓSIR

SJÁLFVÖR OG LEKASTRAUMSROFAR



VERÐ FRÁ **199**
SJÁLFVÖR 1 PÓLA



990
LEKASTRAUMSROFI 1 PÓLA



655
SJÁLFVÖR 2 PÓLA



879
SJÁLFVÖR 3 PÓLA



1990
LEKASTRAUMSROFI 3 PÓLA



3267 **4121**



4139 **3145**



4123
GREINAKASSAR / TÖFLUR



BEIGJUR - HÓLKAR - DÓSIR




VERÐ FRÁ **396**
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA



17.990
VINNULJÓSAFLA



RÖR - LAGNARENNUR - BARKI



VERÐ FRÁ **199**
STRAUMSKINNUR



859
BJÖLLUSPENNIR
290
BJALLA
1490
RELAY



VERÐ FRÁ **319**
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR



VÍR OG KAPLAR



VERKFÆRI

RAFVÖRU MARKAÐURINN


VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

HEY HEY HEY

ENDURGREIÐUM 10%
af öllum sjónvörpum
sem keypt eru í dag
laugardag ef lagið
HEY HEY HEY
kemst áfram í
EUROVISION
í undankeppninni
í **SJÓNVARPINU**
í kvöld!



FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI
og þú færð **10%** endurgreitt á
mánudag ef lagið kemst áfram!

VIÐ VILJUM SJÁ MC
KOMAST Í EUROVISION!

TAKTU
TÆKI
100%
ENDURGREITT



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Íslenskir bankar í ólgusjó

Bandarísku undirmálslánin, sem miklar vonir voru bundnar við, reyndust byggð á sandi. Breytingar á þungamiðju efnahagskerfis heimsins kynda undir óvissu í kjölfar undirmálslánavandans. Lánsfé á mörkuðum hefur hækkað gríðarlega í verði undanfarna mánuði. *Magnús Halldórsson* skoðaði rætur vandans sem nú er að gera íslenskum bönkum lífið leitt.

Hinn 8. apríl 2005 steig Alan Greenspan, þáverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, í pontu á ráðstefnu á vegum bankans í Washington DC. Þar sagði hann meðal annars: „Hagkerfi okkar hefur breyst gríðarlega með tilkomu tæknilausna á vandamálum sem áður voru nánast óleysanleg [...] Þetta hefur leitt til þess að bankar eiga auðveldara með að meta áhættu á bak við hvern og einn viðskiptavin sem fær lán. Undirmálslánin (subprime-lánin) eru hluti af þeim árangri sem náðst hefur. Þau hafa gert fólki kleift að taka lán sem annars hefði ekki getað það. Þetta hefur styrkt hagkerfið til muna enda eru undirmálslán [á bandarískum markaði] nú tíu prósent af öllum íbúðalánnum á markaðnum.“

Tæpum þremur árum síðar hriktir í stoðum bandaríska hagkerfisins vegna undirmálslánanna. Þau reyndust ótraustari en Greenspan og fleiri höfðu haldið, í raun ótrúlega áhættumikið frávik frá hefðbundinni lánastarfsemi banka. „Undirmálslánavandinn hefur breyst úr stormi í alþjóðlegan efnahagsfellibyl“, skrifaði leiðarhöfundur *The Economist* eftir að þrjár vikur voru liðnar af þessu ári.

Vandann, sem teygir anga sína á hlutabréfamarkaði víðs vegar um heiminn, má rekja til lánafyrirkomulags bandarískra fyrirtækja um árabíl. Lánað hefur verið til fólks sem ekki hefur getað staðið við skuldbindingar sínar þegar á reyndi. Það fólk fékk jafnvel að taka hundrað prósent lán fyrir fasteign án þess að vera með nokkrar eignir á bak við sig. Í ljósi þess hversu lánamarkaðurinn er stór, og fjármögnun bandarískra banka víðtæk, hefur vandinn orðið umfangsmeyri en búist var við í fyrstu.

Ný þungamiðja

Undirmálslánavandinn er eitt en alþjóðlegur fjármálaóróleiki annað. Þungamiðja efnahagskerfisins er að færast til, segja ýmsir álitsgjafar og sérfræðingar í alþjóðamálum. Ný efnahagsstórveldi á borð við Indland og Kína stækka hratt og söga að sér fjármagn. Á sama tíma er hagnaður olúfyrirtækja í sögulegu hámarki. Mið-Austurlönd, Rússland, Norvegur og fleiri ríki njóta góðs af því. „Olúfyrirtæki hafa verið að hækka verðförsendur arðsemis verkfema hjá sér um fimmtíu prósent að undanfögnu. Þetta þýðir að fyrirtækin gera ráð fyrir því að olúverð haldist mjög hátt í dágóðan tíma, jafnvel mörg ár“, sagði Lárus Welding, forstjóri Glitnis, í viðtali við Fréttablaðið fyrir viku.



ENGINN VIÐ TÓLIÐ Símtól úr samaklefa hangir niður við gólf í kauphöllinni í New York, skömmu eftir að bandaríska seðlabankinn lækkaði stýrivexti um hálf tó prósent 30. janúar síðastliðinn. Lækkun stýrivaxta leiddi til hækkunar hlutabréfa skömmu síðar.

Þetta gerir vandann djúpstæðari. Óróleikinn verður um margt óljós og greining á honum erfið. Margir efnahagskraftar verka hver á annan. „Þetta er vandamál sem hefur reynst erfitt að greina til fulls þar sem óvissuþættirnir eru margir“, sagði Gauti Eggertsson, hagfræðingur hjá bandaríska seðlabankanum, í viðtali við Fréttablaðið í vikunni.

Skuldatryggingarálagið hátt

Íslensku bankarnir hafa lent í vanda frá því órói á alþjóðamörkuðum fór að gera vart við sig. Á síðustu sex mánuðum hefur verðgildi félaga í OMX-kauphöll Íslands hriðlækkað. Gengi bréfa í Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum hefur lækkað mikið, á milli þrjátíu og fjörutíu prósent. Rúmlega 1.300 milljarða verðmæti hafa gufað upp í kauphöllinni.


Einn fylgifiskur vandans er óeðlileg virkni skuldabréfamarkaða. Skuldatryggingarálag á banka, sem oft eru notuð til þess að verðmeta lánsfé, eru gríðarlega há um þessar mundir. Á milli 550 og 620 punktar, um 5,5 til 6,2 prósent, á Kaupþing, 500 til 600 á Glitni og 250 til 370 á Landsbankanum. „Það tekur enginn lán á þess-

um kjörum“, sagði Sigurjón Árnason, annar tveggja bankastjóra Landsbankans í samtali við Fréttablaðið.

Til samanburðar má nefna að forsvarsmenn Citigroup, eins stærsta banka heims, hafa kvartað sáran yfir því að skuldatryggingarálagið á bankann hafi verið að sveiflast á bilinu 110 til 140 að undanfögnu. Í eðlilegu árferði er álagið allt að sex sinnum lægra.

Sama gildir um íslensku bankana. Áður en óróinn á fjármála-markaðnum festi rætur var álagið um tuttugu til sextíu punktar á íslensku bankana, eftir tímabundnum léttvægum sveiflum. Í febrúar í fyrra var álagið á þá á bilinu tuttugu til þrjátíu.

Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland, sagði í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag að það viðhorf væri ríkjandi á skuldabréfamörkuðum að stoðir íslenska efnahagslífsins væru ótraustar. Það hefði áhrif á álagið til hækkunar. Bankanna og íslenskra stjórnvalda bíður það verkefni að reyna að snúa því áliti við þar sem forsvarsmenn íslenskra banka telja álagið ekki endurspeglar raunverulega stöðu þeirra. Þeir standi sterkir og stöðugir.



ÞRÓUN SKULDATRYGGINGARÁLAGS Á þessu grafi sést hvernig skuldatryggingarálag á íslensku bankana hefur þróast undanfarið ár. Fyrri hluta ársins var það stöðugt fremur lágt, 20 til 60 punktar, en tók að hækka þegar óróinn á mörkuðum gerði vart við sig í júlí. Frá áramótum hefur það hækkað mikið. Til samanburðar má sjá hvernig álagið hefur verið á risabankana Bank of America og Citigroup.

Orðrétt um vanda á mörkuðum



„Það er almennt viðhorf hér innan bankans að þetta ástand gangi yfir í haust á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og unnið úr.“

Gauti Eggertsson, hagfræðingur hjá bandaríska seðlabankanum Fréttablaðinu 20. febrúar 2008.

„Meira en 335 þúsund milljarðar (5 trillion dollars) hafa horfið á hlutabréfamörkuðum í heiminum á fyrstu þremur vikunum í janúar.“

„It's rough out there“
Leiðari *The Economist* 26. janúar 2008



„Skuldatryggingarálagið á íslensku bankana er hátt en vegna sveigjanleika þeirra við fjármögnun, og hve fljótir þeir geta verið að laga sig að aðstæðum, geta þeir staðið þetta af sér.“

Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland Fréttablaðinu 20. febrúar 2008.



„Ég tel fráleitt að þessi CDS-markaður (skuldabréfamarkaður) geti til lengdar metið bankann svona miklu verr en rekstur og staða gefa tilefni til. Eiginfjárlutfall okkar er sterkara en flestra evrópskra banka, lausafjárstaða okkar betri og reksturinn hagkvæmari. Að lokum eru það þessir þættir sem skipta máli.“

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi Fréttablaðinu 21. febrúar 2008.



„Þú veist, það er athyglisvert að ef við viljum að fólk eigi eignir. Við viljum að fólk fjárfesti. Við viljum að fólk eigi heimili. En oft þarf fólk að sýna skynsemi þegar kemur að fjárhagslegum skuldbindingum. Stundum skilur fólk ekki hvað það er að skoða og lesa þegar það gengur frá kaupsamningum. Það getur leitt fólk í fjárhagslegar ógöngur. Þær ógöngur særa þjóð okkar þegar þær eru jafn miklar og nú.“

George W. Bush Bandaríkjaforseti Bládamannafundi í Hvíta húsinu 22. janúar 2008.

Margir þættir að baki vanda

Skuldatryggingarálag helst í hendur við álag á svonefnda LIBOR-vexti, það er millibankavexti. Ef skuldatryggingarálag er um 400 punktar, eða fjögur prósentustig, þá er líklegt að viðkomandi skuldari þurfi að greiða sambærilegt álag ofan á LIBOR-vexti fyrir nýtt lánsfé.

Hátt skuldatryggingarálag á íslenska banka ræðst meðal annars af tæknilegum vandamálum. Þrjú erlendir sérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við í gær sögðu skýringuna á háu álagi á íslenska banka meðal annars vera tæknilega, í ljósi óeðlilegrar virkni skuldabréfamarkaða nú. Sérfræðingarnir vildu ekki koma fram undir nafni né tala í nafni bankans sem þeir starfa fyrir, en þeir voru staddir hér á landi og funduðu meðal annars með starfsmönnum Kaupþings.

Meðal þess sem hefur haft áhrif á hátt álag á íslenska banka er orðrómur um að íslenska efnahagskerfið sé ótraust. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við þessu með því að ráða starfsmann, Finn Sveinbjörnsson, til að funda með erlendum og innlendum starfsmönnum fjármálfyrirtækja til þess að reyna að upplýsa um stöðu íslenska efnahagskerfisins.

Gæða húsgögn á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri.

23.922*
kr/mán

Fullt verð 249.000.-



Hornsófi 2+h+2 M87

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

17.957*
kr/mán

Fullt verð 189.900.-



Hornsófi 2+h+2 Aspen

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

30.826*
kr/mán

Fullt verð 327.000.-



Sófasett 3+1+1 840

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

32.955*
kr/mán

Fullt verð 349.700.-



Sófasett 3+1+1 8235

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

46.961*
kr/mán

Fullt verð 499.000.-



Sófasett 3+1+1 8271

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

37.629*
kr/mán

Fullt verð 399.700.-



Sófasett 3+1+1 8066

VISA Lán
- HASTEDDAS AFDGANGUR

*Meðalgreiðsla á mánuði í 12 mánuði.
Gildir til 29. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



ÓSKAR PÁLL SVEINSSON ER AÐ KOMA SÉR FYRIR VIÐ MEÐALFELLSVATN MEÐ ÖLMU Í NYLON „Við erum löngu hætt að taka eftir aldursmuninum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hláturskast þegar við unnum Eurovision

Óskar Páll Sveinsson upptökumaður hefur komið víða við á löngum ferli, meðal annars unnið fyrir syrgjandi Paul McCartney og samið tvö topplög á breska vinsældalistanum. Já, og svo er hann eini Íslendingurinn sem hefur unnið Eurovision. *Dr. Gunn* rakti úr honum garnirnar yfir kaffibolla á dögnum.

Óskar Páll er 67-módel og er búinn að vera viðriðinn tónlist í rúm tuttugu ár. „Sem unglingur tók ég það út að vera í hljómsveitum,“ segir hann. „Spilaði á hljómborð og söng í hljómsveitinni Medium frá Saudárkróki. Við fengum ágætis dóma þegar við tókum þátt í Músiktilraunum, en unnum ekki.“
Varðstu þá svo fúll að þú hefur unnið á bakvið tjöldin síðan?
„Já, sennilega,“ segir Óskar Páll og hlær. „En í alvöru talað þá hef ég haft brennandi áhuga á stúdívinnu síðan ég man eftir mér. Ég ætlaði mér alltaf í þetta, en ég hef ekki hugmynd um hvaðan þessi áhugi kom. Ég byrjaði fljótlega að gera tilraunir og taka upp á kasettutæki. Það var eitthvað svo spennandi við þetta. Að fá að fíkta í öllum tókkunum. Þegar ég er tvítugur var ég svo ráðinn sem aðstoðartækimaður á RÚV og fór fljótlega að ganga í öll störf. Þar lærði ég grunninn og fékk góðan skóla í vönduðum vinnubrögðum. Það eru komnir finir skólar í dag en á þessum árum var því ekki til að dreifa og allir byrjuðu bara sem aðstoðarmenn og unnu sig síðan upp.“

Hvenær fórstu svo að færa þig upp á skaföld í poppbransanum?
„Ég fékk að gægjast yfir öxlina á mönnum eins og Gunnari Smára og Didda fiölu, en svo fékk ég það breik að taka upp og hljóðblanda plötuna Samferða með Manna-kornum. Það gekk ótrúlega vel, svo ég segi sjálfur frá, en það var ekki síst að þakka þeim frábæru hljóðfæraleikurum sem spiluðu á plötunni, mönnum eins og Gulla

Briem, Eyþóri Gunnars, Pálma og Kalla heitnum Sighvats – það er erfitt að klúðra slíkum snillingum. Eftir þessa plötu stoppaði ekki síminn og ég hætti fljótlega hjá RÚV.“

Fullur af bjartsýni

Óskar Páll rak Stúdíó Sýrland fyrir Skífuna í nokkur ár en ákvað að reyna fyrir sér í stórborginni London árið 1994. „Ég var það ungur á þessum tíma og búinn að gera svo mikið herna heima að mér leið eins og ég væri að setjast í helgan stein ef ég héldi áfram á sömu braut. Ég varð að fá einhverja áskorun og sjá hvort ég gæti gert eitthvað á stærri velli. Maður var uppfullur af íslensku bjartsýninni, hélt að maður gæti hvað sem er, hvar sem er. Ég fékk líka góða aðstoð, til dæmis hjá Jakobi Frímanni sem kom mér í góð sambönd sem urðu til þess að ég fór að vinna með stórum nöfnum. Og þegar maður er kominn með stór nöfn á afreka-skrána þá auðveldar það manni framhaldið.“

Þú hefur þá verið að vinna með alls konar frægðarmönnum?

„Já, alls konar liði. Til dæmis bæði með Peter Gabriel og Genesis, og svo yfir í Robbie Williams og allt þar á milli. Mikið var í poppgeir-

anum en ég var líka í jaðarrokki og tölvutónlist, vann til dæmis fyrir Depeche Mode og Curve.“

Hvað er nú eftirminnilegast?

„Að vinna með Robbie Williams var dálítið eftirminnilegt ...“

Er hann jafn leiðinlegur og af er látið?

„Hann er það á köflum já, en líka ágætur inni á milli. Ég kynntist honum ágætlega og hann er allt öðruvísi en opinbera útgáfan. Vöður rólegur lítill strákur bara. Það er ekkert að marka þessa hlið sem popparar sýna í fjölmiðlum. Ég fór til dæmis í þrítugsafmæli Liams Gallagher í Oasis og hann var bara ljúfur sem lamb með mömmu sinni reyntandi af sér brandara. Mér fannst þetta mjög ólíkt þessum manni sem var alltaf í blöðunum í tómu rugli.“

Tvö topplög og syrgjandi Bítill

Óskar Páll hefur komið nálægt upptökum á hundruðum plötum. Topplögin hans tvö í Bretlandi standa upp úr að hans mati. „Það er tvisvar sinnum betri árangur en ég hefði getað látið mig dreyma um þegar ég flutti út. Fyrst var ég svo heppinn að vinna við fyrstu Pop Idol-keppnina sem byrjaði í heiminum. Will Young vann og ég, ásamt Cathy Dennis, stjórnaði upptökum á fyrstu smáskífunni

klónað. Það var von á Paul seinna um kvöldið til að leggja blessun sína yfir þetta en ég forðaði mér nú bara heim áður en hann kæmi. Ég er alveg til í að hitta Paul á góðum degi en ekki undir þessum kringumstæðum. Svo fór lagið í útvarpið og fékk ágætis spilun.“

Eurovisionisigur kom öllum á óvart

Þrátt fyrir að mikið hafi verið reynt má segja að Óskar Páll sé eini Íslendingurinn sem hefur unnið Eurovision. Hann tók upp og hljóðblandaði lagið Nocturne sem Noregur sigraði með árið 1995.

„Ég var að vinna með norska laga-höfundinum Rolf Løvland að verkefni sem var kallað Secret Garden, en það eru hann og írski fiðluleikarinn Fionnuala Sherry. Þetta er svona írsk þjóðlagatónlist með heimstónlistarlegu ívafi. Það var ekkert Eurovision inni í myndinni fyrr en við vorum komin í Puk-stúdíóð í Danmörku, þá kemur símtal frá norska sjónvarpinu. Norska forkeppnin var að fara í gang en öll lögin voru svo slöpp að menn höfðu stórar áhyggjur af þessu. Þeir vildu endilega að Rolf sendi inn lag því hann hafði samið La det swinge með Bobbysocks tíu árum áður. Rolf segir eins og er, að hann sé að vinna að þessu Secret Garden-verkefni og eigi engin popplög. Þeir gáfu sig ekki og kríuðu loksins þetta lag út úr honum sem var með pínulitlum söng í byrjun og enda lagsins, en annars bara leikið. Þar að auki er lagið svo lúshægt að það hreyfðist varla. Það vann forkeppnina í Noregi og við hlógum nú bara. Svo fór mannskapurinn til Írlands. Rolf hringdi í mig nokkrum dögum áður en keppnin fór fram og sagðist ekki trúá þessu: allir væru að segja að lagið myndi vinna keppnina. Við hlógum bara og vorum alveg sannfærðir um að þetta yrði langneðst því þetta er rislitið og rólegt lag og þar að auki eins ólíkt Eurovision-formúlunni og hugsast getur. Ég var svo bara heima og sá keppnina í sjónvarpinu. Ég man eftir símtalinu frá Rolf þegar sigurinn var í höfn og hann var bara í hláturskasti. En þetta hjálpaði rosalega við markaðssetninguna. Þau eru meðal fárra sem hafa grætt eitthvað á að vinna þessa keppni og hafa selt milljónir platna úti um allan heim.“

Í sveitinni með Ölmum

Eftir tíu ár í London sneri Óskar Páll heim á klakann árið 2004. „Ég var búinn að gera allt sem ég ætlaði að gera, og miklu meira en það. Og svo langaði mig bara til að búa aftur á Íslandi. Ég kom mér fyrir í Kjósinni við Meðalfellsvatn og er að ljúka við að byggja mér hús og stúdíó.“

Ög þar er mikið popparager?

„Já, Bubbi er á næsta bæ og Jakob Frímann á sumarhús þarna. Því er stutt að fara til að ná sér í talenta.“

Ög þið Alma í Nylon eruð saman. Hvernig nældirðu í hana?

„Þegar ég var nýfluttur heim fór ég að vinna fyrir Einar Bárðarson og við Alma kynntumst nú bara í stúdíóinu. Við höfum verið saman æ síðan.“

Það eru sautján ár á milli ykkar, er það ekkert vesen?

„Nei nei, þetta jafnast alveg út, andlegur óþroski minn, eins og allra karlmanna, eða allavega flestra poppara, og gríðarlegur þroski hennar. Þetta gengur mjög vel.“

Á að stækka fjölskylduna?

„EKKI eins og staðan er í dag, en við eigum tvo hunda. Við erum trúlofuð og það verður örugglega gifting einn daginn, ekki spurning, en það er ekkert ákveðið eins og staðan er í dag. Við höfum ekki fundið fyrir því að einhverjum finnst þetta eitthvað óeðlilegt og sjálf erum við löngu hætt að taka eftir aldursmuninum.“

Þið eruð góðir þarna í sveitinni, þú og Bubbi með ungu konurnar.

„Já, en það er reyndar meiri aldursmunur á þeim. En já, þetta virðist fylgja músíkbransanum, þessi vanþroski. Þú verður örugglega búinn að yngja upp áður en þú veist af.“

Nei, nei, konan mín er tíu árum yngri en ég.

„Þarna sérðu.“

**41%
afsláttur**

Þú sparar 699 kr/kg



GODI

999 kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Goða villikryddað lambalæri

**40%
afsláttur**



134 kr/pk. áður 223 kr/pk.
Pykkvabæjar kartöflubitar m/hýði 700gr.

**44%
afsláttur**



99 kr/stk. áður 177 kr/stk.
Pykkvabæjar tilboðs franskar 700 gr.

**34%
afsláttur**



346 kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ leggir

**43%
afsláttur**




Þú sparar 599 kr/kg

794 kr/kg. áður 1.393 kr/kg.
Goða BBQ grísarif

**50%
afsláttur**



78 kr/stk. áður 155 kr/stk.
Fanta 2 ltr.



297 kr/pk.
Chicago Town - Thin cheese og thin pepperoni



30% afsláttur
Sacla original 420 gr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21. febrúar til 24. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Ægir sker ekki á tryggðaböndin

Það var nóg um að vera í danska varðskipinu Vædderen þegar Jón Sigurður Eyjólfsson fór þangað til að heilsa upp á skipstjóranum í brúnni. Áhöfnin var í þann mund að fara í vaktafrí og vildi að nýja áhöfnin kæmi að öllu í röð og reglu. Ulf M. Berthelsen skipstjóri var hins vegar að ljúka sinni síðustu vakt. Hann útskýrði fyrir blaðamanni af hverju þessi tímamót væru tregafull.

Tilfinningar Ulfs M. Berthelsen, skipstjóra á danska varðskipinu Vædderen, voru blendnar þegar blaðamaður kíkta upp í brú. Þótt hann hlakki mjöt til að að takast á við nýtt starf sem sendifulltrúi varnarmála í danska sendiráðinu í Vilmíus í Lít-háen þá er hann bundinn norðurslóðum sterkum böndum eftir veru sínu á varðskipinu Triton. Triton er reyndar í slipp í Danmörku en Vædderen leysir hann af hólmi á meðan.

Að missa mann í hafið

„Við höfum átt mjög gott samstarf við íslensku landhelgisgæsluna og svo varð válegur atburður til þess að við urðum mun nánari, ég og starfsmenn gæslunnar hér og sami atburður varð einnig til þess að samheldni manna hér um borð er með eindæmum mikil,“ segir karlinn í brúnni meðan hann vinnur að því að koma skipinu í gott horf fyrir nýja áhöfn sem væntanleg er frá Danmörku.

Eins og flestir muna strandaði flutningaskipið Wilson Muuga á Hvalsnesi fyrir utan Sandgerði í aftakaveðri 19. desember árið 2006. Triton fór til björgunar en við afar slæmar aðstæður þar sem flutningaskipið var komið inn fyrir skerjafláka undan landi og Triton komst ekki nær því en svo að um tveir kílómetrar skildu að. Kapteinninn var ekki öfundsverður í þeirri stöðu en hann ákvað að senda átta menn á léttabáti til að komast yfir í flutningaskipið. Ekki vildi betur til en svo að léttabátinum hvolfði og sjóliðarnir hentust í ólgandi sjóinn. „Ég get ekki ímyndað mér nokkuð erfiðara en vera skipstjóri við þessar aðstæður,“ segir Ulf þungt hugsandi. „Í um það bil tvær klukkustundir eftir þetta vissi ég ekkert um afdrif minna manna, þetta eru langerfiðustu klukkustundirnar í lífi mínu.“ Það tókst að hífa sjö skipverja hans í borð um þyrllu Landhelgisgæslunnar sem má teljast ótrúlegt björgunarafræk en sá áttundi, Jan Nordskov Larsen, druknaði.

Skipverjar standa með stjóranum

Hvernig ætli Ulf gangi nú að lifa við það? Skyldi hann sjá eftir því að hafa sent mennina út? „Nei,“ segir hann ákveðinn. „Miðað við þær upplýsingar sem ég hafði var ekkert annað í stöðunni ef ætluðum að bjarga mönnunum tólf á Wilson Muuga frá því að enda í sjónum. Þannig að ef ég væri í sömu stöðu í dag, með sömu upplýsingar og ég hafði þá, myndi ég senda mennina út aftur. Enda hefur danska sjóslýsanefndin komist að því eftir að hafa rannsakað málið ítarlega að ég hafi brugðist rétt við og það álit var vissulega mikill léttir fyrir mig. En það var einnig ómetanlegt fyrir mig að öll áhöfnin stóð með mér. Það er gífurlega mikilvægt því það hefði verið einfalt mál fyrir þá að áfella mig fyrir þessa ákvörðun.“

Hins vegar, ef ég á að vera alveg hreinskilinn, sá ég það á loftmyndum sem sýndar voru í sjónvarpinu daginn eftir að það hefði ekki verið nauðsynlegt að senda mennina út. En þær upplýsingar lágu ein-



KARLINN Í BRÚNNI Ulf M. Berthelsen á sinni síðustu vakt sem skipstjóri á dönsku varðskipi. Samheldni er afar mikil um borð eftir hörmulegt slys sem áhöfnin varð fyrir þegar hún var á Tritoni sem nú er í slipp í Danmörku. Það er því tregafullt fyrir kapteinninn að kveðja. MYND/JÓN SIGURÐUR



RUDI SANBLEBEN Skipverjinn stendur með karlinum í brúnni og sagði skömmu eftir að hafa verið í um tvær klukkustundir í lífsháska í ólgandi sjó að hann skyldi nú aldeilis sigla með skippernum aftur.

siglir næst og ég mun ekki láta standa á mér.“ Þessi orð hafa sérlega þunga vigt fyrir þær sakir að sá er þau sagði hafði barist um í ólgandi hafi í tvær klukkustundir og var nýkominn af sjúkrahúsi þar sem hugað var að meiðslum hans. Ég held ég hafi aldrei fengið jafn góða hughreystingu á ævinni.“

Erfitt að hverfa af vettvangi

En þó að þeir sem þekkja hættur Ægis

„Í um það bil tvær klukkustundir eftir þetta vissi ég ekkert um afdrif minna manna, þetta eru langerfiðustu klukkustundirnar í lífi mínu“

faldlega ekki fyrir þegar ég tók ákvörðunina og við höldum að tólfmenningarnir gætu endað innan skamms í sjónum.“

Enginn skipverja efaðist og Ulf varð djúpt snortinn þegar Rudi Sanbleben, sá sem stjórnaði léttabátinum, kom að máli við hann nokkrum klukkustundum eftir slysið. „Hann horfði í augu mér og sagði „Skipper! Láttu mig bara vita hvenær þú

áfellust ekki skipstjóranum hlýtur málið að horfa öðruvísi við þeim sem missa aðstandanda í hafið. „Ég talaði við föður og bróður Jans Nordskov og hvorugur þeirra ásaði mig fyrir hvernig fór. Þeir sögðust hafa vitað að starf hans væri hættulegt og að svona gæti farið. Svo það var ekki síður hughreystandi að fá að



VÆDDEREN VIÐ HÖFN Í REYKJAVÍK Vædderen tekur sig vel út við höfnina í Reykjavík en skipstjórnin er mikill Íslandsvinur og honum líður vel þegar lagt er við Reykjavíkurhöfn.

heyrja þeirra sjónarmið.“

Ulf segir að þetta hræðilega slys hafi þjappað áhöfninni saman og þar að auki hafi myndast sterk tryggðabönd milli hans og áhafnarinnar og íslensku landhelgisgæslunnar sem vann að björgun dönsku skipverjanna og fékk heiðursorðu danska sjóhersins fyrir vikið. Í framhaldi af því undirrituðu Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra samkomulag milli ráðuneyta sinna um aukin samstarf Landhelgisgæslunnar og dönsku strandgæslunnar. Það hefur síðan sannað gildi sitt eins og til dæmis í Fáskrúðsfjarðarmálinu svokallaða en þá fengu Ulf og undirmenn hans það hlutverk að fylgjast með ferðum skútunnar sem fíkniefnin voru flutt í frá Færeyjum og þar til Landhelgisgæslan tók við málinu undan Íslandsströndum. Einnig stóðu þessi samstarfsaðilar sameiginlega að leitinni að Cessna-flugvélinni sem hvarf í sjónum um 50 mílum vestur af Keflavík fyrir skömmu.

En nú hefur Ulf hefur verið kallaður til annarra starfa. Er ekki erfitt fyrir hann að hverfa af vettvangi nú þegar búið er að leggja grunninn að svo góðu samstarfi? „Jú, og það er ekki síður erfitt að yfirgefa þessa áhöfn,“ segir hann og síðan fylgir löng þögn sem segir meira en þúsund orð.

→ ÞAKKLÁT FYRIR KYNNIN

„Samstarf Íslands og Danmerkur er frábært á sviði björgunarmála á sjó,“ segir Siv Friðleifsdóttir sem var varaformaður utanríkisnefndar árið 2006, fulltrúi í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og hefur átt mikil samskipti við áhöfnina á Triton eftir slysið í desember sama ár.

„Dönsk varðskip eiga oft leið hér um, sérstaklega í tengslum við veru sína við Grænlandsstrendur og hafa þá boðið okkur Íslendingum aðstoð þegar við höfum á þurft að halda svo sem með þyrllum og öðrum útbúnaði. Samstarf Landhelgisgæslunnar og Dananna fer vaxandi. Búið er að skrifa undir samstarfssamning milli landanna, en sá samningur var einmitt undirritaður í danska varðskipinu Triton fyrir skömmu. Við höfum gert svipaðan samning við Norðmenn líka.“

Landhelgisgæslan hefur meðal annars nýlega sent mannskap



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

frá sér í æfingar á hafi út um borð í danska varðskipið Vædderen og þótti vel til takast. Þyrilusveitin okkar hefur einnig æft sig í samstarfi við danska varðskipþyrllu. Danir hafa líka aðstoðað okkur í að upplýsa stærsta einstaka fíkniefna-smyglið sem upp hefur komið hér á landi, en það var þegar Triton lagði fram ómetanlega aðstoð við eftirför skútunnar yfir Atlantshafið sem bar tugi kílóa af amfetamíni og e-töflum til Fáskrúðsfjarðar fyrir stuttu. Ægir tók síðan við skútunni

undan ströndum landsins. Eftir að bandarískri herinn fór af landi brott er samstarfið við grannríkin okkar svo sem Dani og Norðmenn æ mikilvægara að mínu mati.“

Kynnin við áhöfnina

„Kynni mín og Ulfs, skipherra Triton, og áhafnar hans tengjast slysinu í desember 2006 þegar Wilson Muuga strandaði. Í því slysi var sjö sjóliðum af Triton bjargað upp í TF-LÍF eftir tveggja tíma volk í sjó við hræðilegar aðstæður, einn sjóliði fórst. Ég ákvað að heimsækja Ulf um borð strax í kjölfarið, votta honum og áhöfninni samúð mína og þakka honum hlý orð í garð heilbrigðisþjónustunnar á Suðurnesjum sem hann viðhafði í sjónvarpsviðtali. Upp úr þessu urðum við vinir og þegar falast var eftir þátttöku hans og sjóliðanna sem björguðust, í bókinni „Útkall-Þyrlluna strax!“ eftir

ASTARFARALIDUR

3 FYRIR 2

- The definitive collection - Lionel Richie

- I did a bad thing - Linda Green

- Spútnik - Ástin - Haruki Murakami

- Sjortarar - Tracey Cox

- Kúnstin að kyssa -

- Frú Bovary - Gustave Flaubert

- Don'ts for Husbands - Blanche Ebbutt

- Black Rose - Nora Roberts

- Eldað í hægum takti - Joanne Glynn

- Drive her wild - Katy Bevan

- Hugans - Þórunn Þórunnsson

- Kama Sutra -

ADSTOD LIÐ AÐ
SKRIFA ÁSTARBRÉF!
Í dag geta íslenskir
karlmeðm feugð aðstöð
við að rita ástarbréf
til konu sinnar!

Í DAG:
* Eymundsson, Austurstræti *
Elið Armanns og Hallgrímur Helgason
Kl. 14-15
* Eymundsson, Kringluinni *
Elið Armanns og Sigríður Klingenberg
Kl. 15-16
* Eymundsson, Smáralind *
Elið Armanns - Kl. 13-14
Sigríður Klingenberg - Kl. 14-15



KRIPALUJÓGA Áslaug kennir kripalujóga nokkrum sinnum í viku. Hér sést hún við kennslu í blönduðum hádegistíma Kramhúsins.

Í djúpri guðsvitund og kærleika

Áslaug Höskuldsdóttir, jógakennari og leirlistakona, vaknar alla daga nokkuð löngu fyrir fyrsta hanagal. Dagana á hún að mestu sjálf og úthlutar tíma sínum eftir þeim verkefnum sem kalla hverju sinni. Áslaug hóf og endaði nýliðna vinnuviku með Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur blaðamanni og Stefáni Karlssyni ljósmyndara sem saman stálu forvitnilegum augnablikum úr daglegu amstri Áslaugar.

VIKA Í LÍFI

Dagar mínir eru ákaflega fjölbreyttir og jógakennslan eini fasti punkturinn sem og viðvera á leirvinnustofu minni,“ segir Áslaug Höskuldsdóttir, jógakennari og leirlistakona í Reykjavík, um dæmigerða viku í sinni tilveru.

Áslaug tekur daginn snemma, sem er hluti af heilnæmum lífsstíl.

„Ég hef verið svona árrisul með hléum í mörg, mörg ár, en nú er ég á mjög góðu skeiði. Ég læt líkamann um að vakna sjálfan, nema hvað ég stilli vekjaraklukku til vonar og vara þá morgna sem ég er með jóгатíma. Þetta þýðir að ég geng ekki seinna til hvílu en klukkan ellefu á kvöldin en læt þessa fótaferð þó ekki stoppa mig í því að gera eitthvað skemmtilegt þegar svo ber undir,“ segir Áslaug, sem kynnti sér jóga fyrst árið 1989 og kennir nú jóga í Kramhúsinu og Þrúðvangi í Mosfellsbæ.

„Ég hreifst strax af jóganu á fyrsta námskeiðinu sem ég fór á og fannst ég vera komin heim. Jóga er fyrst og fremst andleg iðkun og leið til sjálfsþekkingar. Við förum þessa leið meðal annars í gegnum líkamann en það eru líka aðrar leiðir innan jógafræðanna. Tilgangurinn er alltaf sá sami; að



HARÐUR HÚSBÓNDI Leirinn er flókið hráefni og mikil vinna við hvert stykki sem skapað er, en Áslaug nýtur þess að vinna úr honum nytjalist og fleira.

tengjast guðsvitundinni og kærleikanum í víðari skilningi. Jógaástundun getur orðið yfirborðskennnd ef ofuráhersla er lögð á líkamlega færni, en sem kennari finn ég að Íslendingar eru fróðleiksfúsir um líkama sinn og heilsu og í kjölfarið kemur oft áhugi á andlega þættinum. Fólk skilur að í áreiti samtímans er nauðsynlegt að kunna að slaka á og nálgast sjálfan sig á dýpri sviðum en við erum kannski vön. Jóga er frábær

leið sem hentar öllum, burtséð frá aldri, líkamlegu ástandi eða kunnáttu,“ segir Áslaug, sem útskrifaðist úr leirlistadeild Mynd- og handíðaskóla Íslands árið 1975, og bætti við sig tveimur árum í leirlistarnámi árin 1983-85.

„Síðan hef ég verið óslitið í leirnum. Það er mikil vinna, bæði líkamlega og tímalega en leirinn togar alltaf í mig. Kostir þess að vera sinn eigin herra eru margir, en ókostur hvað tekjulindin er óstöðug. Vinnutíminn er líka lengri en annars og einyrkjar vafalaust hörðustu vinnuveitendur sem um getur. Ég dett vitaskuld reglulega í leti líka, en þá hef ég alltaf þann möguleika að bæta það upp með kvöld- og næturvinnu,“ segir Áslaug, sem á þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn sem hún hittir minnst tvisvar í viku.

„Að vera návistum við barnabörnin finnst mér mannþætandi og hrein sálarlækning, og þá finnst mér aldur ekki skipta máli, en elsta barnabarnið er sjö ára. Mér finnst frábært að búa ein eftir að börnin hafa flogið úr hreiðrinu; mér leiðist aldrei og geri það sem mig langar til. Mitt uppáhald er að koma heim á daginn, enda búin að búa til mína stemningu á mínu heimili, og það er kannski eigin-girnri líka. Ég bý á fjórðu hæð og finnst notalegt að horfa út um gluggann, les mikið og hvað sem er, horfi á sjónvarp, íhuga hvað ég ætla að gera í leirnum og skissa.“



SKRIFAÐ Í LEIR Áslaug er mikils metin leirlistarkona og selur verk sín meðal annars í Listaflettunni á Akureyri, Gallerí Fold, Gallerí List og Kraumi, en vitaskuld er öllum velkomið að heimsækja Áslaugu á vinnustofuna að Seljavegi, þar sem margt listafólk skapar undir sama þaki.



SKÖPUNARVERKIÐ Fagrir listmunir úr smíðju Áslaugar.

VIKAN

MÁNUDAGUR

Vakna klukkan 6.00. Geri öndunaræfingar, hugleiði og fleira. Klukkan 9 bíður mín það skemmtilega verkefni að leiða jóगतíma á „tyllidögum“ Hringisjár, náms- og endurmenntunar fyrir fullorðna. Ég er glöð að geta liðsinnt þar og fyllest bjartsýni að svo frábær skóli skuli vera starfræktur. Síðan liggur leiðin á vinnustofu mína að Seljavegi 32; ég skelli mér í leirgallann og tekst á við þetta frábæra og stundum óútreiknanlega efni sem leirinn er. Kenni jóगतíma í Kramhúsinu 17.15. Nýt þess að koma heim og er sammála þeim sem sagði að heima er best. Hugleiði og fer senmma að sofa.

ÞRIÐJUDAGUR

Vakna klukkan 5.30. Geri öndunaræfingar, hugleiði og fleira. Dagarnir einkennast oft af mikilli hreyfingu; líkamlegri og milli staða á bíl. Kenni hádegistíma í Kramhúsinu og kvöldtíma í Mosfellsbæ. Á milli jóगतíma-anna vinn ég á verkstæðinu, fer með verk í gallerí og víða að mér hráefni. Það er saumaklúbbur í kvöld, notaleg samvera og frábær matur. Minna um hannyrðir! Hugleiði og fer frekar seint að sofa.

MÍÐVIKUDAGUR

Vakna klukkan 6.30. Hefðbundin hugleiðsla og önnur morgunverk. Fer á vinnustofuna klukkan 10. Það gengur hægt að komast í vinnustuð eftir jól og áramót en ég finn að sköpunargleðin er að koma aftur. Kenni jóga í Kramhúsinu 17.15 og er mætt á fund klukkan 19 vegna Íslandskómu og námskeiðahalds jógameistarans Ashutosh Muni í mars

í Mosfellsbæ. Hjá honum dvaldi ég á Indlandi í janúar ásamt sextán öðrum Íslendingum. Hann er sá lengst komni meistari sem ég hef kynnst og ég hrífst í hjarta mínu af kærleika hans og djúpri vísku. Hann kennir Sananta Dharma sem er leið allra trúarbragða og andlegrar ástundunar, en kennsla hans er aðgengileg fyrir alla. Góður fundur og góður dagur.

FIMMTUDAGUR

Vakna óvenju snemma, klukkan 4.30. Morgunstund gefur gull í mund. Eftir hugleiðslu nýti ég tímann til hugmyndavinnu og skissugerðar vegna samsýningar 29. febrúar á vegum Leirlistafélags Íslands í Kirsuberjatrénu. Ekki seinna vænna að byrja! En sem betur fer er þetta smástyttsýning unnin úr postulíni og vonandi reddast þetta. Kenni morguntíma 7.20. Fæ góða gesti í morgunkaffi; Söndru tengdadóttur mína og Lunu litlu ömmustelpu, tæplega þriggja mánaða. Kenni hádegisjóga í Kramhúsinu, fer síðan í vinnustofuna og kenni kvöldjóga í Mosfellsbænum. Rólegt kvöld heima, hugleiði og sofna klukkan 23.

FÖSTUDAGUR

Vakna klukkan 5.10. Í dag liggur aðallega tvennt fyrir; vinna á verkstæðinu og síðdegis tek ég eina vakt í Manni lífandi, þar sem ég leysi stundum af. Eftir morgunverkin, dagbókarskrif, hugleiðslu og fleira, er ég mætt á vinnustofuna klukkan 11. Mörg verkefni bíða mín þar. Sýning fram undan og fleira. Það eru mörg handtök í glímunni við leirinn og langt vinnuferli í hverju verki, bæði stóru og smáu. Góð vika að baki og skemmtilegir tímar fram undan.




MANNÞÆTANDI Áslaug er amma fjögurra barnabarna á aldrinum sjö til þriggja mánaða og þykir samfélag við þau mannþætandi. Hér nýtur hún þess að fá Söndru tengdadóttur sína og Lunu ömmustelpu í morgunkaffi á milli jóगतíma og annars annríkis.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁNI

Eftir höfund *Flugdrekahlauparans*

Þúsund bjartar sólar

**Loksins
komin í
kilju!**



„Með *Flugdrekahlauparanum* flysjaði Khaled Hosseini nokkur lög af fjölmiðlamyndinni af Afganistan. Með *Þúsund björtum sólum* sýnir hann okkur alla leið inn í kjarnann.“

Hrund Ólafsdóttir / Morgunblaðið

„Þeir lesendur sem gleymdu sér yfir *Flugdrekahlauparanum* ættu ekki að láta þessa ógleymanlegu bók fram hjá sér fara.“

Booklist

Langar þig frítt í bíó?

Í tilefni þess að kvikmynd gerð eftir *Flugdrekahlauparanum* verður frumsýnd 29. febrúar næstkomandi í Laugarásbíói, Háskólabíói og Borgarbíói á Akureyri bjóðum við viðbragðsfljótum kaupendum í bíó.

Það eina sem þú þarft að gera er að fara í Mál og menningu, Laugavegi 18, og kaupa annaðhvort *Þúsund bjartar sólar* eða *Flugdrekahlauparanum*.

Hundrað fyrstu fá bíómiða með bókinni!

**17.000
eintök seld!**

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

BOKABÚÐ

MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is



DIMMT ÚTI, BJART INNI



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

STUÐ MILLI STRÍÐA: Hin nýja pólitík

FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR NÝJA LEIÐ



Stjórnsmál eiga að snúast um málefni en ekki einstakar persónur. Þetta er yfirlætt sú lína sem lögð er fyrir hverjar kosningar á Íslandi. Í Bandaríkjunum snýst hins vegar allt um persónuna sjálfa en minna um málefni heimsins og bandarískir kjósendur eru nánast knúnir til að svara nokkrum lykilsurningum; er frambjóðandinn heiðarlegur? Heldur hann framhjá? Og hvernig fötum klæðist hann?

Smávaxna stríðshetjan fékk rækilega að finna fyrir þessum brennandi áhuga samlanda sinna á rekkjuvenjum hans nýverið þegar

bandarískt blað taldi sig hafa komist á snoðir um að hann hefði haldið framhjá með sér yngri konu. Fjölmíðlaspekúlantar voru ekki lengi að spá því að fréttin gæti jafnvel hafa bundið enda á vonir hans um að verða næsti forseti. Að það borgaði sig að hafa buxurnar á réttum stað ef menn vildu vera leiðtogi hins vestræna heims.

Bandarískum kjósendum virðist nefnilega vera annt um að næsti forseti sé jafn siðavandur og Jesús Kristus. Og sjálfur Clinton ætti að þekkja það. Enda er Amerika í augum Kanans hið fyrirheitna land sem boðað var í Biblíunni og hefur því það hlutverk að vera boðberi siðferðislegra gilda í einkalífinu úti um allan heim.

Ekki veit ég hins vegar hvort sú stutta á heimilinu hafi drukkið í sig al-amerískar stjórnsmálaskoðanir þegar hún tilkynnti hátíðlega að Samfylkingin væri ekki lengur hennar flokkur. Ekki var það þó vegna pistilsins sem einn ráðherra flokksins skrifaði á bloggsíðu sína um vinsælan sjónvarpsmann og pólitíkus heldur einfaldlega af því að einn úr röðum ríkisstjórnar-flokksins hafði gert sig sekan um að styðja vitlaust fótboltið; hann var United-maður en ekki póólari eins og hún. „Ég get ekki stutt United,“ sagði hún og þar við sat. Eftir sem áður skilur hún ekkert í því af hverju það hafa verið þrír borgarstjórnar en ekki einn eins og alltaf.



Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útlit og sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“

visir.is
...ég sá það á visir.is



Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





PIPAR • SÍÐ • 80402

HO HO HO
HO HO HO
we
SAY
HEY HEY HEY

Plakat af hljómsveitinni Mercedes Club fylgir öllum máltíðum á KFC í dag.



HO HO HO - Allir elska KFC!

Hafnarfirði • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi • Reykjanesbæ • Mosfellsbæ • Fossvogi



HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR SÖNGKONA Syngur hlutverk Víólettu í La Traviata.

Hulda er Víóletta

Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona preytir frumraun sína í hlutverki Víólettu Valéry í La Traviata í Íslensku óperunni annað kvöld. Alls syngur Hulda Björk þrjár sýningar en aðrar sýningar syngur Sigrún Pálmadóttir. Hulda Björk var í hópi fyrstu fastráðnu söngvaranna við Íslensku óperuna og af nýlegum hlutverkum hennar þar má nefna Governess í Tökin hert eftir Britten, Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, Micaelu í Carmen eftir Bizet og Anne Trulove í The Rake's Progress eftir Stravinskí.

Alls hefur fimm aukasýningum verið bætt við upphaflegan sýningafjölda á óperunni La Traviata, sem gengur fyrir fullu húsi um þessar mundir í Íslensku óperunni. Þær tíu sýningar sem upphaflega voru ráðgerðar seldust allar upp fyrir frumsýningu og hafa þær aukasýningar sem bætt hefur verið við selst upp jafnóðum. Óhætt er að segja að þessi uppfærsla sé vinsælasta óperusýning síðari ára hérlendis, en leita þarf sjö ár aftur í tímann til að finna sambærilega aðsókn. Var það á Töfraflautunni árið 2001.

Sæunn spilar í Salnum

Eftir tvo glæsilega tónleika í Salnum í vikunni með Víkingi Heiðari Ólafssyni kemur annar frábær listamaður sem vermir bekkji Juilliard-skólans í New York fram á tónleikum í tónlistarhúsi Kópavog. Sæunn Þorsteinsdóttir heldur þar tónleika ásamt fiðluleikurum Noah Bendix-Balgley, Ben Peled og Jeroen Woudstra. Á efnisskrá eru strengjakvartettar eftir Mozart, Debussy og Dvorák. Tónleikarnir verða á laugardag kl. 17. Sæunn hélt einleikstónleika í Salnum á síðasta starfsári við frábærar undirtektir. Sæunn stundar um þessar mundir mastersnám við Juilliard-skólann í New York og fyrir skemmstu tók hún þátt í alþjóðlegri sellókeppni, Antonio Janigro International Cello Competition í Zagreb í Króatíu þar sem hún vann til verðlauna.

Sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir fæddist í Reykjavík árið 1984. Hún byrjaði 5 ára gömul að læra á selló hjá Hauki Hannessyni við Tónlistarskóla íslenska Suzuki-sambandsins. Er hún var 7 ára fluttist hún til Bandaríkjanna þar

sem hún hefur búið að mestu síðan. Sæunn útskrifaðist frá Cleveland Institute of Music 2006 með BM-gráðu og hlaut þar verðlaun sem framúrskarandi nemandi bæði í sellóleik og kammer-tónlist. Helstu kennarar hennar hafa verið Tanya Lesinsky Carey, Michel Strauss og Richard Aaron. Hún hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir leik sinn, meðal annars í keppni Society of American Musicians í Chicago og Des Moines Young Artist-keppninni þar sem hún fékk fátíð heiðursverðlaun og kom fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveitinni í Des Moines. Auk verðlaunanna í Antonio Janigro-keppninni í Zagreb, hlaut hún fyrstu verðlaun í einleikarakeppni Cleveland Cello Society og einnig önnur verðlaun í alþjóðlegri keppni fyrir einleikselló í Katowice í Póllandi.

Sæunn hefur notið styrks American-Scandinavian Foundation og Landsbanka Íslands. Hún heldur úti heimasíðu: www.saeunn.com þar sem fylgjast má með framgangi hennar.

- pbb



TÓNLIST Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari er komin heim til tónleikahalds ásamt þremur félögum sínum úr Juilliard-skólanum.



TÓNLIST Benni Hemm Hemm er meðal þeirra sem fá styrk úr Tónlistarsjóði. MYND/GVA

Veitt úr Tónlistarsjóði

Menntamálaráðherra hefur samþykkt tillögu tónlistarsjóðis um styrki úr tónlistarsjóði á fyrri helmingi þessa árs. Veittir voru styrkir til 69 verkefna vítt og breitt um landið og til útrásar íslenskra tónlistarmanna, alls 38 milljónir 390 þúsund. Sótt var um styrki til 126 verkefna og var óskað eftir fjármagni sem nemur nær 140 milljónum.

Síðari úthlutun ársins leysir væntanlega úr fjárþörf einhverra en þessi innspýting fjármagns í tónlistarlífið er vel þegin þótt margir styrkjanna séu smáir. Tuttugu og fjórir aðilar fá 100 þúsund, bæði í verkefna- og útgáfustyrki, en þrettán aðilar fá 150 þúsund. Fimm fá

300 þúsund, fimm 400 þúsund, sex fimm hundruð þúsund.

Stærstu styrkina, fimm milljónir, fá Kammersveit Reykjavíkur og Útón, útrásarverkefni og markaðs-sókn íslenskrar tónlistar. Caput fær 4,5 milljónir, Stórsveit Reykjavíkur og Tónskáldafélagið þrjár milljónir hvort til tónleikahalds.

Margir kunnugir kraftar fá hér tilstyrk: Benni Hemm Hemm og Skakkamanage, Jazzklúbburinn Múlinn og Blúshátíðin, Ampop, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Sumartónleikar í Skálholti og Kammermúsikkúbburinn, svo nokkrir séu nefndir: meira að segja Íslensku tónlistarverðlaunin eru styrkt úr þessum sjóði fyrir 800 þúsund.

Tónlistarsjóður var settur á stofn til að lyfta undir tónlistarlíf í landinu á breiðum grundvelli. Hér koma saman dægurtónlist og klassík, ungir og aldnir.

pbb@frettabladid.is

LABAN

AUDITIONS AND WORKSHOPS

BA HONOURS DANCE THEATRE ONE YEAR PROGRAMMES

REYKJAVIK, ICELAND

8 + 9 MARCH 2008

Contact Signý Stefánsdóttir

Klassíski Listdansskólinn,

Grensásvegur 14

108 Reykjavík

T 00 354 694 1222

E signys@ru.is



Fast track specialist training also available for dancers, teachers, notators, choreographers and community artists.

Contact the administrator at your nearest venue, to join a workshop and find out more.

BERLIN, GERMANY

DANCEWORKS berlin

1 + 2 March

Contact Andy Arndt

laban@andyarndt.com

HELSINKI, FINLAND

Teatterikorkeakoulu

15 + 16 March

Contact Jukka Tarvainen

jukka.tarvainen@teak.fi

LONDON, UK

8 April

10 April

11 April

Contact Maggie Kelly

m.kelly@laban.org



LABAN

CREEKSIDE
T +44 (0)20 8691 8600

LONDON
INFO@LABAN.ORG

SE8 3DZ
WWW.LABAN.ORG UK

Programmes offered at Laban which fall within the framework for higher education qualifications in the UK are validated by City University, to whom Laban is responsible for ensuring the quality and academic standards of its undergraduate and postgraduate provision. Laban is incorporated by Trinity Laban. Registered Charity 309998. Supported by Arts Council England with National Lottery funds. Design Laban 2008 Photo Martin Jordan and Merlin Hendy.



KONUDAGUR BOTN ÓSKAST!

Konudagur kominn er,
kveikja menn á ljósum.

Verðlaun fyrir besta botninn.
Kampavín, súkkulaði og rósir.

Svar sendist á
sukkuladi@rosir.is fyrir kl. 18.00
laugardaginn 23. febrúar.



SÚKKULAÐI OG RÓSIR
Hverfisgötu 52 / 101 Reykjavík
s. 551 2700 / sukkuladi@rosir.is



Karma í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfrúskvöldum

Í samstarfi við Vesturport

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

27. febrúar
28. febrúar
2. mars

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



51250 50

SÍÐUSTU SÝNINGAR

HALLA & KÁRI

KÓLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR
HVAR SIGURJÓNSSON

Næstu sýningar
Lau. 23. febrúar kl. 20
Lau. 1. mars kl. 20
Lau. 8. mars kl. 20



HAFNARFIJARDAR
LEIKHUSIÐ



**Norrænt hlaðborð í
Alvar A matur og drykkur
í hádeginu og á kvöldin.**

**Stór matvælasýning
í kjallaranum opið
12.00 – 18.00**

Dagskrá 23. febrúar.
Fyrirlestrar, kynningar og
smökkun.

13.00 Kvikmynd. *Nýr norræn
matur í
Danmörku og á Íslandi.*

14.00 *Fáðu þér bita úr
Matarkistu
Skagafjarðar.*
Guðrún Brynleifsdóttir.

15.00 *Gómsæt næring.*
Veitingahúsið Icelandic
Fish and Chips.
Erna Kaaber.

15.00 *Bjór á Norðurlöndum.*
Mads Holm
bjórahugamaður
frá Danmörku.

16.00 *Keimur úr
Þingeyjarsýslu.*
Jóna Matthíasdóttir,
Matarbúrið.

17.00 *Heimur vinsins.*
Sérfræðingar frá ÁTVR.

www.nordice.is
sími 5517030



LAUGARDAGUR 23. FEB KL. 17
TÍBRÁ: KVARTETT
SÆUNNAR ÞORSTEINSDÓTTUR
NOKKUR SÆTI LAUS

SUNNUDAGUR 24. FEB KL. 20
TÍBRÁ: JUSSI BJÖRLING
Töfrastund með goðsögninni
í tónum, tali og myndum.
NOKKUR SÆTI LAUS

MIDVIKUDAGUR 27. FEB KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR
OG KURT KOPETCKY
Íslensk sönglög og aríur.
NOKKUR SÆTI LAUS.

BYR
SPARELDJÓLUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

EUROVISION PARTY PÁLL ÓSKARS Á NASA

**LAUGARDAGINN 23. FEB 2008
UNDANKEPPNI EUROVISION -
LAUGARDAGSLÖGIN**

Fram koma:
PÁLL ÓSKAR með öll sín bestu lög
EUROBANDIÐ This is my life
MERCEDES CLUB Ho, ho, ho
we say hey, hey, hey
HAFFI HAFF The wiggle wiggle song

Í tilefni af íslensku undankeppninni í Eurovision í
Laugardaslögunum mun Dj Páll Óskar þeyta öll bestu
Eurovision lög allra tíma, alla nóttina. Svo tekur hann
sjálfur öll sín bestu lög þegar allt er að sjóða uppúr,
með sprengjum, blöðrum og glamúr, ásamt
flottustu Eurostjörnum dagsins í dag.

**Húsið
opnar kl. 23
Miðaverð kr. 2000
Forsala á NASA
föstudaginn 22. feb.
milli kl. 13-17
Aldurstakmark 20 ára**

NASA.IS
PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMLYGAST AD DJANNA

**EUROBANDIÐ
This is my life**

**MERCEDES CLUB
Ho, ho, ho, we say
hey, hey, hey**

Mercedes Club
frumflytja tvö ný lög eftir
Barða Jóhannson af disknum
sem kemur út í vor.

**HAFFI HAFF
The wiggle
wiggle song**






> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Tískuvikan í London: Louise Amstrup slær í gegn Stjarna nýfyrstaðinnar tískuviku í London er án efa hin danskættaða Louise Amstrup en hún sýndi í fyrsta sinn við þetta tækifæri. Amstrup var lærlingur hjá Alexander McQueen, Sofia Kokosalaki og Jonathan Saunders og hefur hannað undir eigin merki frá árinu 2006. Nýja línan var í senn kvenleg og kröftug, með stórum víðum kápum, leðurpilsnum og kjólum, vængjuðum ermum á silkiblússum og ýktum mjöðmum á bæði pilsnum og buxum. Amstrup segist hafa verið innblásin af kventýpum David Lynch-myndanna og að spurningin sem hún varpi fram með sýningunni sé „Hver drap Lauru Palmer?“



stíll

utlit@frettabladid.is



Glitrandi krem í Gucci Westman-línunni sem nefnist „Ombre Glacée“ og er notað á augu og kinnbein til að ljóma.

OKKUR LANGAR Í ...



Ótrúlega falleg fjólblá sól-gleraugu frá Christian Dior. Fást í Gleraugnasmíðjunni, Kringlunni.

Skærbláan augnskugga sem endurkastar ljósinu í nýju Lancôme-línunni sem er hönnuð af Gucci Westman.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Matur án salts

Hvað sem öllum töfrakremum líður getur ekkert breytt útliti kvenna eins og förðun. Þetta uppgötvaði ég með mínum fyrsta svarta blautu ælæner þegar ég var sautján ára, ég var bara meira töff með hann en án hans þrátt fyrir mótmæli móður minnar. Förðun er yfirlýsing konunnar um sjálfa sig, alveg eins og fötin. Fyrstu sögulegu merki um farða eru frá sirka 3000 fyrir Krist hjá forn-Egyptum, en bæði fornmenjar eins og gamlar krukkur með augnmálningu og svo auðvitað stórfengleg veggjamálverk sýna að bæði konur og karlmenn notuðu söt til að undirstrika augun og grænan lit á augnlokun. Gyðingar lærðu svo þessa tækni og á ýmsum stöðum í Biblíunni er minnst á andlitsfarða. Rómverski heimspekingurinn Plautus ritaði: „Kona án farða er eins og matur án salts“. Blý og arsenik var svo notað allt frá tímum Elísabetar I fram á nítjándu öld til að lýsa húðina og rauður litur notaður á varir, kinnar og brjóst. Á þúritönskum Viktoríutímanum var talið hórúlegt að ganga með andlitsfarða og smekklegar konur máttu aðeins nota krem til að mýkja húðina. Eftir 1910 komst farði aftur í tísku og fóru konur að bera vax í augnhárin eins og maskara, og Vogue sýndi myndir af tyrkneskum konum með svartan augnblyant sem kom honum á tískukortid.

Auðvelt er að tímasetja ljósmyndir af konum með því að skoða farða. Rauðar varir þriðja áratugarins, svört málning og gerviaugnahár þess sjöunda, diskóglímmur hins áttunda. Kvímyndastjörnur eins og Marilyn Monroe, Brigitte Bardot, Grace Kelly og Audrey Hepburn voru allar farðaðar á sérstakan hátt sem hefur verið endurskapaður í ótal útgáfum í gegnum árin. Vinsælasti förðunarfræðingur heims um þessar mundir er Gucci Westman, en hún er mjög eftirsótt á tískuvikur þar sem hún skapar útlit fyrir hvern hönnuð fyrir sig. Westman er einnig í uppáhaldi hjá Hollywood-stjörnum eins og Drew Barrymore sem segir: „Þegar Gucci farðar mig veit ég að mér mun finnast ég fallelgrí og kynþokkafyllri.“

Franska snyrtivörfyrirtækið Lancôme fékk Westman til liðs við sig árið 2004 og hún fékk algjört frelsi til að skapa nýjar vörur. Westman sækir gjarnan innblástur til fortíðar og listaverka eftir Degas og Chagall. Vörur hennar fyrir næsta vor og sumar minna um margt á forn-Egyptana en hún notar mikið græna og bláa augnskugga með svörtum ælæner eins og sást hjá Alexander McQueen síðasta haust. Það verður því málið í vor að halda fimm þúsund ár aftur í tímann og fegra sig að egypskum hætti.



HIPPALEGT Galla-buxur, vesti og mjúkur hattur og brúnt leðurbelti í mittið hjá D&G.

GRÁTT OG ELEGANT
Gullfallegur fleginn kjóll með svörtu rokkuðu belti í mittið frá Burberry Prorsum.



ROKKA-BILLÍ Vít svart pils við bleikan leðurjakka, belti og sól-gleraugu hjá Gucci fyrir vor/sumar 2008.



MITTIN ERU MÁLIÐ Í SUMAR HJÁ HÖNNUÐUNUM Í MÍLANÓ

ANDAÐU DJÚPT!

Belti í mittisstað hafa verið vinsæl undanfarið ár og eru greinilega áfram á tískukortinu næsta árið. Mittið er hið nýja erótiska svæði konunnar en kvenlegar línur sáust hvarvetna á tiskupöllum fyrir vor og sumar 2008. Þeir hönnuðir sem sýndu í Mílanó höfðu greinilega tekið ástföstri við kjóla með beltum og það var skemmtilegt til dæmis hjá Burberry að rokkuð leðurbelti voru notuð við fina kjóla, og eins voru gróf brún leðurbelti notuð yfir hippalega kjóla hjá Dolce & Gabbana. Leiðin til að uppfæra kjólinn, pilsid og skyrtuna í vor er sem sagt að skella þröngu belti í mittisstað.

amb@frettabladid.is



„FIFTIES“
Fallegur svartur og hvítur hlýralaus kjóll með breiðu rauðu belti hjá Anna Molinari.



GADDAR
Rokkaðir gaddar poppa upp klassiskan kakilítan kjól hjá Burberry Prorsum fyrir vor/sumar 2008.



SEXÍ Fleginn hlébarðakjóll með stóru belti hjá Anna Molinari fyrir vor/sumar 2008.

BREITT
Belti í yfirstærð er notað við sykursætan bleikan jakka og svart og hvít pils hjá Gucci.



Capisco er heilsuvænn vinnufélagi

HÁG Capisco er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar einstaklega vel fyrir þá sem kjósa að vinna við hæðarstillanleg rafmagnsskrifborð. Það er mjög auðvelt að sitja í mjög lágrí stöðu upp í það að vera hálfstandandi.



Tilboðsverð frá kr. 78.273.-

10 Year
Capisco skrifstofustóllinn er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu

Award for Design Excellence
Awarded by the Norwegian Design Council



EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • www.skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

14. febrúar - 24. febrúar

SÍÐUSTU DAGARNIR STÓRI SKÓMARKAÐURINN MEDAGARFETIR! PERLUNNI

NÝTT!

**Nýjar og nýlegar vörur frá
þekktum framleiðendum!**

Yfir 500 gerðir af **adidas** skóm og fatnaði
á 50% afslætti ásamt frábæru úrvali af nýjum
barna - kvenn og herra fatnaði á frábæru verði.

**Adidas, Studio London, Vagabond, Blend,
Reebok, Skechers, Zoo York, Marc Ecko
Conway, Sanilet, Flexi footwear,
Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix,
SMS UK, Betty Blue ofl. ofl.
Stök pör, tilboð dagsins.**

EINFÖLD VERÐ



Opnunartími

Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunnar
frá fimmtudeginum 14. febrúar til
sunnudagsins 24. febrúar

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...

NÝTT KORTATÍMABIL



> FRANCES ER FRÍÐA

Rokkarabarnið Frances Bean Cobain situr fyrir á myndum í nýjasta tölublaði Harper's Bazaar, en hún hefur hingað til forðast sviðsljósið frekar en hitt. Frances, sem er dóttir Courtney Love og Kurts Cobain, endurskapar í myndatökunni atriði úr Evitu, Fríðu og dýrinu og Grease og ber sig bara nokkuð vel í öllum gervum.



fólk

folk@frettabladid.is

Ekki séns að svindla í Eurovision

Búast má við miklu álagi á kosningakerfi Símans þegar þjóðin tekur upp símann og kys Eurovision-framlag Íslands. Þótt enginn óháður eftirlitsaðili sé til þess að fylgjast með framkvæmd kosninganna segir Linda Björk Waage, upplýsingafulltrúi Símans, að kosningakerfið sem notast sé við sé ákaflega fullkomið og engin leið til að hagræða úrslitum. „Kerfið hefur verið margþróað og við höfum undirbúning á þessu fyrir mörgum mánuðum,“ segir Linda en töluverður fjöldi starfsmanna Símans verður á vakt og tvöfalt mannaaðri bakvakt á meðan kosning fer fram. „Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að þarna er mikið í húfi og að Eurovision er stórmál,“ segir Linda. Talið er að yfir hundrað þúsund atkvæði berist á þeim tiltölulega stutta

tíma sem sjónvarpsáhorfendur hafa til að gera upp hug sinn. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur þátttakan í símakosningu undankeppninnar verið ögn minni en gert hafði verið ráð fyrir. En reikna má með mikilli sprengju í kvöld. Og það er Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, sem veit það fyrstur manna hvaða lag ber sigur úr bítum. Hann segir ekki nokk-

urn möguleika á því, enga smugu hreinlega, að hægt sé að fíkta við tölurnar af hendi RÚV. Spurður hvort hann sjálfur eigi sér eitthvert eftirlætislag sem hann vilji að fari áfram segir Þórhallur: „Ég get sagt það af fullri einlægni; ég er jafnhrifinn af þeim öllum.“



ENGIN SMUGA AÐ SVINDA
Útilokað er að hagræða úrslitum í Eurovision. Kosningakerfi Símans hefur verið margþróað og töluverður fjöldi starfsmanna mun vakta framkvæmdina.

Úrslitastundin runnin upp

Eftir langa og stranga keppni er loksins komið að úrslitum Laugardagslaganna og fara þau fram í Vetrargarðinum í Smáralind í kvöld.


Átta lög munu berjast í beinni útsendingu á RÚV um farseðilinn á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Serbíu í maí. Fyrst á sviði stígur Davíð Þorsteinn Olgeirsson með hið hressilega In Your Dreams sem er í anda hins vinsæla söngvara Mika. Páll Rósinkrans tekur við af honum með popplagið hugljúfa Gef mér von eftir Guðmund Jónsson. Númer þrjú á sviði er Eurobandið með stuðlagið This Is My Life, sem skartar glænýjum texta Páls Óskars, og á eftir því syngur Ragnheiður Gröndal lag Margrétar Kristínar Sigurðardóttur, Don't Wake Me Up.

Vöðvabúntin vinsælu í Mercedes Club taka síðan við með lagið Ho, Ho, Ho, We Say Hey, Hey eftir Barða Jóhannsson og grallararnir í Baggalúti taka við af þeim með þriðju útgáfu sína af laginu Hvað var það sem þú sást í honum? eftir Magga Eiríks. Næstsíðust á sviði stíga Magni og Birgitta með ballöðuna Núna veit ég eftir Hafðísi Huld og kvöldið endar síðan á furðufuglum í Dr. Spock með rokkballöðu Dr. Gunna, Hvar ertu nú?

Enginn gestadómari verður með í för þetta sinn. Þess í stað munu Eurovision-farar fyrri ára, þau Páll Óskar, Sigríður Beinteinsdóttir, Telma Ágústsdóttir, Selma Björnsdóttir og Eyjólfur Kristjánsson, koma fram auk þess sem kíkt verður í Eurovision-partí.

freyr@frettabladid.is

RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR
Ragnhildur Steinunn kynnir Laugardagslögin ásamt Gísla Einarssyni.



SÍMAKOSNING EUROVISION

1. In Your Dreams:	900-2001
2. Gef mér von:	900-2002
3. This Is My Life:	900-2003
4. Don't Wake Me Up:	900-2004
5. Ho, Ho, Ho, We Say Hey, Hey, Hey:	900-2005
6. Hvað var það sem þú sást í honum?:	900-2006
7. Núna veit ég:	900-2007
8. Hvar ertu nú?:	900-2008



HVERGI BANGNIR Dr. Spock, Dr. Gunnar og Hairdoctor sameinast í einu sprenglærðasta lagi í Eurovision-keppninni enda hlýtur það að vera einsdæmi að þrjú doktorar sameinast fyrir slíkan viðburð.

Doktorar sameinast

„Þetta er bara generalprufan fyrir atlöguna að borgarstjórnastólum,“ segir Óttar Proppé, einn forsprakka Dr. Spock, sem keppir um að sigra í Eurovision í kvöld.

Óttar var mættur á hárgreiðslustofu Hárdoktorsins sjálfs, Jóns Atla, þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sat í mestu makindum, blaðaði í tískublöðum og leit-aði eftir hárgreiðslu kvöldsins. Í stólum var hins vegar Finni söngvari að láta snyrta á sér kollinn.

Spock-liðar hafa lagt mikið í atriði kvöldsins og fengu meðal annars fyrsta trommuleikara sveitarinnar, Jón Örn Arnarsson, til að hanna alvöru vélmenni sem

leggur þeim lið í Smáralindinni. Að sögn Óttars eru þeir ekki að fara á svig við reglur keppninnar sem leyfa aðeins sex að taka þátt enda líkir söngvarinn vélmenninu við logann á kertinu hennar Birgittu Haukdal um árið. Vélmenninu hefur þegar verið gefið nafnið G2R2.

En þótt vélmennið eigi vafalítið eftir að vekja mikla athygli er fátt sem stelar senunni meira en hinar bleiku buxur sem Óttar klæðist. Söngvarinn segist hafa keypt þær í verslun fyrir klæðskiptinga fyrir margt löngu þegar hann var að kynnast slíkum búðum. „Og síðan þá hef ég eiginlega ekki verslað við aðrar búðir,“ segir Óttar. - fgg



Ný biblíuþýðing hlýtur að teljast til stórtíðinda í íslenski bókmennta-, menningar- og kirkjusögu. Unnið hefur verið að þýðingunni í tæpa tvo áratugi. Fáar bækur hafa stuðlað að verndun, mótun og varðveislu íslenskrar tungu í sama mæli og Biblían.

Geir Haarde

JPU
JPU ÚTGAFA
www.forlagid.is

J-Lo börnin fædd

Tvívur Jennifer Lopez og Marcos Anthony komu loks í heiminn aðfaranótt föstudags. Dóttir hjónakornanna fæddist fyrst, en sonur þeirra kom í heiminn nokkrum mínútum síðar. Börnin voru tekin með keisaraskurði á sjúkrahúsi á Long Island í New York, þar sem söngvaraparið er búsett.

„Jennifer og Marc eru hamingjusöm, upprifin og yfir sig ánægð,“ sagði umboðsmaður Lopez, Simon Fields, við People eftir fæðinguna. Þetta eru fyrstu börn söngkonunnar, en Anthony á þrjú börn fyrir. Til söngkonunnar sást fyrir nokkru þar sem hún lét grafa nöfnin Max og Emme á gullarmbönd, og þykir því nokkuð líklegt að þar sé um nöfn barnanna að ræða.



FORELDRAR Jennifer Lopez fæddi fyrstu börn þeirra Marcos Anthony aðfaranótt föstudags.

NORDICPHOTOS/GETTY

GAMANÓPERAN SÍGAUNABARÓNINN

EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason

Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI

Su. 24. feb. kl. 20.00 - UPPSELT

La. 1. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI

Pr. 26. feb. kl. 20.00 - UPPSELT

Su. 2. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI

Síðustu sýningar:

Pr. 4. mars kl. 20.00 - LAUS SÆTI

Miðapantaniir 437 1598 • tsbk@simnet.is • Uppl.: www.borgarbyggd.is



LÍFLEGUR LEIKHÓPUR Aðstandendur Kommúnunnar voru kátir að sjá í hléi, enda verkinu vel tekið af frumsýningargestum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRSTEINN SIGURÐSSON

Kíkt á kommunúnu

Leikritið *Kommúnan* var frumsýnt í Borgarleikhúsinu á fimmtudagskvöld, en þar segir frá lífi íbúa í hippa-kommúninni Gleym mér ei, sem staðsett er á milli Hveragerðis og Selfoss. Undirtektir gesta á frumsýningu voru góðar, en margir hafa beðið spenntir eftir að sjá útfærslu Gísla Arnar Garðarssonar á sögu Lukas Moodysson.



SIGMAR GUÐMUNDSSON OG GÍSLI ÖRN GARÐARSSON.



STEINUNN JÓNSDÓTTIR OG EVA ÞORBJÖRG SCHRAM.



HELENA JÓNSDÓTTIR OG ÁRNI FILIPPUSSON.

KÁTIR GESTIR Á FRUMSÝNINGU KOMMÚNUNNAR

Það var létt yfir frumsýningargestum í Borgarleikhúsinu á fimmtudag, enda varla um mikið annað að ræða þegar hippaandi svífur yfir vötnum. Leikhópurinn sjálfur var ekki síður ánægður að sjá í hléi.

Pursar óttast ekki eggjakast

Þursaflokkurinn stígur á svið í Laugardalshöllinni í kvöld. Gestum býðst að kaupa egg til að grýta í meðlimi sveitarinnar.

Hinn íslenski Þursaflokkur leggur allt undir á tónleikum sínum sem verða í kvöld í Laugardalshöll. Enda búinir að þaulæfa dagskrá sína ásamt Caput-hópnum. Svo öruggir eru Þursar með sig að tónleikagestum býðst að kaupa egg til að kasta í hljómsveitina séu þeir ekki sáttir við framistöðu hennar. Hver gestur getur reyndar aðeins keypt sex egg að hámarki og Þursar hafa vaðið fyrir neðan sig því hvert egg kostar 50 þúsund krónur. Tómas Tómasson bassaleikari vill reyndar koma því á framfæri að það egg sem kastað sé í sig kosti 85 þúsund með virðisaukaskatti. En andvirði eggjasölu mun renna í kosningasjóð Þursaflokksins.

Þeir sem ekki eru búnir að tapa sér í Eurovision-vitleysu og ætla þess í stað að leggja leið sína í Laugardalinn til að hljóða á Þursana, sem hljóta að teljast eitthvert það merkasta sem fram hefur komið á sviði popp- og rokkseunnar íslensku, eiga von á góðu. Ragnheiður Gröndal verður „leyni“-gestur á tónleikunum og Fréttablaðinu tókst að verða sér úti um efnisskrána. Tónleikarnir hefjast á Þursasíu, syrpu af lögum Þursaflokksins í útsetningu Ríkardís Arnar Pálssonar en Caput flytur. Svo byrjar ballíð:

Ranimosk, Stóðum tvö í túni, Búnaðarbálgur, Einsetumaður einu sinni..., Vera mátt góður, Æri Tobbi, Sjö sinnum það sagt er mér, Guð skóp Adam..., Skriftagangur, Bannfæring, Grafskrift, Upphafssöngur úr Gretti/Álagapula,



HINN ÍSLENSKI ÞURSAFLOKKUR Svo vissir um að æfingar skili sér að þeir bjóða gestum upp á egg til að henda í sig líki þeim illa tónleikarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Draumsöngur Grettis, Vill einhver elska 49 ára gamlan mann, Nú er heima, Læknar hafa tjád..., Þínu- lítill karl og Gegnum holt og hæðir. Amen.

jakob@frettabladid.is

TÓNLEIKARNIR TEKNIR UPP

Þór Freysson hjá Saga Film sér um upptökur á tónleikum Þursaflokksins og Caput í kvöld. Að sögn Þórs er reiknað með að þessar upptökur rati bæði í sjónvarp og á DVD-mynddisk. Jafnframt verða þessir tónleikar tónlistarleg hryggjarsúla í heimildarmynd Þórs um sögu hljómsveitarinnar. Heimildarvinnan á bak við þá mynd er komin nokkuð vel á veg og reiknaði Þór með að hún færi á fullt strax eftir tónleikana. Ísleifur B. Þórhallsson hjá Concert segir að nánast sé uppselt á tónleikana. Þó séu stakir miðar til á við og dreif um salinn. „Og við ætlum að vera með miðasölu frá klukkan sjö í Laugardalshöllinni þar sem fólk getur keypt sér miða á 2.500 krónur,“ útskýrir Ísleifur. Hann tekur skýrt fram að Þursarnir ætli sér að vera tímanlega og hefji spilamennsku á slaginu klukkan níu.

- fgg



pro_ceed

Frumkýning í dag - opið frá kl. 10 - 14.



VÍKTU AF VEGI VANANS

Nú er hann kominn sportarinn í cee'd fjölskyldunni. Frábærir aksturseginnleikar, ríkulega búinn staðalbúnaði, stílhreinn og töff.

Verð aðeins **2.190.000 kr.**

Ríkulegur staðalbúnaður:

- álfelgur
- USB-fengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftþúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspilari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva



Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Sími: 553 2075

27 Dresses
RAMBO
LOVEWRECKED
JUMPER

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðum!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	
27 DRESSES	kl. 5.50, 8 og 10.10 L
RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10-P 16
JUMPER	kl. 8 og 10 12
LOVEWRECKED	kl. 2, 4 og 6 L
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.45 og 4 ÍSL. TAL L
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2 og 4 ÍSL. TAL L

NÝTT Í BÍÓ! **8 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA**

27 Dresses
JUMPER

Frá framleiðendum The Devil Wears Prada gamanmynd ársins með Katherine Heigl úr Knocked up og Greys Anatomy í fantaformi.

Besta myndin Besti leikari/abaddhúfverki Besti leikstjóri Besta myndin Besta kvímyndin Besta leikstjóri Besta leikstjóri Besta hljóð

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

INTO THE WILD

Stórkostleg mynd í leikstjórn Sean Penn.

Besta myndin Besti leikstjóri Besta myndin Besta kvímyndin Besta leikstjóri Besta leikstjóri Besta hljóð

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

27 DRESSES	kl. 5.30 - 8 - 10.30	27 DRESSES	kl. 3 - 6 - 8.20 - 10.30
27 DRESSES LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	JUMPER	kl. 3 - 6 - 8.30 - 10.30 12
JUMPER	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 12	BEFORE THE DEVIL KNOWS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 16
MEET THE SPARTANS	kl. 2 - 4 - 6 - 8	MEET THE SPARTANS	kl. 3 - 6 - 8 - 10
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1 - 3.15 ÍSLENSKT TAL		
CLOVERFIELD	kl. 10		
BRÜÐGUMINN	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 1.40 ÍSLENSKT TAL		

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919

THERE WILL BE BLOOD	kl. 2.45 - 5.50 - 9 16	27 DRESSES	kl. 8 - 10
INTO THE WILD	kl. 3 - 6 - 9 7	RAMBO	kl. 5.50 16
ATONEMENT	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 14	ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 ÍSL. TAL
BRÜÐGUMINN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7	BRÜÐGUMINN	kl. 2 - 4 - 8 7
		JUMPER	kl. 10 12

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

THERE WILL BE BLOOD	kl. 2.45 - 5.50 - 9 16	27 DRESSES	kl. 8 - 10
INTO THE WILD	kl. 3 - 6 - 9 7	RAMBO	kl. 5.50 16
ATONEMENT	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 14	ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 ÍSL. TAL
BRÜÐGUMINN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7	BRÜÐGUMINN	kl. 2 - 4 - 8 7
		JUMPER	kl. 10 12

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MEÐ KRÉDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

SAMBIO.is SAMBIOINN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

8 tilnefningar

SAMBÍÓ ALFABAKKA		SAMBÍÓ SELFOSS	
STEP UP 2	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 7	STEP UP 2	kl. 5:50 - 8 - 10:10 7
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 16	JUMPER	kl. 8 - 10:10 12
THERE WILL BE BLOOD	kl. 2 - 5:15 - 8:30 VIP	BRÜÐGUMINN	kl. 5:50 7
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30 16	MR. MAGORIUMS	kl. 1:40 - 3:50 L
MR. MAGORIUMS...	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L	ALVIN OG ÍK... M/ÍSL. TAL	kl. 1:40 L
P.S. I LOVE YOU	kl. 8 L	THE GAME PLAN	kl. 3:40 L
SWEENEY TODD	kl. 10:30 16		
UNTRACEABLE	kl. 8 16	SAMBÍÓ AKUREYRI	
DEATH AT A FUNERAL	kl. 2 - 4 - 6 7	STEP UP 2	kl. 4 - 6 - 8 - 10 7
THE GAME PLAN	kl. 1:10 - 3:20 L	TÖFRAPRINSESSAN ÍSL. TAL	kl. 2 L
BÝFLUGUMYNDIN M/ÍSL. TAL	kl. 1 - 3 L	MR. MAGORIUMS	kl. 2 - 4 L
		MEET THE SPARTANS	kl. 6 7
		P.S. I LOVE YOU	kl. 8 L
		UNTRACEABLE	kl. 10:30 16
		SAMBÍÓ KEFLAVÍK	
		STEP UP 2: THE STREETS	kl. 5:50-8-10:10 7
		RAMBO	kl. 8 16
		MEET THE SPARTANS	kl. 4 7
		ÁSTRÍKUR M/ÍSL. TAL	kl. 1:30 L
		ALVIN OG ÍK... M/ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 L
		CHARLIE WILSONS WAR	kl. 6 12
		NO COUNTRY FOR...	kl. 10 16

SparBíó 450kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNGUGLU

Þrír með flestar tilnefningar

Megas, Sprengjuhöllin og Hjaltalín fengu flestar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár, eða fjórar hver. Þar af voru Bergur Ebba Benediktsson úr Sprengjuhöllinni og Megas tilnefndir í flokkum textahöfundur ársins en sá flokkur hefur verið endurvakinn eftir margra ára blund. Auk þeirra var Þorsteinn Einarsson úr Hjúlmum tilnefndur sem textahöfundur ársins.

Björk og Páll Óskar Hjalmtýsson fengu þrjár tilnefningar hvort. Þar á meðal var Björk tilnefnd sem söngkona ársins og Páll Óskar fyrir lag ársins, Allt fyrir ástina. Að auki fengu Mugison, Gusgus

og Ólöf Arnalds tvær tilnefningar hvort. Í djassflokkki voru Sigurður Flosason, Agnar Már Magnússon og hljómsveitin Bonsom tilnefnd til tvennra verðlauna hvort. Í flokki sigildrar og samtímatónlistar voru Ágúst Ólafsson söngvari, Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Kammersveitin Ísafold tilnefnd sem flytjendur ársins.



SPRENGJUHÖLLIN Hljómsveitin Sprengjuhöllin fékk fjórar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

DÆGURLAG ÁRSINS

Allt fyrir ástina – Páll Óskar
Englar & dárar – Ólöf Arnalds
Goodbye July/Margt að ugga – Hjaltalín
Verðbólgin augu – Ný dönsk
Verum í sambandi – Sprengjuhöllin

Kynngimagnaður leikur Day-Lewis

Paul Thomas Anderson (P.T.A.) gerði garðinn frægan fyrst með Boogie Nights sem fjallaði um upphaf klámíónaðarinnar í Bandaríkjunum og síðan hinni margskiptu og djúpu Magnolia frá '99. Ólíkt fyrri myndum Andersons er There Will Be Blood hefðbundin saga af græðgi og illsku. Í gegnum myndina fylgjast áhorfendur með olúbormanninum Daniel Plainview og ungum og saklausum syni hans í ferðum um Kaliforníu við upphaf 20. aldar. Plainview skýlir sér á bak við son sinn til að selja hugmyndina um að hann sé venjulegur fjölskyldumaður og reynir að fá bláfátæka og skammsyna bændur til þess að selja lendum sínar fyrir smápening, og síðan leigir Plainview þeim landið til baka.

Daniel Day-Lewis sér ár í að undirbúa sig fyrir Plainview, líkt og hann gerði fyrir Gangs of New York sem Bill The Butcher. Það hlutverk fékk hann einmitt Óskarstilnefningu fyrir. Sú vinna hefur svo sannarlega borgað sig og ég get ekki annað en tekið undir allt það lof sem hann hefur hlotið, af nánast öllum talinn sýna bestu frammistöðu ársins og vera líklegasti Óskarsverðlaunahafinn í ár. Ég get varla orða bundist því Day-Lewis vinnur þvílíkan leiksigur í myndinni. Eins eftirminnileg og kynngimögnuð frammistaða hefur ekki sést í háa herrans tíð.



KVIKMYNDIR

There Will Be Blood

Leikstjóri: Paul Thomas Anderson.
Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis, Paul Dano.

★★★★★

Sannkallað meistaraverk. Frábær leikstjóri Paul Thomas Anderson og Daniel Day-Lewis er kynngimagnaður í aðalhlutverkinu.

Opnunaratriði myndarinnar er stórgott þar sem er fylgst með Plainview grafa eftir silfri og þeim ógöngum sem því getur fylgt án þess að það sé sagt eitt aukatekið orð í rúmar fimmtán mínútur. Plainview er sýndur sem metnaðarfullur maður og þessar hremmingar skapa mikla samúð með honum, sem mun koma til með að fara þverrandi með hverri mínútu sem líður eftir það. Anderson slær varla feilnótu í handritinu, að undanskildu óþarfa tímastökki í bláenda myndarinnar; rúm fimmtán ár líða án þess að áhorfendur fái að fylgjast með Plainview, sem Anderson hafði tekið sinn tíma í að afhjúpa hægt og bitandi í gegnum myndina.

Paul Dano, sem leikur hinn unga Eli Sunday (auk tvíburabróður hans), er mjög góður og sannfærandi í myndinni; satt að segja kom það örflítið á óvart að hann hafi ekki fengið tilnefningu fyrir hlutverkið. Í lokaatriði myndarinnar reynir mikið á leikhæfileika Danos og skína þá í gegn framúrskarandi hæfileikar og áhugavert verður að fylgjast með honum á næstu árum. Írinn Ciarán Hinds kemur fram í litlu en ágætu hlutverki.

Tónlistin í myndinni er eftir Jonny Greenwood, aðalgitarleikara hljómsveitarinnar Radiohead og tekst honum vel upp. Tónlistin spilar stórt hlutverk í myndinni. Myndatakan er afar góð og þá sérstaklega í stærri atriðum þar sem landslagið nýtur sín vel.

Mjótt verður á mununum á milli No Country for Old Men og There Will Be Blood á Óskarnum um helgina. Síðastliðnar vikur

hafa myndirnar tvær verið að skipta á milli sín verðlaunum á flestum verðlaunahátíðum. There Will Be Blood statar af einni bestu leikstjórn á árinu, á meðan No Country for Old Men hefur Coenbræður, atburðameiri söguþrá og jafnframt fantagóðan leik frá Javier Bardem. Ég hallast sífellt meira að því að No Country for Old Men muni vinna þetta, en ég vona að það verði samt sem áður There Will Be Blood, enda er hér á ferðinni sannkallað meistaraverk.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is

Ódýrt í bíó

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

LOVEWRECKED
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM
ALVIN OG ÍKORNARNIR

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.

450 kr. 450 kr. 450 kr. 450 kr. 450 kr.

kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 2.45 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

23. og 24. feb.

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ALFABAKKA

TÖFRABÚÐIN (ENSKT TAL) KL. 1:30 Í ALFAB., 2 Í KRINGLU OG AK. KL. 1:40 Á SELFOSSI

TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL. TAL KL. 1:30 Í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI

FRÁ LEIKSTJÓRA "WHAT ABOUT BOB?" DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ALFABAKKA

BÝFLUGUMYNDIN M/ÍSL. TAL KL. 1 Í ALFABAKKA, OG 2 Í KRINGLUNNI

GAME PLAN KL. 1:10 Í ALFABAKKA

Ný klúbbakvöld

Tíska og tónlist verða í fyrirrúmi þegar bresku plötusnúðarnir Kiki-Ow og Davo þeyta skífum á skemmtistaðnum Organ í kvöld. Viðburðurinn ber yfirskriftina Kraftwerk Orange og verður hann haldinn reglulega hér á landi í framtíðinni. Á þessum klúbbakvöldum verður spiluð tónlist sem spannar síðustu fimm áratugi þar sem blandað verður saman britpoppi, rokki, nýbylgju-tónlist og electroclash.

DJ Kiki-Ow (einnig þekkt sem Kitty Von-Sometime) hélt áður partí til heiðurs endurvakningu tíunda áratugarins með félagu sínum Curver. Dave er uppallinn í London og spilaði reglulega sem plötusnúður í The Strongroom og Plastic People sem eru tveir af



DAVO OG KIKI-OW Plötusnúðarnir Davo og Kiki-Ow þeyta skífum á Organ í kvöld.

umtöluðustu klúbbunum í East End-hverfinu.

Partíð stendur yfir frá 23.30 til 5 um nóttina. Miðaverð er 1000 krónur en þeir sem klæða sig flottast fá afslátt til kl. 1.30.

Gæti orðið lokaballið á Nasa

Páll Óskar Hjálmtýsson óttast að hið árlega Eurovision-ball hans á Nasa í kvöld verði það síðasta sem hann haldi þar. Ástæðan er hugsanlegt niðurrif skemmtistaðarins í ágúst.

„Stjórnvöld geta ekki selt mér að það verði bæði hótél og tónleikastaður áfram á sama svæði. Ég trúi því ekki að hótélgestir vilji hafa tónleikasal við hliðina á hótelinu. Ég vil fá að heyra sannleikann og fá að sjá þessar teikningar,“ segir Páll Óskar. „Ég vil að þessar teikningar verði birtar opinberlega því mér er ekki sama hvort það á að fara að rífa þennan stað.“

Eurovision-ball Páls Óskars á Nasa verður það sjötta í röðinni. Þar koma fram hljómsveitirnar

Mercedes Club, Eurobandið og Haffi Haff. „Lagið hans hefði átt heima í þessari úrslitakeppni,“ segir hann um The Wiggle Wiggle Song sem Haffi flutti. „Ég vil klappa Haffa á bakið með því að bjóða honum að troða upp í partíinu.“

Páll, sem samdi enskan texta við lag Eurobandsins, telur að sú sveit ásamt Mercedes Club berjist um sigurinn í úrslitunum. „Núna er þetta ógeðslega spennandi. Þrír af lagahöfundunum í keppninni eru persónulegir vinir mínir. Ég þekki Dr. Gunna, Barða og Örlyg Smára og ég sjálfur myndi samfagna hverjum þeim sem færi út en sem „Júrófan“ og spekulant þá verður reiptogið á milli Eurobandsins og Mercedes Club.“ - fb



PÁLL ÓSKAR Páll Óskar óttast að Eurovision-ball hans á Nasa verði það síðasta í röðinni.



FOO FIGHTERS Hafa höfðað mál gegn myndasögurisanum Marvel.

Höfða mál gegn Marvel

Rokksveitin Foo Fighters hefur höfðað mál gegn myndasögurisanum Marvel fyrir að nota tvö lög hennar án leyfis í nýrri teiknimyndaröð. Marvel er sakað um að hafa notað stóran hluta af lögnum Best of You og Free Me til að kynna þáttinn Wolverine and the X-Men. Krefjast Foo Fighters skaðabóta vegna brots á höfundarréttarlögum.

Foo Fighters eru á sigurbraut um þessar mundir og búast væntanlega við öruggum sigri í málinu eftir að hafa hlotið bæði tvö Grammy-verðlaun og tvö Brit-verðlaun á skömmum tíma.

Fjalakötturinn
Veitingastaður
í gömlu Reykjavík

Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi matsaðill
Fjórréttadur, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.-

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensím-tækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

BÍÓTILBOÐ!

Mr. & Mrs. Smith

1.499

Kauptu Mr. & Mrs. Smith á DVD í næstu BT verslun og þú færð bíómiða* á stórmyndina Jumper sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum.

*Meðan birgðir endast

> Ragna féll úr leik

Ragna Ingólfssdóttir, margfaldur Íslandsmeistari í badminton úr TBR, féll úr leik í undanúrslitum á alþjóða austurríska meistaramótinu í badminton sem stendur nú yfir í Vínarborg. Ragna vann sænsku stúlkuna Emelie Lennartsson, sem er númer 109 á heimslista badminton-spilara og er almennt talin vera önnur sterkasta badmintonkona Svíþjóðar, í átta manna úrslitum í tveimur lotum, 21-12 og 21-9, í gærmorgun. Seinna um daginn mætti Ragna svo kínversku stúlkunni Xi Zhang í undanúrslitum og tapaði eftir mikla baráttu í tveim lotum, 20-22 og 15-21.

sport
sport@frettabladid.is



EMIL HALLFREDSSON: HEFUR VERIÐ Á BEKKNUM Í SÍÐUSTU LEIKJUM REGGINA EFTIR AÐ HAFA NÁÐ SÉR AF MEIÐSLUM Tel mig klárlega eiga heima í byrjunarliði Reggina

Emil Hallfredsson vonast til þess að fá tækifæri með Reggina þegar stórlíð Juventus kemur í heimsókn á Oreste Granillo-leikvanginn í Reggio í kvöld en Emil er að jafna sig eftir erfið meiðsli á læri.

„Ég meiddist í byrjun desember og var svo kominn í leikmannahópinn gegn Torino í byrjun febrúar og kom inn af bekknum í seinni hálfleik. En þá kom smá bakslag og meiðslin tóku sig upp á ný. Ég þurfti því að hvíla í næsta leik gegn Roma en var svo kominn í leikmannahópinn að nýju gegn Udinese um síðustu helgi en spilaði ekkert. Ég veit ekki hvernig þetta verður gegn Juventus en vonast auðvitað til þess að fá tækifæri í byrjunarliðinu og tel mig klárlega eiga heima þar,“ sagði Emil sem verið meiddur mikið til síðan Renzo Ulivieri tók við stjórnartaumunum hjá Reggina.

„Ulivieri hefur verið að breyta liðinu mikið og prófa ýmsa hluti og ég hef verið að spila fyrir aftan framherjana í einu af kerfunum sem hann hefur látið okkur spila. Ég hef líka verið inni á miðjunni og úti á vinstri kantinum þannig að maður veit ekki alveg hvar maður stendur,“ sagði Emil sem hefur þó fulla trú á því að Reggina, sem er í fallsæti eins og er, nái að rétta úr kútnum.

„Febrúar er búinn að reynast okkur erfiður og fram undan eru mjög erfiðir leikir gegn Juventus heima og Lazio á útivelli. Það er aftur á móti ljóst að við verðum að fara að taka stig úr fleiri leikjum, þá sérstaklega á heimavelli. Markmiðið hjá Reggina eins og staðan er núna er einfaldlega að bjarga sér frá falli og menn eru einbeittir að ná því en það verður erfið. Það eru í raun og veru allir leikir í Serie A mjög erfiðir og ég held að margir geri sér ekki grein fyrir hversu sterk liðin eru sem koma næst á eftir toppliðunum fjórum,“ sagði Emil.



Alex Ferguson, Man. Utd: Umboðsmenn ráða öllu í dag

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, er afar ósáttur með launakröfur varnarmannsins Wes Brown, sem hefur staðið í samningaviðræðum við Englandsmeistarana í langan tíma og verið tregur til að framlengja núverandi samning sinn sem rennur út næsta sumar.

„Leikmenn nú til dags eru algjörlega í vasanum á umboðsmönnum sínum og það er sorglegt. Wes hefur verið hjá United síðan hann var tólf ára gamall, en það virðist bara ekki skipta máli hjá atvinnuöðnum nú til dags. Wes veit alveg hvaða skoðun ég hef á þessu og leikmenn hafa einnig rætt við hann þannig að boltinn er hjá honum. Það er samt ótrúlegt að hann sé ekki búinn að skrifa undir,“ sagði Ferguson þirraður. - öþ

Guðmundur betri kostur en Viggó

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði segir að Bogdan Kowalczyk sé ekki góður kostur fyrir íslenska landsliðið. Hann mælir með Óskari Bjarna Óskarssyni í verkefni en segir ekki slæmt að ráða Guðmund Guðmundsson sem sé betri kostur en Viggó Sigurðsson. ÓL-undirbúningurinn á að byrja strax, segir Ólafur.

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði hefur ákveðnar skoðanir á landsliðsþjálfaramálum íslenska landsliðsins. Hann mælir með Óskari Bjarna Óskarssyni í starfið en segir fleiri kosti koma til greina. Honum hugnast ágætlega að fá Guðmund Guðmundsson aftur en setur spurningarmerki við Viggó Sigurðsson. Aðspurður segir hann ekki koma til greina að þjálfari liðið sjálfur þó svo að það væri tímabundið.

„Dagur og Geir hefðu verið góðir í starfið að mínu mati og ég persónulega vildi fá Dag. Ég held að Patrekur eigi eftir að verða flottur þjálfari eftir nokkur ár en kannski

ekki tilbúinn núna. Óskar Bjarni gæti komið inn að mínu mati og ekki væri verra ef hann hefði góðan mann með sér. Hann er vel að sér og frábær persónuleiki,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið en hann segist hafa verið misskilinn þegar fólk taldi að hann vildi útlending í starfið er hann óskaði eftir manni með nýjar hugmyndir og ferska straua.

Liðið má ekki við of miklum breytingum

„Ég vil þjálfara með heildarsýn og helst íslenskan. Ekki útlending sem ætlar að breyta öllu því það er of seint. Liðið má ekki við of miklum breytingum á þessum tímabili. Það gæti orðið hættulegt enda finnst mér ekki vanta mikið upp á hjá liðinu. Þjálfarinn þarf að vera virkur, í góðu sambandi við leikmennina og sífellt að halda mönnum við efnið og peppa þá upp fyrir ólympíuverkefnið. Nú er undirbúningstímabilið hjá okkur í landsliðinu fyrir ólympíuleikana hafið að mínu mati. Menn eiga að vera byrjaðir að undirbúa sig í hausnum og vera með fókus á verkefninu.

Ég vil að menn byrji að undirbúa sig hjá sínum félagsliðum og geri örlítið betur hverju sinni og leggi meira á sig með hliðsjón af ólympíuverkefninu sem er fram undan. Hæfileikarnir eru til staðar að fara áfram og þegar kviknar á vélinni getur allt gerst. Ef menn eru ekki meðvitaðir og horfa ekki fram í tímann þá getur komið eitthvað óvænt upp á. Þetta snýst um metnað og að setja pressu á sig. Ef menn tapa þá geta þeir í það minnsta huggað sig við að hafa gert allt sem þeir gátu til að ná markmiðinu,“ sagði Ólafur.

Nokkur nöfn eru uppi á borðinu þessa dagana sem mögulegir lands-



ALLI, HVER Á AÐ TAKA VIÐ? Ólafur Stefánsson segir að það hefði verið best ef Alfreð hefði getað haldið áfram með landsliðið. Hann vill fá íslenskan þjálfara og honum list ekki á að fá Bogdan aftur.

liðsþjálfarar. Bogdan Kowalczyk sagði við Vísi að hann væri til í að hjálpa Íslandi og tveir aðrir fyrrum landsliðsþjálfarar – Guðmundur Guðmundsson og Viggó Sigurðsson – hafa ekki viljað loka hurðinni á að koma inn aftur.

„Það væri allt í lagi að fá Gumma en ég set spurningarmerki við

Viggó. Mér finnst Guðmundur vera betri kostur en Viggó. Við erum enn að spila svoltinn Gummaolta. Ég segi nei við Bogdan því ég held að hann sé vel á eftir en ég tek samt ekkert frá honum það sem hann gerði fyrir handboltann á Íslandi sem var frábært,“ sagði Ólafur.

henry@frettabladid.is

DEKRAÐU VIÐ MAKANN MEÐ VÖRUM FRÁ
LUSH

- Láttu renna í rómantískt það með kertaljósum, rósablöðum og unaðslegri baðbombu frá Lush.
- Ekkert er eins notalegt og að snæða ljúffengann mat undir kertaljósum með elskunni, laumaðu dekurgjöf að konunni þinni og sýndu henni að hún eigi skilið dekur alla daga ársins. Gjöfin inniheldur nuddstykki, baðbombur, freyðiböð og líkamskrem.
- Komið ykkur notalega fyrir og njótið stundarinar, dragðu upp nuddstykkið og toppaðu kvöldið með ógleymanlegu nuddi.

TIL HANNGJEM MEÐ DAGINN



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

ENSKA BOLTINN

Í DAG KL. 17:10
**NEWCASTLE
MAN. UTD.**

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

enski boltinn

30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á syn.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu

Valsmönnum mistókst að komast upp í 2. sætið í N1-deild karla í handbolta:

HK fór illa með meistarana

HANDBOLTI Sigurganga Valsmanna í N1-deild karla endaði með stórum skelli í Digranesi í gær þegar HK-ingar fóru illa með meistarana og unnu átta marka stórsigur, 31-23. HK-ingar náðu ekki bara með þessu að komast stigi á eftir Valsmönnum þeir eru líka með betri innbyrðis stöðu.

HK-ingar voru grimmarí frá upphafi leiks, þeir nýttu sex fyrstu sóknirnar sínar og síðan fór að skilja á milli liðanna þegar Egidijus Petkevicius fór að verja í markinu. Petkevicius, sem varði aðeins 3 af fyrstu 10 skotum Valsmanna, fór í gang og HK-ingar voru komnir sjö mörkum yfir í hálfleik, 19-12, eftir að Petkevicius hafði varið 8 af síðustu 13 skotum Hlíðarendapíla í hálfleiknum.

Í stað þess að koma til baka eftir hálfleiksreðuna jókst munurinn í upphafi seinni hálfleiks og HK var komið nýu mörkum yfir, 24-15, eftir aðeins 7 mínútna leik. Eftir það var aðeins formsatriði að klára leikinn, HK náði mest 10 marka forskoti en í lokin munaði átta mörkum.

Egidijus Petkevicius var mjög góður í markinu en í sóknarleiknum blómstraði Tomas Eitutis (11 mörk í 13 skotum) og Ólafur Bjarki Ragnarsson stjórnaði sóknarleiknum vel auk þess sem hann skoraði sex mörk sjálfur. HK-vörnin var síðan baráttuglöd og grim allan tímann og auk þess að nýta aðeins 44 prósent skota sinna þá þvingaði hún Valsliðið til að tapa fjórtán boltum að auki.

„Þeir voru miklu betri í dag, þeir voru allir heitir og Petkevicius var að verja allan tímann. Við náðum aldrei takti í þessum leik og vorum ekki bara skrefi á eftir þeim heldur við vorum fjórum til fimm skrefum á eftir þeim og þetta voru bara tvö ólík lið á vell-



GALOPÍÐ Árni Björn Þórarinnsson og félagar í HK sundurspíluðu Valsvörnina ítrekað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

inum,“ sagði Óskar Bjarni Óskars-son, þjálfari Valsmanna, niðurlútur eftir leikinn.

Gunnar Magnússon, annar þjálfara HK var sáttur við leikinn.

„Þeir voru eiginlega bara saklaus fórnarlömb því við mættum bara brjálaðir til leiks. Þeir eru að fara bikarúrslitaleik eftir viku en þetta var okkar bikarúrslitaleikur. Ef við hefðum ekki mætt tilbúnir í þennan leik þá værum við bara að berjast um eitthvað fjórða sæti sem við erum engan veginn tilbúnir í. Fyrir okkur var þetta bara upp á allt eða ekkert og það sást frá fyrstu sekúndu að mínir menn voru tilbúnir og við fórum loksins að berjast eins og lið,“ sagði Gunnar og nú loksins náði HK að vinna á heimavelli en liðið hafði ekki unnið heimaleik síðan 2. desember.

„Það er svo langt síðan við unnum á heimavelli að ég man ekki lengur hvenær það var,“ sagði Gunnar. - 66j

N1-deild karla í handbolta:

HK-Valur 31-23 (19-12)
Mörk HK (skot): Tomas Eitutis 11 (13), Ólafur Bjarki Ragnarsson 6 (10), Ragnar Hjaltested 5/2 (6/3), Gunnar Steinn Jónsson 4/3 (6/4), Árni Björn Þórarinnsson 2 (5), Sergei Petraytis 1 (1), Arnar Þór Sæþórsson 1 (2), Augustas Strazdas 1 (84), Sigurgeir Árni /Egisson (1).
Varin skot: Egidijus Petkevicius 22/1 (45/3, 49%)
Hraðauppflaup: 3 (Ragnar 2, Tomas).
Fiskuð víti: 7 (Strazdas 3, Árni, Ragnar, Ólafur, Sergei).
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk Vals (skot): Arnór Þór Gunnarsson Malmquist 7/1 (11/2), Anton Rúnarsson 3/1 (3/1), Sigurður Eggertsson 3 (10), Orri Freyr Gíslason 2 (2), Emir Hrafn Arnarson 2 (3), Fannar Þór Friðgeirsson 2 (9), Ingvar Arnason 1 (1), Hjalti Pálmason 1 (2), Kristján Þór Karlsson 1 (3), Elvar Friðriksson 1 (4), Sigfús Páll Sigfússon (2), Baldvin Þorsteinsson (3)
Varin skot: Ólafur Haukur Gíslason 12 (33/3, 36%), Pálmar Pétursson 5/1 (15/3, 33%)
Hraðauppflaup: 4 (Kristján, Hjalti, Arnór, Fannar).
Fiskuð víti: 3 (Kristján, Sigurður, Sigfús).
Utan vallar: 6 mínútur.

Stjórn og formaður HSÍ styðja Þorberg:

Þorbergur neitar því að hafa verið ölvaður á Sýn

HANDBOLTI Ummæli Þorbergs Aðalsteinssonar, stjórnarmanns í HSÍ, í þættinum Utan vallar á Sýn hafa vakið mikla athygli. Þar talaði Þorbergur fjálglega um samningamál við þjálfara, sagði Íslendingana þrjá sem hafa hafnað landsliðsþjálfarastarfinu ekki hafa þorað að taka að sér starfið og sakaði þá um að koma óheilarlega fram.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Þorbergur hafi verið ölvaður í þættinum. Því hafnar Þorbergur. Stjórn HSÍ hélt neyðarfund í gær vegna málsins en Þorbergur situr áfram eftir fundinn með stuðningi stjórnar.

„Mér fannst framkoma Þorbergs í þættinum óheppileg og sumt sem hann sagði hefði betur mátt kyrrt liggja. Það er svo annað mál að hann er þarna í þættinum sem Þorbergur Aðalsteinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, en ekki sem stjórnarmaður HSÍ,“ sagði Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, en honum fannst það ekki hæpin túlkun á stöðunni þó svo að Þorbergur væri að tjá sig nær eingöngu um innri málefni stjórnarinnar í þættinum og hefði með því brotið trúnað.

Meint ölvun Þorbergs í þættinum var einnig rædd á fundinum. „Hann segir mér að hann hafi ekki verið ölvaður. Ég hef enga ástæðu til þess að rengja hans orð. Ég styð við bak Þorbergs þó svo að mér hafi fundist orð hans óheppileg og það rangt sem hann gerði,“ sagði Guðmundur.

Þorbergur sjálfur játar að hann hafi farið fram úr sér í



ÞORBERGUR AÐALSTEINSSON Sést hér á góðri stundu á EM í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

þættinum. „Það var fullheit í mér, ég get játað það. Ég sé svo sem ekkert eftir því en sumt hefði mátt vera orðað vægar af minni hálfu. Svo var ákveðinn misskilningur á milli okkar Einars [Þorvarðarsonar, framkvæmdastjóra HSÍ] og því komu þau orð asnalega út. Ég hefði ekki átt að orða hlutina svona. Ég hef vissulega ekki heimild til þess að tjá mig um samningamálin en ég talaði almennt um málin og nefndi engar tölur. Ég fór samt klárlega of langt,“ sagði Þorbergur, sem neitar því að hafa mátt ölvaður í sjónvarpsþáttinn.

„Nei, ég var ekki ölvaður og vil ekki ræða það frekar. Það kemur þessum þætti ekkert við,“ sagði Þorbergur en hann kom beint í þáttinn úr afmælisveislu. Þorbergur tók ekki í mál að segja af sér á fundinum og ætlar að sitja út kjörtímabilið. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann bjóði sig aftur fram til stjórnarsetu hjá HSÍ. - hbg

STÓRGLÆSILEGIR BLÓMVENDIR Í ÚRVALI!

opnum kl. 8.00 á konudaginn

DEKRAÐU VIÐ KONUNA Á KONUDAGINN

Með öllum blómvöndum frá Garðheimum fylgir: (meðan birgðir endast)

Silfur
 ...við austurvöll
2 fyrir 1
 út að borða
 á Silfur
 við Austurvöll



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

> Robin Williams

Robin Williams sagði í viðtali eitt sinn að hann hefði verið mjög feitur sem krakki. Út af aukakílóm vildi enginn krakki leika við hann og varð hann mjög einmana og fór að tala við sjálfan sig með mismunandi röddum. Robin Williams leikur í kvikmyndinni Dead Poets Society sem er sýnd í kvöld kl. 23.35 á Stöð 2.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: KAREN D. KJARTANSDÓTTIR GLEÐST YFIR ÁHRIFUM ÁLFINS

Pökk sé Íþróttálfinum

Fastur liður í tilveru minni er að dorma yfir morgunsonvörpinu um helgar ásamt fjögurra ára syni mínum. Þá flatmaga ég með kaffibolla og reyni að undirbúa gamla Skagamanninn, sem enn býr í brjósti mér, undir að fara því næst á íþróttæfingu með drenginn með KR. En það er ekki bara framtíð hans með KR sem vekur með mér skelfingu um helgar heldur líka eftilætisteiknimyndapersónur hans. Lengst af hafa Pósturinn Páll og Bubbi byggir átt aðdáun hans óskipta. Í viðurstygglegri hégómagirni hef ég stundum óskað þess að teiknimyndahetjurnar væru ríkir athafnamenn sem græða peninga með hægri hendi en umvefja aldraðar mæður sínar með þeirri vinstri. Fyrir margt löngu taldi ég einmitt að hægt væri að útbúa bráðskemmtilega teiknimynd um ævintýri Hannesar Smárasonar en af vissum ástæðum hef ég fallið frá þeirri hugmynd. Á sama tíma óskaði ég íþróttálfinum og félögum hans alls ills. Vart hefur barnið upplifað skemmtilegan atburð án þess að

hann ná ekki að tengja hann við óhemju einhæf ævintýri Latabæjar og hefur mér þótt það þreytandi á köflum. Þá hef ég einnig verið að agnást yfir gagnlegum boðskap íþróttálfins og jafnvel gengið svo langt að segja boðorð hans ítrosloboðskap. Það er jú ekki nokkur leið fyrir börn að misskilja ævintýri álfins á nokkurn hátt með hjálp ímyndunarafllsins eins og gerist til dæmis þegar krakkar horfa á Kardimommubæinn og fara að halda með ræningjunum. Með tímanum hef ég þó náð að læra að meta og sjá snilldina í álfinum því hann hefur sparad mér vinnu í uppeldinu. Sárasjaldan þarf ég að hafa áhyggjur af því að hann troði sig út af sælgæti því rödd skynseminnar, iklædd bláum búningi með yfirvarsklegg, tekur í taumana um leið og þörf fyrir sætindi vaknar. Eru þau ósjálfráðu viðbrögð sem hann sýnir í námunda við sætar freistingar farnar að minna mig um margt á lýsingar á viðbrögðum hunda Pavlovs.



Pökk sé álfinum.

EKKI MISSA AF



▶ **19.10 Ástríkur og vikingarnir** STÖÐ2



▶ **19.45 Spaugstofan** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Batman Begins** STÖÐ2BÍÓ



▶ **22.15 X-Files** SIRKUS



▶ **23.00 Da Vincis Inquest** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítill prinsessa, Halli og risaæðlufatan, Bangsímón, Tumi og ég, Bitte nú!

09.15 Skoppa og Skritla út um hvippinn og hvappinn

09.25 Skúli skelfir

09.37 Matta fósra og ímynduðu vinnir hennar

10.00 Einu sinni var... - Maðurinn

10.25 Kastljós

10.55 Kiljan e.

11.40 07/08 bíó leikhús e.

12.10 Kerfi Pútins (2:2) e.

13.05 Strengir í Soweto e.

14.05 Viðtalið e.

14.35 Ferðin til Svalbarða (1:2) e.

15.05 Ferðin til Svalbarða (2:2) e.

15.35 Orðin að engu e.

16.50 Ofvitinn (13:23)

17.35 Táknmálsfréttir

17.45 Gettu betur e.

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

▶ **19.45 Spaugstofan**

20.10 Laugardagslögin Úrslitabáttur í Söngvakeppni Sjónvarpsins

22.00 Tveggja vikna fyrirvari

23.45 Harold og Kumar

01.10 Þorpið (The Village) e.

02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.05 The Pink Panther

08.00 Cheaper by the Dozen 2

10.00 Home for the Holidays

12.00 The Family Stone

14.00 The Pink Panther

16.00 Cheaper by the Dozen 2

18.00 Home for the Holidays

20.00 The Family Stone

▶ **22.00 Batman Begins** Fjórða Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne.

00.15 Something the Lord Made (Það sem Drottinn skapaði)

02.00 The Door in the Floor

04.00 Batman Begins



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney, Tófravagninn, Fifi and the Flowerpot

08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

12.00 Hádegisfréttir

12.25 The Bold and the Beautiful

12.45 The Bold and the Beautiful

13.05 The Bold and the Beautiful

13.25 The Bold and the Beautiful

13.45 The Bold and the Beautiful

14.10 American Idol (9:42)

15.30 American Idol (10:42)

16.15 Back To You

16.40 Gossip Girl

17.25 Sjáðu

17.55 Sjálfstætt fólk e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

▶ **19.10 Fjölskyldubíó - Ástríkur og vikingarnir** Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um Ástrík hinn gallvaska, Steinrík hinn alvaska og félagar þeirra í Gaulverjabæ. Misvitrir vikingar halda að óttinn geri menn fleyga og ræna hinum huglausa Appibarra í þeirri von um að hann geti kennt þeim að fljúga. Leikstjóri: Stefan Fjeldmark, Jesper Möller.

20.30 Pop Rocks Bráðskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um virðulegan bankamann sem hefur leynit fjölskylduna skrautlega fortíð sína sem söngvara í þungarokkshljómsveit. Hann fær tilboð um að halda endurkomu-tónleika og ætlar sér að gera það án þess að það komist upp um hann.

22.00 The Night We Called It a Day

23.35 Dead Poets Society

01.40 The Forgotten

03.10 Napoleon Dynamite

04.35 Hard Cash

06.10 Back To You

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

08.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar

09.35 Inside the PGA

10.00 NBA körfuboltinn (Chicago - Denver)

12.00 Utan vallar

12.45 World Supercross GP

13.40 Roma - Real Madrid Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

15.20 Meistaradeildin

15.50 Michael Jordan Celebrity Invitational

17.25 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

17.55 Inside Sport

18.20 Ensku bikarmörkin

19.20 World's Strongest Man 2007

20.20 Spænski boltinn - Upphitun

20.50 Sevilla - Zaragoza Spænski boltinn

22.50 Box Felix Trinidad - Roy Jones Jr.

23.45 Box Vitali Klitschko vs. Corrie Sandler

00.45 Box Wladimir Klitschko - Lamon Brewster

01.30 Box Wladimir Klitschko - Sultan Ibragimov

SYN2

09.35 Premier League World

10.05 PL Classic Matches

10.35 PL Classic Matches

11.05 Season Highlights

12.05 Enska úrvalsdeildin - Upphitun

12.35 Birmingham - Arsenal Bein útsending frá leik Birmingham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

14.45 Liverpool - Middlesbrough

(Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra. Fulham - West Ham Sýn Extra 2. Portsmouth - Sunderland Sýn Extra 3. Wigan - Derby

17.05 Newcastle - Man. Utd (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Newcastle og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

19.10 4 4 2

20.30 4 4 2

21.50 4 4 2

23.10 4 4 2

SKJÁREINN

11.40 Vörutorg

12.40 Rachael Ray (e)

15.40 Fyrstu skrefin (e)

16.10 Top Gear (e)

17.00 Skólahreysti (e)

18.00 Psych (e)

19.00 Game tívi (e)

19.30 Giada's Everyday Italian (e)

20.00 Bionic Woman (e)

21.00 Boston Legal (e) Denny Crane veðjar við Carl Sack um að hann geti ekki unnið mál þar sem Mexíkói er sakaður um ómannúðlega meðferð á dýrum eftir að hann var staðinn að hanaati. Alan og Lorraine taka að sér mál ungar stúlku sem vill fara í mál við skólann sinn eftir að hún smitaðist af alnæmi.

22.00 Life (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár. Charlie Crews hlaut lífstíðardóm fyrir morð sem hann framdi ekki. Sakleysi hans sannast eftir 12 ár í fangelsinu og hann endurheimtir frelsi sitt. Charlie fær milljónir dollara í skaðabætur og nýtur frelsisins til fulls. Þrátt fyrir ríki-dæmið ákveður hann að snúa aftur í lögregluna og er staðráðinn í að finna mennina sem komu á hann sök í málinu. Meðan hann rannsakar önnur mál með nýjum félagi sínum reynir hann að fletta ofan af svikum í æðstu stöðum.

▶ **23.00 Da Vinci's Inquest** Vönduð sakamálabáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.

00.00 Law & Order (e)

00.50 High School Reunion (e)

01.40 The Boondocks (e)

02.05 Professional Poker Tour (e)

03.35 C.S.I. Miami (e)

04.20 C.S.I. Miami (e)

05.05 Vörutorg

06.05 Óstöðvandi tónlist


N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Opið til 18 um helgar



Afgreiðslutímar

Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18

Kringlan

Í KVÖLD

SÝN2 KL. 17.10

Newcastle - Man. Utd

Stuðningsmenn Newcastle vonuðust eftir betri tíð og blómum í haga þegar liðið réð Kevin Keegan sem knattspyrnustjóra liðsins. Vonast var eftir sóknarbolta af bestu gerð en slíkt þarf að bíða betri tíma því liðið hefur ekki byrjað vel undir stjórn Keegans sem stýrði Newcastle við góðan orðstír á sínum tíma. Liðið virkar sem rjúkandi rúst og ekki bætir það úr skák að Englandsméistarar Man. Utd koma í heimsókn og þurfa nauðsynlega á öllum stigunum að halda í baráttunni við Arsenal á toppi deildarinnar. Leikir liðanna hafa verið afar fjörugir undanfarin ár og ekki við öðru að búast en sama fjörið haldi áfram í dag.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Laugardagslögin - úrslitabáttur Sjónvarpið kl. 20.10

Það er komið að úrslitabættinum í Söngvakeppni Sjónvarpsins og í kvöld velja áhorfendur framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Serbíu í maí. Umsjónarmenn eru Gísli Einarsson og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og útsendingu stjórnar Egill Eðvarðsson.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnir
- 06.50 Bæen
- 07.05 Óskastundin
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Útúr nóttinni... og inni daginn
- 09.03 Út um græna grundu
- 10.15 Kvika
- 11.00 Vikulokin
- 12.00 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Krossgötur
- 14.00 Til allra átta
- 14.40 Í húsinu heima
- 15.20 Brot af íslenskri menningarsögu: Feministar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Orð skulu standa
- 17.00 Flakk
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.26 Hundur í útvarpsal
- 19.00 Heimur óperunnar
- 20.00 Sagnaslóð
- 20.40 Hvað er að heyra?
- 21.30 Úr gullkistunni
- 22.12 Lestur Passíusálma
- 22.19 Á hljóðbergi: Rödd hugmyndaflugsins
- 23.10 Viltir strengir og vangadans
- 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

FA SÍRKUS

- 15.00 Hollyoaks (126:260)
- 15.25 Hollyoaks (127:260)
- 15.50 Hollyoaks (128:260)
- 16.15 Hollyoaks (129:260)
- 16.40 Hollyoaks (130:260)
- 17.55 Skífulistinn
- 18.50 X-Files (10:24)
- 19.35 The George Lopez Show
- 20.00 Logi í beinni
- 20.35 Lovespring International Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótapjónustu.
- 21.05 Big Day Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hlíðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
- 21.30 Wildfire Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
- ▶ 22.15 X-Files Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
- 23.10 The George Lopez Show
- 23.35 Lovespring International
- 00.00 Big Day
- 00.25 Wildfire
- 01.10 Skífulistinn
- 02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

- 8.00 Great Railway Journeys of the World 9.00 Around the World in 80 Days 10.00 EastEnders
- 10.30 EastEnders 11.00 Ever Decreasing Circles
- 11.30 The Weakest Link 12.15 The Weakest Link
- 13.00 Great Romances of the 20th Century 13.30 Great Romances of the 20th Century
- 14.00 The Aristocrats 15.00 Amazon - Truth & Myth 15.30 Amazon Abyss 16.00 Tribe 17.00 EastEnders
- 17.30 EastEnders 18.00 Doctor Who 18.45 Doctor Who Confidential 19.00 My Hero 19.30 My Hero
- 20.00 Mr Harvey Lights a Candle 21.30 The Office
- 22.00 Extras 22.30 Saxondale 23.00 EastEnders
- 23.30 EastEnders 00.00 Mr Harvey Lights a Candle 01.30 The Office

DR 1


- 11.00 TV Avisen 11.10 Boogie Listen 12.10 Hjerteflimmer 12.35 Family Guy 13.00 X Factor
- 14.00 X Factor 14.20 En helt forkert sherif 16.05 OBS 16.10 Før søndagen 16.20 Held og Lotto
- 16.30 Kaj og Andrea 17.00 Når man laver en elefantunge 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 SportNyt 18.05 Mr. Bean 18.30 Max 19.00 Min søsters børn 20.50 Kriminalkommissær Foyle
- 22.25 Anklaget 23.05 Super Sucker

NRK1

- 9.30 NRKs sportslördag 9.55 V-cup kombinert: 10 km langrenn fellesstart 10.35 Sport i dag
- 10.45 Fjellsportfestivalen 10.55 V-cup langrenn: 15 km jaktstart kvinner 11.50 Snøbrett: TTR-serien: Arctic Challenge 13.15 V-cup langrenn: 30 km jaktstart menn 14.20 V-cup kombinert: Hopp
- 14.45 VM skiflyging 2008 16.30 Sport i dag 17.00 Jubalung 17.30 Ping-pong 18.00 Lördagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Borettslaget 19.25 Den store klassefesten 20.25 Med hjertet på rette staden 21.15 Drømmerollen - siste akt 22.00 Kveldsnytt 22.15 The Statement 0.10 Peep Show
- 0.35 Dansefot jukebokks med chat

SVT 1

- 10.30 Plus 11.00 Packat & klart 11.30 Tv-stjärnan
- 12.00 Dubbat 12.30 Andra Avenyn 13.00 Andra Avenyn 13.30 Andra Avenyn 14.00 Uppdrag Granskning 15.00 Antikrundan 16.00 På spåret 17.00 BoliBörpa 17.05 Disneydags 18.00 Livet enligt Rosa 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 Melodifestivalen 2008: Deltävling 3 20.35 Brottskod: Försvunnen 21.15 Kommissarie Lynley 22.45 Rapport 22.50 Out of Practice 23.10 Song for a Raggy Boy



Rás 2 er vinsælasta útvarpsstöð landsins!

Markaðshlutdeild í heildarhlustun, allir landsmenn, landið allt, vikan 11. – 18. febrúar 2008.

Capacent gerði könnunina með rafrænum hætti.



PERSÓNAN



Lárus H. List

Aldur: 51 árs.

Starf: Listamaður.

Fjölskylda: Á tvö börn, Baldur og Guðrúnu Evu, og þrjú barnabörn.

Foreldrar: Hinrik Lárusson verslunarmaður og Ingibjörg Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur.

Búseta: Gránufélagsgata 31, Akureyri.

Stjórnumerkir: Fiskur.

Bandaríska verslunarkerðjan Wal-Mart hefur höfðað mál gegn Lárusi vegna lénsins wal1mart.com.

Leitar stolins gítars á Myspace

Myrra Rós Þrastardóttir, nemi í Listaháskóla Íslands og tónlistarkona, varð fyrir því óláni aðfaranótt fimmtudags að kassagítar sem henni er afar hugfólginn var stolið úr bíl hennar á Grundarstíg. „Ég og Elín Eyþórsdóttir, vinkona mín, vorum að spila á anti-rasisma tónleikum hans Bubba. Eftir tónleikana gleymdi ég gítarnum aldrei þessu vant úti í bíl, og gleymdi að læsa bílnum í þokkabót. Ég áttáði mig á því morguninn eftir þegar ég var á leiðinni í skólann að gítarinn var horfinn,“ útskýrir Myrra.

Hún brá á það ráð að lýsa eftir gítarnum á vefsamfélaginu Myspace, þar sem skilaboð frá henni gengu manna á milli. „Um leið og ég setti mína auglýsingu upp var hún komin út um allt. Fólk sem ég þekki ekki neitt var búið að birta hana hjá sér,“ segir Myrra, sem kveðst ekki hafa búist við svo góðum undirteknum.

Gítarinn er þó enn ekki kominn í leitirnar. Hann er af gerðinni Drexel Starfield Ovation, svartur, með grænum hring í miðjunni. Á honum er brún leðuról. Eins og fram kemur í auglýsingu Myrru hefur gítarinn töluvert meira tilfinningalegt gildi en peningalegt, en hann hefur til að mynda brotnað fjórum sinnum á hálsinum. „Mér þykir mjög vænt um þennan gítar. Þabbi minn átti hann og gaf mér hann í afmælisgjöf þegar ég varð tuttugu og eins,“ útskýrir Myrra. Hægt er að hafa samband við hana á netfanginu myrra07@li.is.

- sun

TILFINNINGALEGT GILDI Stolni gítarinn hefur mun meira tilfinningalegt gildi en peningalegt, að sögn Myrru, en hún fékk hann í afmælisgjöf frá föður sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. máta 6. frá 8. klæðalaus 9. sarg 11. gyltu 12. rok af hafi 14. land í Asíu 16. í röð 17. pfn. 18. ennþá 20. tveir eins 21. velta.

LÓÐRÉTT

1. höfuð 3. í röð 4. mataráhald 5. traust 7. hraustur 10. æxlunarkorn 13. maðk 15. sóða 16. húðpoki 19. núna.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. haus, 3. áb, 4. teski, 5. trú, 7. frækinn, 10. gró, 13. orm, 15. agða, 16. hes, 19. nú.

LÁRÉTT: 2. hátt, 6. af, 8. ber, 9. urg, 11. sí, 12. særokk, 14. kórea, 16. hi, 17. mig, 18. enn, 20. dö, 21. snúna.

Nálastungur
Íslands ehf.Ríkhartur Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental MedicineHeilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Auglýsingasími

512 50 50



BREYTTUR MAÐUR Það er annar Ívar sem undirbýr tónleikana á 7-9-13 í kvöld en sá sem tröllreið allri fjölmiðlaumræðu fyrir einu og hálfu ári. Ívar hefur tekið sig taki og sagt skilið við eiturlyfjadjöfulinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÍVAR ÖRN KOLBEINSSON: ÆTLAR AÐ KJÓSA LITLU SYSTUR Í EUROVISION

Nýr og breyttur Ívar Örn

„Ég gerði ýmsa hluti fyrir sjálfan mig en ætla ekkert að fara út í það nánar. Ég er bara nýr og breyttur maður,“ segir Ívar Örn Kolbeinsson, sem er kominn aftur til Íslands eftir sjálfskipaða eins árs útleið í Kaupmannahöfn. Ívar spilar á nýjum tónleikastað, 7-9-13, í kvöld ásamt hljómsveit sinni The Musik Zoo og var augljóslega fullur tilhlökkunar að leyfa tónlistarþyrstum Reykvíkingum að heyra hvað hann hefði fram að færa.

Ívar Örn var á allra vörum fyrir einu og hálfu ári þegar danssveit in Dr. Mister & Mister Handsome tröllreið öllum vinsældalistum. Fjölmiðlar fylgdu meðlimum hennar hvert fótmál og Ívar lét frá sér digurbarkalegar yfirlýsingar um frjálssar ástir og neyslu

eiturlyfja. Textar hljómsveitarinnar voru mjög umdeildir, enda lofuðu þeir neyslu eiturlyfja og mörgum fannst þeir sýna konum lítilsvirðingu. Allt ætlaði síðan um koll að keyra þegar Ívar birtist á forsíðu Sirkus undir fyrirsögninni „Ætla að djamma þar til ég drepst“. Söngvarinn og laga-höfundurinn er hins vegar breyttur maður í dag, segist hafa snúið við blaðinu enda hafi þetta allt verið komið úr böndunum.

Ívar hefur verið að fást við smíðavinnu í Kaupmannahöfn en tónlistin hefur aldrei verið langt undan. „Og svo hefur maður bara verið að sinna fjölskyldunni sinni,“ en Ívar á eins og hálfis árs gamlan son með unnustunni sinni Hildi Karen. Ívar segist hafa kunnað vel við sig í Danmörku en

reiknar þó ekki með því að fara þangað aftur. Nú sé hann að leita að skólum en hann hyggst setjast á skólabeck og læra hljóðtækni. „Lönd eins og Slóvenía, Holland og Skotland koma vel til greina fyrir þetta.“

Augu fólks beinast hins vegar ekki að Ívari fyrri part kvöldsins í kvöld því litla systir hans, Rebekka Kolbeinsdóttir, syngur sem kunnugt er Eurovisionlagið Ho Ho Ho, We Say Hey, Hey sem er talið sigurstranglegt. Ívar segist að sjálfsgöðu ætla að kjósa litlu systur en var ekki alveg búinn að gera það upp við sig hvort hann ætlaði að mæta í Smáralindina. „Mér finnst þetta alveg rosalega flott lag og er alveg sannfærður um að hún eigi eftir að vinna þetta.“ freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Athafnamaðurinn **Kristján Ragnar Kristjánsson** og leikkonan **Halla Vilhjálmsdóttir** hafa slitið samvistir. Þau höfðu verið saman um nokkurt skeið en ástæða sambandslitanna er sú að þau eru búsett hvort í sínu landinu. Fjarlægðin og tíð ferðalög gerðu því út um sambandið en Kristján og Halla eru að sögn enn perluvínir. Halla er búsett í London þar sem hún reynir að koma sér á framfæri sem leikkona. Kristján býr aftur á móti í Stokkholmi þar sem hann starfar að markaðssetningu gamanleiksins Hellisbúans og fleiri sýninga.



Athylgisverð staða er að koma upp í útgáfumálum eftir að JPV og Edda runnu saman í eina sæng sem Forlagið. Minni bókaútgáfur spretta fram og aðrar sem fyrir voru styrkja sig. Þannig hefur Veröld, þar sem **Pétur Már Ólafsson** ræður ríkjum og stjórnar frá Belgíu, náð að setja önglana sína í metsöluhöfundinn John Grisham en bækur hans voru áður gefnar út hjá Iðunni og Vöku-Helgafelli – útgáfur sem nú eru undir hatti Forlagsins. Pétur Már var reyndar áður hjá Vöku-Helgafelli þannig að hann hefur ekki þurft lengi að fletta í símanúmerabók sinni. Og hrósar nú happi því Grisham er ekki ónýtur höfundur að hafa á sínum snærum.

Stjórn Félags kráareigenda kom saman í vikunni. Meðal þess sem bar á góma var undirbúningur fyrir bjórdaginn 1. mars. **Kormákur Geirharðsson** gerði að tillögu sinni að gott innlegg í þá hátið væri að bjóða upp á bjór á sama verði og var fyrir 19 árum þegar bjórin var lögleiddur. En uppgötvadi í miðri setningu að verðið er það hið sama og var: um fimm hundruð kall víðast hvar. -hdm/jbg



World Trade Center í Reykjavík

World Trade Center rís á hafnarbakkanum í Reykjavík. Reyndar ekki tveir risastórir turnar eins og þeir sem hrundu í New York, heldur World Trade Center Reykjavík, sem er 16.000 fermetra viðskiptamiðstöð. Þar verða skrifstofur, fundarsalir og verslanir. Nýsír hf. er eigandi viðskiptamiðstöðvarinnar og hefur umboð frá og er í samvinnu við World Trade Center Association. Byggingar World Trade Center er að finna í þrjú hundruð borgum í nálægt eitt hundruð löndum og þar er boðið upp á viðskiptaþjónustu á heimsvísu. Húsið verður kennt við World Trade Center og það fyrirtæki hefur starfsemi sína á hálfri hæð. Stærstur hluti hússins verður svo leigður út til ýmissa aðila.

Viðskiptamiðstöðin er hönnuð af Henning Larsen arkitektum, þeim sömu og hönnuðu Nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið og hót-



VELKOMIN Í FRAMTÍÐINA Teikning af innviðum WTC RVK.

elið. Viðskiptamiðstöðin mun halla frá tónlistarhúsinu til að það fái gott pláss og standi eitt og sér. Tónlistarhúsið opnar í desem-

ber á næsta ári en World Trade Center Reykjavík verður ekki í tekið í notkun fyrr en árið 2010 eða 2011. -gh



Das Auto.

BT

BETRA VERÐ Í BT

**20.000,-
VERÐLÆKKUN**

TOSHIBA

Toshiba fartölva
Öflug fartölva með 17" skjá frá Toshiba. Veldu vandað. (Vörunúmer: PSPB3E-06N01GN5) **VERÐ ÁÐUR 119.999,-**

- Intel Dual Core T2330
- 17" WXGA TruBrite skjár
- Intel GMA X3100 skjákort
- 2GB Vinnsluminni (1024x2)
- 160GB SATA Harður diskur
- 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
- DVD skrifari - Dual Layer
- Innbyggður 5 - 1 kortalesari
- Harman Kardon hátalarar
- 6xUSB2 / FireWire / TV out
- Aðeins 3.2kg á þyngd
- Windows Vista™ Premium
- 2gja ára alþjóðleg ábyrgð



17" wide

2 GB ram

99.999,-



15,4" wide

49.999,-

TOSHIBA

Toshiba fartölva
Ódýr fartölva sem hentar vel fyrir þá sem vilja tölvu til að nota í einfalda vinnslu svo sem fyrir internetið. (Vörunúmer: PSL48E-01F00PN5)

- Intel Celeron 530P
- 15.4" WXGA skjár
- Intel GL960 skjákort
- 512MB DDR2 Vinnsluminni
- 80GB Harður diskur
- DVD skrifari Dual Layer
- Windows Vista Basic



15,4" wide

**10.000,-
VERÐLÆKKUN**

89.999,-

TOSHIBA

Toshiba fartölva
Öflug fartölva frá Toshiba. Veldu vandaða fartölvu. (Vörunúmer: PSAE3E-04401JN5) **VERÐ ÁÐUR 99.999,-**

- Intel Dual Core T2310
- 15.4" TFT WXGA TruBrite
- Intel GL960 skjákort
- 2GB Vinnsluminni (2x1024)
- 200GB Harður diskur
- 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
- Innbyggjt BlueTooth
- Innbyggður 5 - 1 kortalesari
- 4xUSB2 / FireWire / TV out
- Aðeins 2,72kg á þyngd
- Windows Vista™ Premium
- 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

**10.000,-
VERÐLÆKKUN**



17" wide

119.999,-

TOSHIBA

Toshiba fartölva
Öflug 17" fartölva sem búið er skjá korti fyrir leikina. (Vörunúmer: PSPB6E-10S02WN5) **VERÐ ÁÐUR 129.999,-**

- Intel Core 2 Duo T5250
- 17" WXGA+ TruBrite skjár
- ATI Mobility Radeon HD2600 256MB
- 2GB Vinnsluminni (1024x2)
- 200GB SATA Harður diskur
- 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
- DVD Skrifari - Dual Layer
- Innbyggjt Bluetooth
- Innbyggður 5 - 1 kortalesari
- 6xUSB2 / FireWire / TV out
- Aðeins 3.2kg á þyngd
- Windows Vista™ Premium
- 2gja ára alþjóðleg ábyrgð



**10.000,-
VERÐLÆKKUN**



15,4" wide

250 GB HD

89.999,-

acer

Acer fartölva
Ódýr en öflug fartölva frá ACER. Útbúinn skjá korti fyrir tölvuleiki. (Vörunúmer: 156445) **VERÐ ÁÐUR 99.999,-**

- AMD Athlon 64 X2 TK-55
- 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
- NVIDIA GeForce 8400 896MB
- 2GB DDR2 Vinnsluminni
- 250GB harður diskur
- Innbyggð vefmyndavél
- Innbyggður mikrafónn
- S-Video, DVI og FireWire tengi
- MS Windows® Vista Home Premium





BAKÞANKAR
Guðmundur
Steingrímssonar

Ný orð

Nú í vikunni áttaði ég mig á því að í öllum fréttum og víða annars staðar úti í þjóðfélaginu var fólk að nota orð sem ég skildi ekki. Þetta er orðið „skuldtryggingarálag“. Líkt og alltaf þegar svona staða kemur upp, og ég uppgötva að fólk er að nota orð sem ég skil ekki, reyni ég að láta lítið á bera, set upp píreygða, hugsandi svipinn minn og reyni að segja eitthvað um málið sem er nógu almennt, en þó ekki, til þess að hljóma gáfulega.

ÉG held ég hafi þannig náð að halda nokkurn veginn haus og komast skammlaust frá þeim samræðum þar sem „skuldtryggingarálag“ bar á góma. Raunar grunadi mig að flestir þeir sem tóku þátt í þeim samræðum með mér, á götum úti, í heimahúsum eða annars staðar, hafi ekki heldur haft hugmynd um það hvað orðið þýddi.

MÉR virðist raunar Íslendingar vera orðnir ansi lunknir í því að taka sér svona ný orð í munn, sem hafa orðið til í veröld fjármálanna og hafa á sér tæknilegt yfirbragð. Um aldamótin síðustu var til dæmis annar hver maður með hugtök verðabréfamarkaðarins á hreinu og var um það bil að fara „að taka stöðu“ í fyrirtæki. Svo um 2004 eða svo var öll þjóðin að tala um lán og vexti. Þá komu hugtök eins og „gengisáhætta“ sterk inn. Mig grunar að þjóðin hafi gaman af því að láta svona orð leika sér í munni. Þau hljóma sannfærandi.

BARA við það að segja orðið „skuldtryggingarálag“ upphátt líður mér til dæmis miklu betur. Ég finn talsvert til mín, svo ekki sé talað um þegar ég næ að fylgja orðinu úr hlaði með réttum augnsvip og hárnákvæmri handahreyfingu. Slíkt steinliggur ef tímasetningin er rétt.

SÍÐAN er það auðvitað alltaf dásamlegt andartak þegar maður loksins uppgötvar hvað svona orð þýðir. Það er í raun spennuþrungin athöfn. Var maður að nota orðið rétt eða var maður í ruglinu? Nú undir lok vikunnar komst ég að merkingu orðsins með því að lútleða blaðagrein í einrúmi. Mér sýnist ég hafa hitt á rétta merkingu.

BANKARNIR þykja sem sagt varasamir í augum erlendra matstofnana. Þeir fá verri lánskjör. Þeir þykja standa á veikum grunn. „Hátt skuldtryggingarálag“ er orðasamband ársins hingað til. Engin spurning. Allt er á niðurléið. Hvílíkir tímar. Sá eini sem græðir eitthvað er Birkir Jón.

Allt fyrir veisluna þína!




BLANDA BLANK skál, ryðfrítt stál Ø28 H13 cm 895,-

195,-

REKO vínglós, glært gler 6 stk. 16 cl. H13 cm

CHARM tappatogarar, ýmsir litir L18 cm 395,-/stk.



SODA sogrör, ýmsir litir 200 stk. L21 cm 195,-



SYNTES SKISS servíettur hvítt/grænt 50 stk. 33x33 cm 295,-



PLASTIS ismolabakkar, ýmsir litir L18xB18, H2,5 cm 150,-/stk.



TERJE fellistólar, brúnt B44xD51, H77 cm 1.990,-/stk.



SYNTES KONST skálasett 1 stk. Ø14 H4 cm og 1 stk. Ø12 H5 cm 395,-/2 saman

695,-

PAGOD karafla 1,8 l. glært gler/matt gler 695,-



JEFF fellistóll, rautt B42xD49, H78 cm 990,-



IKEA STOCKHOLM sófaborð, gler svart/ál Ø96 H45 cm 18.950,-



CHARM upptakarar, ýmsir litir L14,5 cm 95,-/stk.



SEKIN skál, birki Ø28 H13 cm 695,-




SMYCKA gerviblóm, Gerbera ýmsir litir 195,-/stk.



POKAL snafsaglós, glært gler 5 cl. 6 stk. 195,-



RIAN hliðarborð, svart/nikkelhúðað L50xB30, H55 cm 990,-



LISBET borðdúkur, hvítt/blátt 145x220 cm 1.490,-



SNUDDA snúningsdiskur, birki Ø39 cm 895,-

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn
23. febrúar, 54. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.58	13.41	18.25
Akureyri 8.49	13.25	18.04

Heimild: Almanak Háskólans

<p>Morgunmat frá kl. 9:00 - 11:00 mánudaga - laugardaga</p> <p>195,-</p> <p><small>IKEA FOOD</small></p>	<p>Kjúklingalæri með kúskús, grilluðu grænmeti og BBQ jógúrtósú</p> <p>640,-</p> <p><small>IKEA FOOD</small></p>	<p>Opið virka daga 10:00 - 20:00 Opið laugardaga 10:00 - 18:00 Opið sunnudaga 12:00 - 18:00 Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun</p> <p>www.IKEA.is</p>
---	---	--